





ALDARAFMÆLI SJÁLFSTÆÐIS OG FULLVELDIS ÍSLANDS

„Þetta var einstök upplifun. Fólki vöknaði um augu þegar það horfði á ríkisfána Íslands dreginn að hún á Stjórnarráðsbyggingunni í Reykjavík í fyrsta sinn klukkan tólf á hádegi sunnudaginn 1. desember 1918. Draumur þjóðarinnar um sjálfstæði hafði ræst.“

Gunnar Þór Bjarnason,
Hinir útvöldu. Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918 (kápútexti).

SKÝRSLA AFMÆLISNEFNDAR
MARS 2019



Útgefandi: Afmælisnefnd aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.
Ábyrgðaraðilar: Einar K. Guðfinnsson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Hönnun: Aðalsteinn Svanur slf.
Prentun: Leturprent

Reykjavík 2019

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	4	6. KYNNINGARMÁL	56
ÁVARP FORMANNS	5	6.1. Kynningar á verkefnum	56
1. INNGANGUR	6	6.2. Auglýsingar	57
2. STARF AFMÆLISNEFNDAR	8	6.3. Samfélagsmiðlar	59
2.1. Ráðning framkvæmdastjóra	9	6.4. Kynningar 1. desember	60
2.2. Merki afmælisársins	9	7. FJÁRHAGUR AFMÆLISNEFNDAR	61
2.3. Pipar/TBWA	9	8. ÖNNUR VERKEFNI Í ÞINGSÁLYKTUN	63
2.4. Vefsíða afmælisársins – fullveldi1918.is	10	8.1. Hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum	64
2.5. Uppbygging og innihald vefsíðunnar	10	8.2. Hátíðarhöld ríkisstjórnarinnar 1. desember	65
2.5.1. Dagskrá ársins og skráning viðburða	10	8.3. Samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðs- byggingar og skipulag á Stjórnarráðsreit	67
2.5.2. Fréttir og fréttabréf	10	8.4. Uppbygging innviða fyrir máltækni	68
2.5.3. Hvað viltu vita um 1918?	11	8.5. Náttúruminjasafn Íslands – Vatnið í Náttúru Íslands	69
2.5.4. Um afmælisárið	11	8.6. Stefnumörkun og framtíðaruppbygging þjóðgarðsins á Þingvöllum	70
2.5.5. Skrá viðburð	11	8.7. Sýning um sögu Þingvalla og náttúrufar	70
3. ÞINGSÁLYKTUNARVERKEFNI	12	9. AÐ LOKUM	71
3.1. Útgáfa tveggja rita í samstarfi við Sögufélagið	12	10. VIÐAUKAR	73
3.1.1. Kynningar og viðburðir	13	10.1. Þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.	75
3.2. Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár	14	10.2. Viðburðir á dagskrá afmælisársins flokkaðir eftir landsvæðum	79
3.2.1. Aðstandendur sýningarinnar	15	10.2.1. Höfuðborgarsvæðið	80
3.2.2. Sýningarskrá	16	10.2.2. Vesturland	90
3.2.3. Viðburðadagskrá	16	10.2.3. Vestfirðir	92
3.2.4. Fræðsludagskrá fyrir skóla	18	10.2.4. Norðurland vestra	93
3.2.5. Kynning og gestafjöldi	19	10.2.5. Norðurland eystra	94
3.3. Heildarútgáfa Íslendingasagna	20	10.2.6. Austurland	96
3.4. Fræðsluefni	21	10.2.7. Suðurland	97
4. ÖNNUR VERKEFNI AFMÆLISNEFNDAR	24	10.2.8. Suðurnes	98
4.1. Fullveldismynd – Fullveldi 1918–2018	24	10.2.9. Landsverkefni	99
4.2. Samkeppni um kórlag	25	10.2.10. Erlendis	102
4.3. Samstarf	28	10.3. Viðburðir 1. desember	106
5. DAGSKRÁ AFMÆLISÁRSINS	33	10.4. Viðmið um mat á verkefnum og áherslur verkefnasjóðs	108
5.1. Val á verkefnum	34	10.5. Starfshættir við mat verkefna	110
5.1.1. Greining á umsóknum og úthlutun	39	10.6. Samningar við styrkþega	111
5.1.2. Samningar og lokaskýrslur	40	10.7. Lokaskýrsla styrkþega	113
5.1.3. Þátttökuvíðburðir	40	10.8. Leiðbeiningar um notkun merkis afmælisársins	115
5.2. Fullveldisdagurinn 1. desember 2018	41	10.9. Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár – listi yfir gripi á sýningunni	123
5.3. Viðburðir erlendis	46		
5.4. Greining á verkefnum á dagskrárvef afmælisársins	47		
UMSAGNIR SAMSTARFSADILA	50		

ÚTDRÁTTUR

- Afmælisnefnd lauk þeim verkefnum sem henni voru falin í þingsályktun um hvernig minnst skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.
 - 17. júní: útgáfudagur hátíðarútgáfu Íslendingasagna í samstarfi við Saga forlag.
 - 17. júlí: opnun sýningarinnar Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár í Listasafni Íslands. Sýningin stóð til 16. desember.
 - 8. nóvember: útgáfudagur tveggja bóka í samstarfi við Sögufélagið; Hinir útvöldu: Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918 og Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018.
 - Skólar voru hvattir til að líta til tímamótanna og fræðsluefni var aðgengilegt á vefsíðu afmælisársins undir flokknum *Hvað viltu vita um 1918?*
- 459 viðburðir voru skráðir á dagskrárvef afmælisársins. Þar af voru 268 styrktir af afmælisnefnd, að undangenginni auglýsingu og valferli, og 191 þátttökviðburður.
- 287 þúsund gestir sóttu viðburði sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins og voru tæplega 15 þúsund einstaklingar virkir þátttakendur í viðburðunum.
- Áætlanir afmælisnefndar, bæði verkefna- og fjárhagsáætlun, stóðust og skilar nefndin af sér innan fjárheimilda.
- Gerð er grein fyrir öðrum verkefnum sem tilgreind eru í þingsályktun en eru hvorki framkvæmd af afmælisnefnd né á ábyrgð hennar.

ÁVARP FORMANNS

Ótrúleg menningarleg fjölbreytni á aldarafmæli fullveldisins

1918 er sannarlega eitt mikilvægasta árið í sögu okkar þjóðar frá upphafi, með því að Ísland varð fullvalda ríki 1. desember það ár. Því fór vel á því að mikil samstaða skapaðist á Alþingi um að minnst þess með margvíslegum hætti. Í þingsályktun sem samþykkt var samhljóða um hvernig afmælisins skyldi minnst voru teknar mikilvægar ákvarðanir, sem þingkjörinni afmælisnefnd var falið að framkvæma og henni enn fremur falið að skipuleggja þessi tímamót með margvíslegum hætti.

Nefndin ákvað að leita beint til þjóðarinnar í þessum efnum. Er óhætt að segja að almenningur hafi tekið ósk okkar vel. Mikill fjöldi viðburða fór fram allt afmælisárið og um land allt með stuðningi frá nefndinni. Þar komu að málum menningarstofnanir okkar, félagasamtök, einstaklingar, sveitarfélög og fleiri aðilar. Árið 2018 einkenndist því af ótrúlegri menningarlegri fjölbreytni sem varla fór framhjá nokkrum Íslendingi. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum og aðsókn að þessum viðburðum varð sömuleiðis óviðjafnanleg. Fyrir það ber að þakka.

Ánægjulegt er að geta greint frá því að þrátt fyrir að umsvifin hafi verið mikil var kostnaður vel innan þeirra marka sem að var stefnt og fjárheimildir gerðu ráð fyrir.

Nú að loknu afmælisárinu vil ég fyrir hönd afmælisnefndarinnar þakka öllum þeim sem hlut áttu að máli við að gera þetta mikla ár svo einstætt. Stjórnvöld studdu vel við bak okkar við þessa vinnu alla. Alþingi veitti okkur starfsaðstöðu og annaðist reikningshald fyrir nefndina. Menningarstofnanir voru áhugasamar um verkefni afmælisársins, sem og allir þeir sem komu að þeim sérstöku verkefnum sem okkur var beinlínis falið að hrinda í framkvæmd.

Mikil samstaða var á meðal nefndarmanna allra sem ætíð voru reiðubúnir til að leggja hönd á plóg. Fyrir hönd nefndarinnar færði ég Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, framkvæmdastjóra og eina starfsmanni hennar, alúðarþakkir fyrir óeigingjarnt og mikið starf.

Undirbúningur og framkvæmd afmælisárs af þessu tagi er í senn flókið og ögrandi verkefni. Sífelld koma upp álitamál sem greiða þarf úr, enda á margan hátt um einstætt verkefni að ræða. Mikilvægt er að við lærum af þessu til framtíðar og er skýrsla sú sem hér fylgir liður í því sem og að festa á blað yfirlit um þetta mikla hátíðarár.

Einar K. Guðfinnsson
formaður afmælisnefndar



Einar K. Guðfinnsson,
formaður afmælisnefndar.

1. INNGANGUR

Þann 13. október 2016 var samþykkt á Alþingi þingsályktun* um hvernig minnst skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Í þingsályktuninni var kveðið á um að kjósa skyldi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að undirbúa hátíðarhöld árið 2018 í samræmi við þingsályktunina.

Á þingfundi 22. desember sama ár fór fram kosning í afmælisnefnd. Í nefndina voru kosin Einar K. Guðfinnsson, Þórunn Sigurðardóttir, Einar Brynjólfsson, Þorsteinn Sæmundsson, Páll Rafnar Þorsteinsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Kristján Möller.

Að loknum alþingiskosningum haustið 2017 fjölgaði flokkum á Alþingi um tvo og í kjölfarið bættust við tveir nýir nefndarmenn. Ólafur Ísleifsson og Sigrún Magnúsdóttir tóku sæti í nefndinni í upphafi árs 2018.

Starf afmælisnefndar byggir á áðurnefndri þingsályktun, d-lið, þar sem kveðið er á um í verkefni nefndarinnar:

- láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;
- stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;
- stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem staf-rænu formi;
- hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

* Sjá þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands í viðauka 10.1.

Auk verkefna sem afmælisnefnd var falið var kveðið á um að halda hátíðarfund á Þingvöllum 18. júlí 2018. Undirbúningur og framkvæmd fundarins var í höndum Alþingis. Einnig var ríkisstjórninni falið að efna til hátíðarhalda 1. desember og efna til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulag á Stjórnarráðsreit.

Í þingsályktuninni ályktaði Alþingi einnig að:

- fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð yrði fyrir Alþingi vorið 2017, yrði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns;
- fela ríkisstjórninni að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni;
- fela Þingvallanefnd að ljúka stefnumörkun fyrir framtíðaruppbyggingu þjóðgarðsins á Þingvöllum og efna til sýningar um sögu Þingvalla og náttúrufar.

Hér verður farið yfir starf afmælisnefndar og framkvæmd verkefna sem henni voru falin samkvæmt þingsályktun. Einnig er fjallað stuttlega um önnur verkefni sem tilgreind eru í þingsályktuninni en voru á ábyrgð annarra aðila.

2. STARF AFMÆLISNEFNDAR

Á fyrsta fundi afmælisnefndar, þann 6. janúar 2017, var Einar K. Guðfinnsson einróma kjörinn formaður afmælisnefndar. Afmælisnefnd auglýsti eftir framkvæmdastjóra og réð Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, sem var eini starfsmaður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri var með aðsetur á skrifstofu Alþingis og naut aðstoðar skrifstofunnar, m.a. með fundaaðstöðu, bókhald og prófarkalestur. Ákveðið var að skipa framkvæmdastjórn til að vinna með framkvæmdastjóra milli funda afmælisnefndar. Formaður gerði tillögu um að í framkvæmdastjórn yrðu auk hans Þórunn Sigurðardóttir og Guðlaug Kristjánsdóttir. Vegna anna sagði Guðlaug Kristjánsdóttir sig úr framkvæmdastjórn í upphafi árs 2018 og tók Kristján L. Möller hennar sæti. Framkvæmdastjórn var bakhjarl framkvæmdastjóra og til aðstoðar milli funda afmælisnefndar.



Afmælisnefnd, f.v. Páll Rafnar Þorsteinsson, Einar Brynjólfsson, Ólafur Ísleifsson, Sigrún Magnúsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Þórunn Sigurðardóttir og Kristján L. Möller.

Afmælisnefnd kynnti sér hvernig staðið hafði verið að undirbúningi og framkvæmd fyrri hátíðarhalds, m.a. 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna og 100 ára sjálfstæðisafmælis Finnlands, og litið var til reynslu Finna við undirbúning afmælisársins.

Afmælisnefnd tók strax í upphafi þá ákvörðun að hátíðarhöldin myndu standa allt árið og fara fram um land allt. Lagt var upp úr virkri þátttöku stofnana, félagasamtaka, sveitarfélaga og almennings. Markaðist undirbúningur og framkvæmd afmælisársins af því sem og fjárhagsgramma afmælis-

nefndar. Til að ná fram virkri þátttöku var ákveðið að auglýsa eftir tillögum að verkefnum á dagskrá afmælisársins. Með því að leitast við að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta og þátttöku landsmanna almenna var hvatt til þess að framtíðarsýn og nýsköpun kæmi skýrt fram í verkefnum á dagskrá afmælisársins. Var það von afmælisnefndar að eftir árið yrði aukin vitund og þekking um þessi mikilvægu tímamót í sögu þjóðarinnar.

Hér verður farið yfir störf nefndarinnar og heildardagskrá afmælisársins.

2.1. Ráðning framkvæmdastjóra

Í lok janúar var auglýst eftir framkvæmdastjóra og var Capacent falin umsjón með umsóknarferlinu. Umsóknarfrestur rann út 20. febrúar og búrúst 79 umsóknir. Þórunn Sigurðardóttir var tengiliður við Capacent og auk hennar tóku Guðlaug Kristjánsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson þátt í viðtölum við valda umsækjendur. Capacent mat umsækjendur og voru 14 umsækjendur boðaðir í viðtal. Sex umsækjendur voru boðaðir í annað viðtal og skiluðu inn verkefni sem þau kynntu. Eftir stóðu tveir umsækjendur sem mættu fyrir fullskipaða afmælisnefnd. Ákveðið var að ráða Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur og hóf hún störf 1. júní 2017.

2.2. Merki afmælisársins

Farið var í lokaða samkeppni um merki afmælisársins. Fimm auglýsingastofum var boðin þátttaka og fjórar þáðu boðið. Þann 26. júní 2017 komu auglýsingastofurnar á fund afmælisnefndar og kynntu tillögurnar. Ein auglýsingastofan boðaði forföll en fulltrúar þriggja stofa kynntu alls sjö tillögur. Fyrir valinu varð tillaga frá auglýsingastofunni Pipar/TBWA. Merkið var hannað með það í huga að fanga anda 100 ára afmælis fullveldis Íslands. Litirnir eru rauður, blár og hvítur og mynstur merkisins sækir fyrirmynd sína til skrauthnúta íslenskra víkinga. Bylgjur þess og óendanleiki lykkjunnar standa fyrir sterk bönd samfélagsins.

2.3. Pipar/TBWA

Í framhaldi af samkeppni um merki afmælisársins gerði afmælisnefnd samning við Pipar/TBWA um hönnun á útliti auglýsinga, kynningarefnis, vefsíðu og ímynd afmælisársins. Lagt var upp með að ímynd ársins yrði faguð, bjóðandi og nútímaleg. Einnig var Pipar/TBWA falið að vinna leiðbeiningar um notkun merkis afmælisársins sem voru síðan aðgengilegar á vefsíðu afmælisnefndar. Í samningnum var Pipar/TBWA einnig falið að vakta og setja efni inn á facebook-síðu afmælisársins í samvinnu við framkvæmdastjóra.





Skjáskot af vefsíðu afmælisársins.

2.4. Vefsíða afmælisársins – fullveldi1918.is

Unnin var þarfagreining fyrir vefsíðu afmælisársins. Lögð var áhersla á að hafa hana einfalda, skýra og aðgengilega. Lagt var upp með að vefsíðan yrði kynningar- og fræðsluvettvangur fyrir afmælisárið. Þar yrði m.a. að finna dagskrá afmælisársins, fréttir, fræðslu og hægt yrði að sækja um verkefna- styrki og skrá verkefni á dagskrána.

Leitað var eftir tilboðum í vefsíðu hjá tveim aðilum út frá áður nefndri þarfagreiningu. Ákveðið var að ganga að tilboði frá Stefnu sem var hagstæðara, auk þess sem útfærslur voru góðar og lausnir skýrar. Samið var við Stefnu um vefsíðugerðina og opnaði síðan í september 2017. Útlitshönnun var í höndum Pipar/TWBA.

2.5. Uppbygging og innihald vefsíðunnar

Mikil vinna felst í því að halda úti vefsíðu og því var lagt upp úr því að vefsíðan væri aðgengileg og einföld, bæði fyrir notendur og stjórnanda. Á síðunni er fjallað um verkefni á dagskrá afmælisársins, verkefni í þingsályktun og fréttir af starfi afmælisnefndar. Efnisflokkar vefsíðunnar eru fimm. Hér verður farið yfir efnisflokkana og gerð grein fyrir því sem þar er að finna.

2.5.1. Dagskrá ársins og skráning viðburða

Vefsíðan var m.a. byggð upp sem kynningarvettvangur afmælisársins. Viðburðahaldarar skráðu viðburði sína á dagskrárvefinn. Farið var yfir alla innsenda viðburði og ef þeir féllu að markmiðum sem og áherslum afmælisársins, sem kynnt voru með auglýsingum og á vefsíðu, voru þeir samþykktir. Viðburðir voru flokkaðir eftir landsvæðum og fimm undirflokkum: ráðstefnur/fræðsla, menningarviðburðir, sýningar/söfn, fyrir fjölskylduna og aðrir viðburðir/verkefni. Hægt er að leita að viðburðum eftir landsvæðum og flokkum. Tenging er á vefsíðu viðkomandi og hægt er að sjá staðsetningu viðburða á korti. Skráningarformið reyndist einfalt í notkun og aðgengilegt. Skráðir viðburðir á vefsíðu afmælisársins eru 459.

2.5.2. Fréttir og fréttabréf

Á vefsíðunni eru birtar fréttir af starfi afmælisnefndar og verkefnum í þingsályktun. Birtar voru 37 fréttir á síðunni. Hægt var að skrá sig á póstlista og fá sent vikulegt fréttabréf þar sem viðburðir næstu viku voru kynntir. Allar fréttir sem skráðar voru á síðuna voru einnig sendar út á póstlistann. Send voru út 74 fréttabréf og fréttir af starfi afmælisnefndar. Á póstlistann voru skráð tæplega 2.000 netföng þegar mest var.

2.5.3. Hvað viltu vita um 1918?

Eitt af hlutverkum vefsíðunnar var að vera fræðsluvettvangur og er efnisflokkurinn *Hvað viltu vita um 1918?* tileinkaður fræðslu. Þar er að finna fimm undirflokkka: *Fullveldi Íslands 1918–2018* þar sem er að finna stuttmyndina Fullveldi Íslands 1918–2018 á þrem tungumálum; *Námsefni fyrir börn og ungt fólk* þar sem er að finna námsefni og ýmsan fróðleik sem tengist fullveldisárinu. Nánar er fjallað um námsefnið í kafla 3.2.4. Flokkurinn *Fræðsluefni og greinar* inniheldur fræðsluefni fyrir alla aldurshópa, s.s. lista yfir bækur og greinar, tengla á ráðstefnur og fyrirlestra sem fóru fram á afmælisárinu og tengla á efni sem tengist fullveldinu. Í einum flokknum eru *Sambandslögin* á þrem tungumálum. Síðasti undirflokkurinn ber heitið *Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár* og þar er að finna myndband sem er byggt upp sem leiðsögn um sýninguna Lífsblómið sem var í Listasafni Íslands. Þar er einnig að finna umfjöllun Lestarinnar um sýninguna.

2.5.4. Um afmælisárið

Þessi efnisflokkur inniheldur upplýsingar um afmælisárið, kveðju forseta Íslands og ávörp forsætisráðherra og formanns afmælisnefndar. Einnig er að finna upplýsingar um afmælisnefnd, framkvæmdastjóra, merki afmælisársins og leiðbeiningar um notkun þess sem og upplýsingar fyrir styrkþega og lokaskýrsluform fyrir verkefni sem styrkt voru af afmælisnefnd.

2.5.5. Skrá viðburð

Síðasti efnisflokkurinn á síðunni er skráningarform fyrir viðburði á dagskrá afmælisársins, áherslur afmælisnefndar við val á verkefnum á dagskrána.

3. ÞINGSÁLYKTUNARVERKEFNI

Í þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands er afmælisnefnd falin umsjón fjögurra verkefna: Útgáfu bóka í samvinnu við Sögufélagið, endurútgáfu Íslendingasagna, að setja upp sýningu í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

3.1. Útgáfa tveggja rita í samstarfi við Sögufélagið

Í þingsályktun er afmælisnefnd falið að láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar í samstarfi við Sögufélagið.

Gerður var samningur við Sögufélagið þar sem m.a. kemur fram lýsing á útgáfunum, útgáfudagur, hlutverk og réttindi og áætlun um kostnað, útgreiðslur og uppgjör. Sjá nánar um fjármál og samninga afmælisnefndar í kafla 7.

Gunnar Þór Bjarnason var ráðinn til ritunar bókarinnar *Hinir útvöldu: Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918*. Í bókinni er rakinn aðdragandinn að sjálfstæði og fullveldi Íslands, sagt er frá eftirminnilegum einstaklingum, hörðum átökum og þjóðlífi í skugga heimsstyrjaldar og áfalla hið viðburðaríka ár 1918.

Í greinasafninu *Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018* velta 13 fræðimenn fyrir sér spurningunum: Hvaða hugmyndir hafa Íslendingar gert sér um fullveldi? Er hægt að framselja hluta þess? Hvaða áhrif hefur það haft á íslenskt samfélag og samskipti þess við önnur ríki? Getur Ísland haldið fullveldi sínu í hnattvæddum heimi? Í bókinni er fullveldið skoðað frá ólíkum sjónarhornum sagnfræðinga, stjórnmálafræðinga og lögfræðinga. Ritstjóri bókarinnar er Guðmundur Jónsson og auk hans var ritnefndin skipuð þeim Guðmundi Hálfðanarsyni, Ragnhildi Helgadóttur og Þorsteini Magnússyni.

Bækurnar komu út 8. nóvember og af því tilefni var haldið útgáfuhóf í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem forseta Íslands og forseta Alþingis voru afhent fyrstu eintökin af bókunum. Bækurnar eru innbundnar, hvor um sig ríflega 400 síður að lengd og ríkulega myndskreyttar. Bækurnar hafa hlotið lofsamlega dóma gagnrýnenda og viðtökur almennings hafa verið góðar.



3.1.1. Kynningar og viðburðir

Bækurnar voru kynntar bæði með auglýsingum í helstu fjölmiðlum og voru samfélagsmiðlar mikið nýttir til kynninga. Einnig birtust viðtöl við Gunnar Þór Bjarnason og umfjallanir um bækurnar í fullveldisblöðum beggja stóru dagblaðanna, Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. Þá hafa höfundar komið fram á fjölmörgum viðburðum og lesið upp úr bókunum.

Í tengslum við útgáfu á greinasafninu voru haldnir þrjár umræðufundir í Norræna húsinu sem Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Sögufélag skipulögðu í samráði við afmælisnefnd. Fundirnir voru mjög vel sóttir og fjörugar umræður sköpuðust um fullveldið, merkingu þess og mikilvægi.

Umræðufundir og efni þeirra:

- Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd. 14. nóvember kl. 17, Norræna húsið. Framsögu höfðu Guðmundur Jónsson prófessor, Skúli Magnússon héraðsdómari, Rósa Björk Brynjólfsdóttir alþingismaður og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor. Fundarstjóri var Stefanía Óskarsdóttir dósent.
- Fullveldi: Hvað er það? 21. nóvember kl. 17, Norræna húsið. Framsögu höfðu Guðmundur Hálfðanarson prófessor, Ragnhildur Helgadóttir prófessor og Magnús K. Hannesson lögfræðingur. Eiríkur Bergmann stýrði umræðu.
- Fullveldið í hættu? 26. nóvember kl. 17, Norræna húsið. Framsögu höfðu Silja Bára Ómarsdóttir dósent, Finnur Magnússon, lögmaður og aðjúnkt, Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur og Dóra Sif Tynes, lögfræðingur og varaþingmaður. Fundarstjóri var Guðmundur Magnússon blaðamaður.

Auk þess var haldið höfundakvöld Sögufélags hjá Rithöfundasambandi Íslands 22. nóvember og Gunnar Þór Bjarnason leiddi sögugöngu undir yfirskriftinni Í fótspor hinna útvöldu 25. nóvember.

3.2. Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár

Í þingsályktun er afmælisnefnd falið að stofna til sýningar í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á handritum stofnunarinnar til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Strax í upphafi árs 2017 var fundað með Guðrúnu Nordal forstöðumanni um sýninguna. Gerður var samningur við stofnunina þar sem m.a. kom fram lýsing á sýningunni, ákvæði um útgáfu sýningarskrár, sýningartímabil, ábyrgð, réttindi og framlög, útgreiðslur og uppgjör vegna sýningarinnar. Sjá nánar um fjármál og samninga afmælisnefndar í kafla 7.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leitaði samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands og Listasafn Íslands um gerð sýningarinnar. Söfnin ákváðu að setja upp sýningu sem væri í meginatriðum byggð á safnkosti þeirra en hugsanlega með lánum á efni frá fleiri aðilum hér heima og erlendis. Sýningin var sett upp í Tjarnarsal Listasafnsins, opnuð þriðjudaginn 17. júlí og stóð til sunnudagsins 16. desember 2018.

Guðrún Nordal og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir undirrita samkomulag um sýninguna Lífsblómið á kálfskinn. Mynd: Listasafn Íslands.



Markmið og efni sýningarinnar var að minnast 100 ára fullveldis með því í fyrsta lagi að fjalla um aðdraganda fullveldis og forsendur þess og í öðru lagi að rekja meginatburði í 100 ára sögu fullveldisins og draga fram lykilatriði í samfélagsþróuninni. Þetta var gert með því að sýna mikilvæg handrit, skjöl og listaverk sem sýndu þessa sögu beinlínis eða tengdust henni með skýrum hætti. Saga þjóðar, menningar, tungu, sjálfstæðisbaráttu, samfélagsþróunar og sjálfsmyndar til okkar daga var í brennidepli. Markmiðið var að sýningin yrði sjónrænt áhrifarík þar sem tímamótanna væri minnst með listrænum og nútímalegum hætti.

Á sýningunni voru sýnd í fyrsta skipti á Íslandi tvö af helstu miðaldahandritum Íslendinga, sem fengin eru að láni frá Árnasafni við Kaupmannahafnarháskóla. Reykjabók Njálu er handrit frá upphafi 14. aldar sem geymir afar heillegan texta Brennu-Njálssögu og er sérstaklega merkileg fyrir þær sakir að fleiri vísur koma fyrir í sögunni en í öðrum handritum. Ormsbók Snorra-Eddu er frá miðri 14. öld og geymir Snorra-Eddu auk fjögurra málfræðiritgerða. Þar ber helst að nefna fyrstu málfræðiritgerðina sem er frá 12. öld og Rígsþulu, eitt af eddukvæðum, sem aðeins er varðveitt í Ormsbók.


Fjöldmörg áhugaverð verk voru á sýningunni. Lista yfir verkin á sýningunni er að finna í viðauka 10.9.

3.2.1. Aðstandendur sýningarinnar

Forstöðumenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands skipuðu verkefnisstjórn sýningarinnar. Árnastofnun auglýsti eftir sýningarstjóra og var Sigrún Alba Sigurðardóttir ráðin í tímabundið starf frá og með byrjun ársins 2018. Sigrún var valin úr hópi 19 umsækjenda. Verkefnisstjórn um sýninguna (skipuð forstöðumönnum Árnastofnunar, Þjóðskjalasafns og Listasafns Íslands) fór yfir umsóknirnar.

Sigrún Alba bar ábyrgð á að leiða vinnu við gerð og uppsetningu sýningarinnar, stýra vinnu við mótun og framsetningu sýningarefnis og semja handrit að sýningunni í samstarfi við fulltrúa safnanna, þar með talið val á efni og gerð sýningartexta.

Í sýningarnefnd voru Birta Guðjónsdóttir (Listasafni Íslands), Unnar Ingværsson (Þjóðskjalasafni Íslands) og Þórunn Sigurðardóttir (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum). Forverðir stofnananna unnu náið með sýningarstjóra og sýningarnefnd, en þau eru Karen Sigurkarlsdóttir (Þjóð-




Lífsblómið, samkomulag undirritað á kálfskinn. Mynd: Listasafn Íslands.

skjalasafni Íslands), Ólafur Ingi Jónsson (Listasafni Íslands) og Vasaré Rastonis (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum).

Samstarfsaðilar voru Árnasafn við Kaupmannahafnarháskóla, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Gerðarsafn, i8 Gallery, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listahátíð í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur, Ríkisskjalasafn Danmerkur, RÚV, Varma og Þjóðminjasafn Íslands.

Fjölmarginir aðilar komu að gerð sýningarinnar. Grafísk hönnun var í höndum Snæfríðar Þorsteins, arkitektar voru Hólmsfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir hjá Arkibúllunni, ljósahönnun var í höndum Rósu Daggar Þorsteinsdóttur og Magnúsar B. Þórðarsonar hjá Verkhönnun. Þýðingar og prófarkalestur: Björg Árnadóttir, Andrew Cauthery og Svanhildur María Gunnarsdóttir. Öryggisráðgjöf: Böðvar Tómasson hjá EFLU verkfræðistofu.



Lífshlómið, forsiða sýningarskrár.

3.2.2. Sýningarskrá

Í tengslum við sýninguna var gefin út sýningarskrá á íslensku og ensku. Ritstjóri var Þórður Ingi Guðjónsson. Höfundar texta: Dagný Heiðdal, Guðmundur Hálfðanarson, Guðrún Nordal, Oddný Eir Ævarsdóttir, Sigrún Alba Sigurðardóttir, Sjón og Þórunn Sigurðardóttir. Hönnun sýningarskrár: Snæfríð Þorsteins. Prófarkalestur: Svanhildur María Gunnarsdóttir og Þórður Ingi Guðjónsson. Útgefandi: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík 2018.

Sýningarskráin var til sölu í Listasafni Íslands meðan á sýningunni stóð.

3.2.3. Viðburðadagskrá

Kynningarstjórar stofnananna þrjú unnu náið saman og settu saman viðburðadagskrá frá miðjum september og til sýningarloka. Auglýstir voru 17 viðburðir, 10 leiðsagnir, þrjú málþing undir yfirskriftinni: fullveldi á föstudegi, handritasmiðjur fyrir börn og gæðastund fyrir eldri borgara. Á fullveldisdaginn var hátíðardagskrá, ókeypis aðgangur var að sýningunni þann dag og sérfræðingar frá stofnununum sem stóðu að sýningunni voru á staðnum og fræddu fólk um sýninguna. Margrét Þórhildur Danadrottning heimsótti sýninguna ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, og Elizu Reid forsetafrú.

Taflan sýnir viðburði sem fram fóru í Listasafni Íslands í tengslum við sýninguna og upplýsingar um umsjónaraðila hvers viðburðar.

Viðburðir í Listasafni Íslands – Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár.

Dagsetning	Viðburður	Umsjón
15. ágúst	Gæðastund fyrir eldri borgara, leiðsögn um sýninguna	Ragnheiður Vignisdóttir, Listasafn Íslands
15. sept.	Leiðsögn sérfræðings	Gísli Sigurðsson, Árnastofnun
16. sept.	Leiðsögn með tveimur sérfræðingum	Unnar Ingvarsson, Þjóðskjalasafn Íslands, og Dagný Heiðdal, Listasafn Íslands
23. sept.	Leiðsögn sérfræðings	Þórunn Sigurðardóttir, Árnastofnun
30. sept.	Leiðsögn forstöðumanns	Eiríkur Guðmundsson Þjóðskjalavörður
14. okt.	Leiðsögn með listamönnum: Ólóf Nordal og Pétur Thomsen	Ragnheiður Vignisdóttir, Listasafn Íslands
19. okt.	Fullveldi á föstudegi. Efni: Kosningarnar	Þjóðskjalasafn Íslands
28. okt.	Leiðsögn forstöðumanns	Guðrún Nordal, Árnastofnun
2. nóv.	Fullveldi á föstudegi. Efni: Fánamálið	Listasafn Íslands
10. nóv.	Handritasmiðja fyrir börn	Árnastofnun og Listasafn Íslands
11. nóv.	Leiðsögn forstöðumanns	Harpa Þórsdóttir, Listasafn Íslands
18. nóv.	Leiðsögn sérfræðings	Dagný Heiðdal, Listasafn Íslands
23. nóv.	Fullveldi á föstudegi. Efni: Áskoranir fullveldis	Árnastofnun
24. nóv.	Handritasmiðja fyrir börn	Árnastofnun og Listasafn Íslands
1. des.	Fullveldisdagurinn; hátíðardagskrá	Árnastofnun, Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands
9. des.	Leiðsögn sýningarstjóra	Sigrún Alba Sigurðardóttir
16. des.	Leiðsögn forstöðumanns	Guðrún Nordal, Árnastofnun



Graduale Nobili, frá tónleikum á Þingvöllum 17. júní 2018. Mynd: RJI.

3.2.4. Fræðsludagskrá fyrir skóla

Í tengslum við sýninguna var skólum boðið að koma og skoða sýninguna undir leiðsögn sérfræðinga. Ragnheiður Vignisdóttir, sérfræðingur hjá Listasafni Íslands, og Svanhildur María Gunnarsdóttir, safnkennari hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sáu um safnfræðsluna sem stóð yfir á haustönn 2018.

Í upphafi skólaárs var sýningin kynnt sérstaklega fyrir skólum á höfuðborgarsvæðinu á kynningu á Kjarvalsstöðum þar sem kennurum bauðst að koma og kynna sér safnfræðslu stofnana skólaárið 2018–2019. Í kjölfarið var sendur póstur á alla grunn- og framhaldsskóla á landinu og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Einnig hafði afmælisnefnd kynnt sýninguna á sínum vettvangi, m.a. fyrir Kennarasambandi Íslands, Skólastjórafélagi Íslands og sveitarfélögum í landinu.

Búið var til youtube-myndband sem var ætlað framhaldsskólanemendum, en þar gengur Eva María Jónsdóttir, vef- og kynningarstjóri á Árnastofnun, um sýninguna og segir frá völdu efni. Hægt er að horfa á myndbandið á youtube-rás Listasafns Íslands á slóðinni: https://www.youtube.com/watch?v=OMWDzXqW_Nw&t=51s.

Sigurvegarar í yngri flokki Siljunnar, stuttmyndasamkeppni Barnabókaseturs Íslands. Dagný Rós Hlynsdóttir, Íris Þöll Hróbjartsdóttir og Þóra Laufey Þórarinsdóttir úr Seljaskóla. Auk þeirra eru á myndinni Dröfn Vilhjálmsdóttir, skólasafnskennari í Seljaskóla, Brynhildur Þórarinsdóttir frá Barnabókasetri og Bryndís Loftsdóttir frá Félagi íslenskra bókaútgefenda.



Móttaka skólahópa hófst í september og var í höndum safnakennara Listasafns Íslands og Árnastofnunar. Alls var tekið á móti 1.964 nemendum úr grunn- og framhaldsskólum.

3.2.5. Kynning og gestafjöldi

Sýningin fékk góða kynningu í fjölmiðlum, bæði í tengslum við opnun hennar og einstaka viðburði. Viðtöl voru við forsvarsmenn í blöðum og útvarpi. Í aðdraganda hvernar sýningarhelgar voru auglýsingar í útvarpi. Sýningin og viðburðir voru auglýst á samfélagsmiðlum allra stofnananna. Kynningarbréf voru send í grunnskóla og framhaldsskóla. Félög eldri borgara um allt land fengu sérstakt kynningarbréf.

Heildargestafjöldi á sýningartíma eftir mánuðum.

	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
Gestafjöldi	4.128	8.793	4.800	4.475	3.150	2.213	27.559

Sýningin Lífsblómið var opin frá 17. júlí til 16. desember. Taflan sýnir að heildargestafjöldi á sýningartíma var 27.559. Flestir gestir komu í ágústmánuði, tæplega 8.800. Í desember komu um 2.200 gestir.



Börnin sem komu í skólaheimsóknir á sýninguna Lífsblómið sýndu handritunum mikinn áhuga. Mynd: Anton Brink.

3.3. Heildarútgáfa Íslendingasagna

Afmælisnefnd var falið að stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu. Beinast lá við að leita til Saga forlags um samstarf varðandi nýja útgáfu þar sem það hefur á undanförunum árum lagt mikla vinnu í útgáfu á sögunum á dönsku, sænsku og norsku. Afmælisnefnd gerði samning við Saga forlag um útgáfuna þar sem m.a. kemur fram lýsing á útgáfunni, útgreiðslur og uppgjör. Útgáfan þykir einstaklega vönduð og glæsileg enda var mikil vinna lögð í hana. Hafa m.a. textar sagna og þátta verið endurskoðaðir með hliðsjón af rannsóknum undanfarinna áratuga og mikil vinna hefur verið lögð í skýringar á tæplega 600 vísum sem fylgja sögum og þáttum. Þá fylgir útgáfunni margvíslegt skýringarefni og formálar sem ætlað er að greiða götu lesenda um þessa heillandi sagnaveröld. Bækurnar prýða myndverk eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund, sem myndskreytti norrænu útgáfunnar. Ritstjórar eru Aðalsteinn Eypórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Umsjón með útgáfunni hafði Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Árnastofnun.

Ný hátíðarútgáfa af Íslendingasögnum kom út þann 17. júní og af því til efni var haldið útgáfuhóf í Alþingishúsinu þar sem afmælisnefnd afhenti forseta Íslands og frú Vigdísí Finnbogadóttur, verndara útgáfunnar, fyrstu eintökin. Einnig fengu fulltrúar flokkanna og forseti Alþingis eintök.

Útgáfuhóf Íslendingasagna 17. júní 2018.
Mynd: Saga forlag.



3.4. Fræðsluefni

Í þingsályktun var afmælisnefnd falið að hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögnum árið 1918.

Var einn efnisflokkurinn á vefsíðu afmælisnefndar tileinkaður fræðsluefni sem tengist afmælisárinu, með áherslu á efni fyrir börn og ungt fólk. Efnisflokkurinn ber heitið *Hvað viltu vita um 1918?*. Flokkurinn skiptist í fimm undirflokkar: Fullveldi Íslands 1918–2018, Námsefni fyrir börn og ungt fólk, Fræðsluefni og greinar, Sambandslögin og Lífsblómið.

Fullveldi Íslands 1918 hefur að geyma stuttmynd (12 mínútur) sem afmælisnefnd lét gera um fullveldi Íslands. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918. Myndin er aðgengileg á íslensku, dönsku og ensku.

Námsefni fyrir börn og ungt fólk – 10 undirflokkar. Í þessum efnisflokki er að finna efni sem hægt er að nýta til kennslu í grunnskólum.

- Fyrstu tveir flokkarnir samanstanda af kennslubókinni *Árið 1918* og kennsluleiðbeiningum. Bókin er rituð af Helga Grímssyni og bauð hann afmælisnefnd bókina til afnota á vefsíðu afmælisársins.
- Þriðji flokkurinn er flýtleið á svar við spurningunni *Hvað er fullveldi?*. Afmælisnefnd fór í samstarf við Vísindavefinn sem svaraði í hverri viku spurningum um hvaðeina sem tengdist 1918 og voru skólar hvattir til að senda inn spurningar. Stofnaður var sérstakur flokkur á vefsíðu Vísindavefsins þar sem nú er að finna 50 svör um hvaðeina sem tengist 1918.
- Fjórði flokkurinn inniheldur *Verkefnahugmyndir* sem afmælisnefnd lét vinna fyrir vefinn. Verkefnahugmyndirnar byggja á daglegu lífi fólks í kringum 1918. Stefán Pálsson sagnfræðingur vann verkefnið fyrir afmælisnefnd.
- Fimmti flokkurinn er stuttmyndin *Fullveldi Íslands 1918–2018* sem hentar vel til kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Sjötti flokkurinn er tengill á flokkinn *1918* á Vísindavefnum eins og greint er frá hér að ofan. Vísindavefurinn fjallaði í samstarfi við valda skóla um spurningar með sérstaka áherslu á vísindi. Svarað var 50 spurningum sem tengjast 1918 og fimm þeirra voru mest lesnu svörin á Vísindavefnum í mánuðinum sem þau birtust.



Frá viðburðum afmælisársins. Að vera skáld og skapa. Mynd: Safnahús Borgarfjarðar (efsta mynd). Fullveldishátíð í Norska húsinu í Stykkishólmi. Mynd: Norska húsið. Fullveldi – frelsi lýðræði – hvað er nú það?! Mynd: Varmahlíðarskóli (neðsta mynd).



Frá hátíðarhöldum 1. desember 2018 á Norðurbruggju í Kaupmannahöfn. Ævar vísindamaður og Svandís Pétursdóttir. Mynd: PM.

- Sjöundi flokkurinn geymir upplýsingar um sýninguna *Menning, tunga og tímagöng til 1918* sem er 360° sýndarveruleikasýning fyrir börn á öllum aldri. Sýningin er hönnuð sem hjálpargagn við kennslu í íslensku og samfélagsfræði/lífsleikni á miðstigi og efsta stigi grunnskóla. Grunnskólar sem eiga 360° sýndarveruleikagleraugu geta fengið sýninguna rafrænt. Einnig er hægt að leigja gleraugu og fá aðstoð við uppsetningu sýningarinnar. Sýningin er styrkt af afmælisnefnd og geta skólar nýtt sér hana sér að kostnaðarlausu.
- Áttundi flokkurinn er tengill á upplýsingar um þjóðfána Íslands, sögu og notkun, og ábending um bók um fánann.
- Níundi flokkurinn er tengill á KrakkaRÚV þar sem hugtakið fullveldi er útskýrt.
- Tíundi flokkurinn er tengill á Twitter-reikning hjá Landsbókasafni Íslands þar sem birt er ýmislegt áhugavert úr dagblöðum frá 1918.

Fræðsluefni og greinar – níu undirflokkar. Í þessum efnisflokki er að finna efni fyrir almenning, upptökur af ráðstefnum og fyrirlestrum. Hluti efnis í þessum flokki hentar til kennslu á framhaldsskólastigi og efsta stigi grunnskóla.

Fyrstu tveir flokkarnir eru flýtleiðir á greinar af Vísindavefnum þar sem svarað er spurningunum *Hvað getur þú sagt mér um árið 1918?* og *Hvað er fullveldi?*

Þriðji flokkurinn er tengill á flokkinn 1918 á Vísindavefnum þar sem er að finna 50 svör um hvaðeina sem tengist 1918.

Fjórði flokkurinn er *Sögulegar hagtölur*. Í tilefni fullveldisafmælisins setti Hagstofa Íslands upp sérstakan vef með sögulegum hagtölum. Einnig birti Hagstofan reglulega fréttir með efni sem tengdist fullveldistímanum.

Fimmti flokkurinn ber heitið *Ýmsar greinar*. Þar er að finna lista og tengla yfir greinar og bækur sem tengjast fullveldinu og sögu þess.

Sjötti flokkurinn geymir upptökur af ráðstefnunni *Fullvalda þjóð í frjálsu landi* sem haldin var í Háskólanum á Akureyri. Á ráðstefnunni er fjallað um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð.

Sjöundi flokkurinn er tengill á ráðstefnuna *Fullveldið, háskólinn og framtíðin* – gildi háskóla fyrir íslenskt samfélag. Markmið ráðstefnunnar var að varpa ljósi á það hvernig menntun og rannsóknir hafa áhrif á þróun samfélaga og þá ekki síst hvernig unnt er að beita menntakerfi og vísindastarfi til að búa í haginn fyrir áframhaldandi efnahagslega velsæld og farsælt samfélag og styrkja þar með fullvalda lýðræðisríki á Íslandi á 21. öld.


Áttundi flokkurinn er tengill á dagskrá *Vísindafélags Íslendinga* sem var tilfni fullveldisafmælisins og 100 ára afmælis félagsins en það var stofnað 1. desember 1918. Haldin voru sex málþing þar sem fjallað var um staf-rænt samband íslensku og ensku, veirur og vísindasögu, ungt fólk og fjöl-breytileika, ferðamál á umbrotatímum, umhverfismál auk veglegrar dagskrár á aldarfmæli félagsins 1. desember.

Níundi flokkurinn er tengill á Twitter-síðu sem kallast *#FyrirÖld* og þar er birt ýmislegt áhugavert úr blöðum og tímaritum á árinu 1918.

Auk þessara verkefna var sýningin *Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár* kynnt sérstaklega fyrir skólum og þeir hvattir til að sjá sýninguna. Fræðslu-fulltrúar Árnastofnunar og Listasafns Íslands ásamt sýningarstjóra unnu námsefni fyrir grunnskóla og framhaldsskóla í tengslum við sýninguna og boðið var upp á sérstakar leiðsagnir fyrir skólahópa sem voru afar vel sóttar. Einnig var þáttaröðin *Fullveldisöldin* kynnt sem áhugavert fræðsluefni. Markmið þáttanna er að vekja athygli á stórum og stefnumarkandi stundum á þessari öld sem liðin er og einblína á konur og karla sem unnu að framþróun samfélagsmála, stjórn mála, menningar og lista á tímabilinu frá því að Ísland fékk fullveldi.

Sambandslögin. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna 1. desember 1918. Í þessum flokki er að finna sambandslögin á þrem tungumálum, íslensku, dönsku og ensku.

Afmælisnefnd leitaði eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Skólastjórafélag Íslands við að koma upplýsingum um fræðsluefni til sveitarfélaga og skóla. Einnig sendi afmælisnefnd öllum sveitarfélögum í landinu bréf þar sem m.a. komu fram upplýsingar um fræðsluefnið og sveitarfélög og skólar hvött til að nýta það við kennslu. Ljóst er að skólarnir hafa nýtt sér þetta efni og hefur komið fram að það muni nýtast vel í framtíðinni að mati kennara og skólastjórnenda.



Fullveldi – frelsi lýðræði – hvað er nú það?!
Mynd: Varmahlíðarskóli.

Sambandslaganefndin í Alþingisgarðinum sumarið 1918. Í nefndinni voru fjórir Íslendingar og fjórir Danir, auk fjögurra ritara.
Mynd: Sigríður Zoëga.

4. ÖNNUR VERKEFNI AFMÆLISNEFNDAR

Afmælisnefnd lagði áherslu á að sem flest verkefni á dagskrá afmælisársins kæmu frá stofnunum, félagasamtökum og fólkinu í landinu og styrkti afmælisnefnd um 100 verkefni á dagskrá afmælisársins. Afmælisnefnd ákvað þó að ráðast sjálf í tvö verkefni, annars vegar að gera stutta mynd sem m.a. yrði notuð sem fræðsla fyrir almenning og skóla um aðdraganda fullveldis og fullveldisárið og hins vegar að standa fyrir samkeppni um kórlag í tilefni afmælisins.

4.1. Fullveldismynd – Fullveldi 1918–2018

Við undirbúning myndarinnar var lögð áhersla á að hún næði til breiðs hóps og væri hægt að nýta hana á fjölbreyttan hátt. Myndin er á þrem tungumálum, íslensku, dönsku og ensku. Handritshöfundar eru Bryndís Sverrisdóttir og Anna Katrín Guðmundsdóttir. Öflun myndefnis var í höndum Þorbjargar Br. Gunnarsdóttur, myndstjórn og klippingu annaðist Jakob Halldórsson og tónlist samdi Anna Halldórsdóttir. Samið var við Trío Events um framleiðslu myndarinnar.

Stuttmyndin Fullveldi Íslands 1918–2018 var frumsýnd í ríkissjónvarpinu á nýársdag. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918.



Fullveldi Íslands 1918–2018, stuttmynd.



Fullveldisöldin, Sagafilm – RÚV.

Að lokinni frumsýningu var myndin aðgengileg á vefsíðu afmælisnefndar og youtube-rás afmælisársins. Auk þess nýttu fjölmargir aðilar myndina til kynningar og fræðslu og má þar m.a. nefna auk skóla, utanríkisþjónustuna, Íslandsstofu og Isavia og var myndin aðgengileg í afþreyingarkerfi Ícelanda-ir.

Fleiri aðilar voru hvattir til að nýta sér myndina, s.s. danska sendiráðið í Reykjavík sem kom henni m.a. á framfæri í Danmörku. Einnig voru skólar, öldrunarstofnanir og fleiri aðilar hvattir til að sýna myndina. Vitað er að hún var nýtt víða bæði innanlands og erlendis við kynningu á afmælisárinu.

4.2. Samkeppni um kórlag

Afmælisnefnd leitaði eftir samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands um samkeppni um nýtt kórlag sem frumflutt var 1. desember á hátíðardagskrá í Hörpu. Kórlagið skyldi samanstanda af frumsömdu og óbirtu ljóði og lagi fyrir blandaðan kór. Verkið átti að hæfa tilefninu og henta vel til söngs.

Formaður dómnefndar var Árni Heimir Ingólfsson, fulltrúi Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands, og leiddi hann vinnu við samkeppnina. Kallað var eftir til- nefningum í dómnefnd frá Rithöfundasambandi Íslands, Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Tónskáldafélagi Íslands, Félagi tónskálda og textahöf- unda og Ríkisútvarpinu. Auk Árna Heimis sátu í dómnefndinni Bergljót Haraldsdóttir, skipuð af Ríkisútvarpinu, Björgvin Halldórsson, skipaður af Félagi tónskálda og textahöfunda, Hlín Pétursdóttir Behrens, skipuð af Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Magnús Ragnarsson, skipaður af Tón- skáldafélagi Íslands, og Sigurlín Bjarney Gísladóttir, skipuð af Rithöfunda- sambandi Íslands. Starfsmaður dómnefndarinnar og fulltrúi afmælisnefndar var Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Um miðjan mars var auglýst eftir tillögum í samkeppni um kórlag í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Verðlaunafé, 1 milljón króna, skiptist til helminga milli tónskálds og ljóðskálds. Frestur til að skila inn til- lögum var til 20. júlí. Þátttaka í samkeppninni fór fram úr björtustu vonum og bárust afmælisnefnd 60 tillögur að kórlagi þar sem ljóðskáld og tónskáld sendu saman inn tillögu og ljóst er að fjöldi listamanna stóð að baki til- lögnum.

Mikil vinna var framundan hjá dómnefnd að fara yfir tillögurnar og meta út frá auglýstum viðmiðum. Niðurstaða dómnefndar var kynnt við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands að viðstöddum höfundi sigurlags og gestum.

Sigurlagið, *Landið mitt*, fellur einkar vel að þeim skilyrðum sem komu fram í auglýstum reglum samkeppninnar: það hæfir tilefninu og hentar vel til söngs. Lagið er í fremur hefðbundnum stíl og kallast þannig á við hefð ætt-



Samkeppni um kórlag – auglýsing.

Andrésdóttur (1922–2002), auk listamanna sem Steingrims Eyfjörð (f. 1954), (2007) og Gabrielu Friðriksdóttur. Hann benti með reglufestu sinni til kúbískra verka og að fagna meðal millikynslóðar verkum sínum, þar á meðal rötívra svo sem Gunnlaugs Schevingar, Erlasonar (1906–1984) og Louisu (1906–1984), en jafnframt geómetrískra á borð við Jóna (1906–2014), Hörð Agrústsson (1922–2005), og Eyborgu Guðmundsdóttur (1924–1984). Hann er einn af stórum höfðingjum í myndlist, sem höfðu afgerandi áhrif á myndlistar á ofanverðri tuttugustu öld. Hann hefur tekið þátt í tvö erlend verk í safneign Listasafns Íslands, þar á meðal hin áleitnu, geómetríska abstraktu verk hans (1960) og Victors Vasarely (1908–1997). Þetta sama ár kynntist Dieter Roth (1930–1998) með grafískri hönnun sinni áhrifum sínum. Seinni kynslóðir listamanna voru þar á milli þrjú, hvorki áður nefndur Birgir Guðmundsson (f. 1941) né Hreinn



Jóhann G. Jóhannsson sigraði í kórlagasamkeppni afmælisnefndar með laginu *Landið mitt*.

jarðarlaga, er hjart og einlægt, en með áhugaverðri úrvinnslu í dekkri millikafla. Ljóðið er lofsöngur til Íslands og fangar vel sérstöðu landsins í öllum sínum fjölbreytileika og andstæðum, en um leið er horft til framtíðar og í lokahendingunni rennur skáldið eða ljóðmælandinn saman við landið sjálft. Höfundur lags og ljóðs er Jóhann G. Jóhannsson.

Jóhann (f. 1955) hóf ungur píanónám hjá Carl Billich, en stundaði síðan tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Brandeis-háskólann í Boston og Uppsalaháskóla. Hann starfaði sem tónlistarstjóri hjá Leikfélagi Reykjavíkur í áratug og síðan um langt árabil sem tónlistarstjóri Þjóðleikhússins. Hann hefur samið sönglög, kórverk og kammertónlist, en auk þess leikhústónlist af ýmsu tagi og er e.t.v. þekktastur fyrir tónlist sína við ævintýrasöngleikinn Skilaboðaskjóðuna.

Einnig var fjórum kórlögum sem þóttu skara fram úr með einu eða öðru móti veitt sérstök viðurkenning og voru fulltrúar þeirra einnig á staðnum.

- *Bjargvættir*. Höfundur lags Hjálmar H. Ragnarsson, höfundur ljóðs Friða Ísberg. Bjargvættir er metnaðarfull tónsmíð sem byggir á íslenskum tónlistararfi við ljóð þar sem útverðir landsins eru ákallaðir – björgin sem standa vörð um landið.



- *Sumarnótt*. Höfundur lags Stefán Þorleifsson, höfundur ljóðs Magga S. Brynjólfsdóttir. Sumarnótt sver sig meira í ætt við dægurlög, með grípandi laglínu og kvæðið er hrifandi lýsing á töfrum íslenskrar sumarnætur.
- *Vakna þú fold*. Höfundur lags Michael Jón Clarke, höfundur ljóðs Sigurður Ingólfsson. Vakna þú fold er kraftmikil tónsmíð við texta sem er hvatning til þjóðarinnar um að halda vöku sinni í síbreytilegu umhverfi.
- *Þjóðvísa*. Höfundur lags Sigurður Flosason, höfundur ljóðs Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Þjóðvísa er sérlega hrifandi í látleysi sínu og einfaldleika, óður til lands, þjóðar og tungu.

Fulltrúar kórlaga sem fengu sérstaka viðurkenningu afmælisnefndar auk sigurvegara og formanns dómnefndar. F.v.: Stefán Þorleifsson, Magga S. Brynjólfsdóttir, Hjálmar H. Ragnarsson, Fríða Ísberg, Árni Heimir Ingólfsson, Jóhann G. Jóhannsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Michael Jón Clarke, Sigurður Flosason og Sigurður Ingólfsson.

Jóhann G. Jóhannsson útsetti sigurlagið fyrir kóra og sinfóníuhljómsveit. Landið mitt var frumflutt á hátíðardagskrá ríkisstjórnarinnar í Hörpu að kvöldi 1. desember af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar, Kór Menntaskólans við Hamrahlíð, stjórnandi Heiðar Ingi Þorsteinsson, og Schola cantorum, stjórnandi Hörður Áskelsson.

Hægt er að hlýða á lagið á vefsíðu afmælisnefndar, youtube-rásun afmælisnefndar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

4.3. Samstarf

Afmælisnefnd lagði mikla áherslu að hvetja stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til þátttöku í afmælisárinu. Strax í upphafi fundaði nefndin með fjölda aðila sem voru hvattir til að líta til afmælisársins í störfum sínum og hvetja aðra til þess sama. Auk þess funduðu formaður og framkvæmdastjóri með fjölmörgum aðilum um sama efni og var öllum þessum aðilum kynnt sú aðferðafræði sem afmælisnefnd hafði ákveðið að vinna eftir, sú að kalla eftir tillögum að verkefnum á dagskrá afmælisársins. Meðan á umsóknarferli stóð var ekki fundað með fleiri aðilum. Auk þess voru fjölmargir aðilar sem leituðu til afmælisnefndar um möguleika á tengingu við afmælisárið og samstarfi við nefndina.

Afmælisnefnd fundaði m.a. með fulltrúum eftirtalinna aðila: RÚV, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Stóru upplestrarkeppninni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi íslenskra listamanna, utanríkisráðuneytinu, Háskóla Íslands, Höfuðborgarstofu, Isavia, Hafnasambandi Íslands, Samstarfsneti háskólanna, Vigdísí Finnbogadóttir og Auði Hauksdóttur – Veröld, húsi Vigdísar, Þjóðminjasafninu, Menntamálastofnun, Icelandair, Faxaflóahöfnum, Hrafnistu, Mjólkursamsölunni, Kennarasambandinu, Landssambandi bakameistara og Íslandsstofu sem opnaði undirsíðu um fullveldisárið á vefnum Iceland.is. Auk þess var leitað eftir samstarfi við samtök sveitarfélaga um allt land og öllum sveitarfélögum í landinu voru sendar upplýsingar um afmælisárið og þau hvött til þátttöku.

Fullveldisbörnin. Mynd: Hrafnista.



Sem dæmi um samstarfsverkefni má nefna *Fullveldisbörnin* þar sem afmælisnefnd bauð í samstarfi við Hrafnistu öllum Íslendingum fæddum 1918 og fyrr til hátíðarsamkomu í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. 64 einstaklingar, búsettir um land allt, fengu boð í veisluna ásamt gesti. Þetta var í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar sem öllum Íslendingum 100 ára og eldri var boðið saman til sérstakrar veislu. Farið var í samstarf við Air Iceland Connect sem bauð einstaklingum búsettum á flugleiðum félagsins til Reykjavíkur. Alls þáðu 22 boðið og var íbúum Hrafnistu auk þess boðið á samkomuna. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði samkomuna og listamenn skemmtu gestum í anda fullveldisársins 1918. Í veislunni var boðið upp á fullveldisköku sem var afrakstur samvinnu afmælisnefndar og Landssambands bakameistara þar sem landslið bakameistara hannaði fullveldisköku. Kakan byggir á vinsælum uppskriftum frá 1918 og er lagkaka með rabbabarasultu milli laga en er færð í hátíðarbúning með því að bæta rjóma á milli tveggja efstu laganna og ofan á kökunni er hvítt súkkulaði. Kakan var til sölu í bakaríum landsins frá júlí til desember.

Afmælisnefnd og Icelandair fóru í samstarf og var ein flugvél Icelandair merkt afmælisárinu og stuttmyndin Fullveldi Íslands 1918–2018 var aðgengileg í afþreyingarkerfi Icelandair. Einnig gerðu afmælisnefnd og Icelandair með sér samkomulag um flugmiða fyrir nefndina, fullveldisbörnin og miða fyrir listafólk sem tók þátt í viðburðum á vegum sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn á afmælisárinu.

Pingvellir, flugvél Icelandair, var máluð í fánalitunum í tilefni fullveldisafmælisins. Mynd: Icelandair.



Isavia var í samstarfi við afmælisnefnd og var með ýmis verkefni í tilefni afmælisins. Settar voru upp merkingar í Leifsstöð þar sem tímamótunum voru gerð skil. Textílsetur Íslands/Prjónagleðin og Isavia fóru í samstarf og prjónuðu nemendur í Blönduskóla, Húnavallaskóla, Höfðaskóla og Concordia-háskólanum í Kanada. Áður höfðu teppin verið sýnd á Prjónagleðinni á Blönduósi sem styrkt var af afmælisnefnd. Verkefninu var ætlað að auka þekkingu og innsýn grunnskólanemanna í söguna, samfélagið og fullveldis-hugtakið sem og að auka þekkingu á prjóni og mikilvægi þessa þjóðararfs í sögu landsins um leið og það er kynnt fyrir öllum þeim fjölda erlendra farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll: <https://www.facebook.com/Isavia.is/videos/2108936769323525/>.

1. desember birti Isavia myndband á íslensku og ensku þar sem teknir voru saman helstu atburðir Íslandssögunnar í stutt myndband, allt frá landnámi til fyrsta flugsins frá Keflavíkurflugvelli, <https://www.facebook.com/Isavia.is/videos/587137091746076/>, og var gestum í Leifsstöð boðið upp á köku í tilefni dagsins.

Afmælisnefnd fór í samstarf við Mjólkursamsöluna með það að markmiði að koma fræðslu um fullveldisárið á mjólkurfernur og með því nánast inn á hvert heimili á landinu. Á fernunum voru sex mismunandi textar og myndskreytingar um markverða atburði sem áttu sér stað á árinu 1918. Fjallað var um spönsku veikina, frostaveturinn mikla, Kötlugosið, kosningarrétt kvenna, hátíðarhöld 1. desember 1918 og viðburðaríkt fullveldisár.

Samtök, fyrirtæki og stofnanir gerðu afmælisárinu einnig skil að eigin frumkvæði og/eða með hvatningu frá afmælisnefnd. Sem dæmi um það má nefna Samtök atvinnulífsins sem tileinkuðu ársfund sinn fullveldinu undir yfirskriftinni *Framfarir í 100 ár*. Í sjónvarpi atvinnulífsins má sjá skemmtilegt myndband sem samtökin settu saman í tilefni aldarafmælisins: <https://sa.is/frettatengt/frettir/framfarir-i-100-ar>.

RÚV var allt árið með viðamikla dagskrá í tilefni afmælisins. 1. janúar var frumsýnd stuttmynd afmælisnefndar, *Fullveldi Íslands 1918–2018*. Fjöl margar beinar útsendingar voru frá ýmsum viðburðum, s.s. hátíðarfundir Alþingis á Þingvöllum, setningu fullveldishátíðar 1. desember, hátíðardagskrá í Hörpu að kvöldi 1. desember og auk þess var bein útsending frá verkefnum sem afmælisnefnd styrkti, s.s. *Barnamenningshátíð í Reykjavík* og *Sögur, verðlaunahátíð barnanna*. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, *Uppáhalds íslenskt*, voru einnig í beinni útsendingu. Berglind Festival rakti sögu fullveldisaldarinnar í þáttunum *Fullveldis Festival* sem voru sýndir í þættinum *Vikan með Gísla Marteini*. Þættirnir *Fullveldisöldin*, 10 þátta röð framleidd af Sagafilm, sem hlutu hæsta styrk afmælisnefndar voru sýndir á



Fullveldismjólkurfernur. Mynd: Mjólkursamsalan.

RÚV á haustdögum Á rás 1 var viðamikil dagskrá og bar þar hæst vikulega þætti þar sem fjallað var um fimm mismunandi þemu í 10 þáttum hvert, alls 50 þætti. *Menningarsaga fullveldisins*: Umsjón Guðni Tómasson. Brot úr menningarsögu fullveldisins sett í hugmyndalegt, sögulegt, alþjóðlegt og samfélagslegt sambengi. *Stjórn málasaga fullveldisins*: Umsjón Marteinn Sindri Jónsson. Stjórn málasagan rakin með áherslu á hugmyndaátök og hugtakið fullveldi. *Hversdagssaga fullveldisins*: Umsjón Sólveig Ólafsdóttir. Einn hlutur, fyrirbæri eða viðburður úr hversdagslífi þjóðar í brennidepli í hverjum þætti. *Fréttamál fullveldisins*: Umsjón Árni Þórarinsson og Pétur Hrafn Árnason. Stærstu fréttamál fullveldissögunnar tekin fyrir og rætt við fréttamenn og aðra sem til þekkja. *Huldufólk fullveldissögunnar*: Umsjón Margrét Blöndal. Fólkíð sem hafði áhrif á líf okkar, sögu og hugmyndir en við höfum lítið sem ekkert heyrt um. Þetta er ekki tæmandi listi yfir þátttöku RÚV í afmælisárinu.

Hagstofan gerði fullveldisafmælinu góð skil, m.a. með opnun vefsíðu um sögulegar hagtölur: <https://sogulegar.hagstofa.is/>. Í tilefni aldarafmælisins gerði Hagstofan skemmtilegt myndband þar sem lítið er um öxl og samfélagsbreytingar síðustu aldar rifjaðar upp: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ymislegt/aldarafmaeli-fullveldis-islands/>.

Í febrúar gaf Íslandspóstur út tvö ný frímerki og veglega smáörk með tveimur frímerkjum. Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason. Frímerkin sýna Alþingishúsið og Stjórnarráðið með sjónarhorni úr dróna.

Sjómannadagurinn var tileinkaður fullveldisafmælinu. Dagskrá Hátíðar hafsins var tileinkuð fullveldisafmælinu og á barnadagskránni var m.a. smíðað listaverk með 100 fiskum á færíbandi. Fullveldislagið Ostapopp, sem var fullveldisverkefni Barnamenningarhátíðar, var flutt á Hafnarrappi.

Kortlögð voru landsverkefni fyrir börn og setti nefndin sig í samband við fulltrúa þeirra og hvatti þau til að líta til afmælisársins og lýsti áhuga á að leggja til viðurkenningar. Afmælisnefnd tók þátt í nokkrum samstarfsverkefnum þar sem nefndin veitti viðurkenningar í tilefni aldarafmælisins.

Barnabókasetur Íslands stendur árlega fyrir myndbandasamkeppni fyrir nemendur í 5.–10. bekk grunnskóla. Keppt er í tveimur flokkum. Markmiðið með keppninni er að hvetja börn og unglinga til að lesa og tjá sig um bækurnar sem þau lesa. Fjallað er um eina barna- eða unglingabók að eigin vali í hverju myndbandi. Bókin þarf að hafa komið út á íslensku. Afmælisnefnd færði þrem efstu í hvorum flokki bókargjöf.



Alþingishúsið og Stjórnarráðið prýddu frímerki sem komu út í tilefni fullveldisafmælisins. Mynd: Íslandspóstur.



Eliza Reid og Jóhanna E. Pálmadóttir við fullveldispeysuna. Mynd: Textílsetur Íslands.

Norræna safnarasýningin NORDIA 2018 var haldin á vegum Landssambands íslenskra frímerkjasafnara í TM-höllinni í Garðabæ. Sýningin var helguð íslenskum gjaldmiðlum frá 1918. Í tengslum við sýninguna var haldin teiknisamkeppni meðal nemenda í 5. og 8. bekk í Garðabæ í samvinnu við skólayfirvöld og myndmenntakennara í Garðabæ. Fulltrúi afmælisnefndar sat í dómnefnd og færði afmælisnefnd sigurvegurum í hvorum flokki viðurkenningu.

Fulltrúar Stóru upplestrarkeppinnar komu á fund afmælisnefndar 2017. Ekki náðist að tengja afmælisárið við keppnina 2017–2018 en yfirstandandi samkeppni 2018–2019 er með yfirskriftina „Fullveldi, hvað er nú það?“.

Í tengslum við Þrjónagleðina 2018 stóð Textílsetur Íslands fyrir samkeppni um fullveldispeysu. Markmiðið með samkeppninni var að draga fram samlíkingu á milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar með tilvísun til fullveldis Íslands. Afmælisnefnd veitti sigurvegara samkeppinnar viðurkenningu.

Eru þetta einungis örfá dæmi um fjölbreytt samstarfs- og frumkvæðisverkefni sem fóru fram á afmælisárinu.



Fullveldiskaka.

Mynd: Landssamband bakameistara.

5. DAGSKRÁ AFMÆLISÁRSINS

Markmið afmælisnefndar var að dagskrá afmælisársins myndi höfða til sem flestra landsmanna, yrði fjölbreytt, stæði yfir allt árið og færi fram um land allt. Til að ná þessum markmiðum fram var kallað eftir frumkvæði og virkri þátttöku landsmanna við mótun dagskrár afmælisársins. Auglýst var eftir tillögum að verkefnum á dagskrá afmælisársins.

Umsóknarferlið var rafrænt og sótt var um á vefsíðu afmælisársins. Lagt var upp með að hafa umsóknarferlið skýrt og einfalt. Gerðar voru leiðbeiningar um ritun umsókna sem voru aðgengilegar á vefnum meðan á umsóknarferli stóð.

Á fundi afmælisnefndar 20. september var samþykkt að veita 75 milljónum króna af fjárframlagi afmælisnefndar í verkefnastyrki.

Þann 21. september auglýsti afmælisnefnd eftir tillögum að verkefnum á dagskrá afmælisársins. Lögð var áhersla á fjölbreytt og vönduð verkefni með nýstárlega nálgun og litið yrði sérstaklega til verkefna sem:

- minnst aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og/eða hafa skírskotun til þess þáttar í sögu þjóðarinnar;
- fjalla um og/eða byggja á fullveldishugtakinu, hvort heldur er í fortíð, nútíð eða framtíð;
- hvetja til samstarfs. Samstarf getur verið þvert á greinar, milli landsvæða, aldurshópa, þjóðfélagshópa, landa, ólíkra stofnana og félagasamtaka;
- höfða til barna og ungs fólks og eru til þess fallin að auka þekkingu og innsýn þeirra í söguna, samfélagið og fullveldishugtakið;
- höfða til fjölbreytts hóps fólks og hvetja til almennrar þátttöku;
- draga fram áhugaverða samlíkingu milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar, s.s. í menntun, heilbrigðismálum, náttúru, umhverfismálum, vísindum, stjórnmálum, atvinnuþróun, samgöngum og í daglegu lífi fólks;
- hafa nýstárlega nálgun á þjóðararfinn og/eða viðfangsefnið;
- eru til þess fallin að vekja athygli á sérstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Þess var þó getið að verkefnaáherslurnar útilokuðu ekki verkefni af öðrum toga hefðu þau skírskotun til tilefnisins.

Alls bárust 169 tillögur og var sótt um rúmlega 280 milljónir króna. Verkefnin sem valin voru á dagskrána voru fjölbreytt og fóru fram um land allt.



Dreifing styrktra viðburða um landið.

Fulltrúar verkefna sem valin voru á dagskrá afmælisársins. Mynd: Ásgeir Ásgeirsson.



Þau báru með sér hugmyndaauðgi og gáfu mynd af öflugu menningar- og atvinnulífi í landinu. Verkefniin spönnuðu allt litrófið; voru stór og umfangsmikil eða minni um sig, en öll styrktu þau ímynd þjóðarinnar sem sjálfstæðrar og fullvalda þjóðar í samfélagi þjóðanna. Mörg verkefnanna fólu í sér samstarf einstaklinga, samtaka og stofnana hér á landi og erlendis, en sérstaklega var hvatt til nýsköpunar í áherslum nefndarinnar og báru mörg verkefniin merki þess.

Auk verkefna sem afmælisnefnd valdi inn á dagskrána var gefinn kostur á að skrá þátttökuvíðburði á dagskrána sem féllu að ofangreindum markmiðum afmælisnefndar og var opið fyrir skráningar allt árið.

5.1. Val á verkefnum

Á fundi afmælisnefndar 20. september 2017 voru samþykktir starfshættir sem viðhafa átti við val á verkefnum á dagskrá afmælisársins. Auk þess að hafa í heiðri ákveðnar grundvallarreglur sem taka mið af stjórnsýslulögum og almennum siðareglum voru ákvæði um fagleg markmið, trúnað við um-sækjendur, hagsmunaárekstra og hæfisreglur stjórnsýslulaga.*

Á fundi afmælisnefndar var tekin sú ákvörðun að framkvæmdastjórn, sem í sátu Einar K. Guðfinnsson, Kristján Möller og Þórunn Sigurðardóttir auk Páls Rafnars Þorsteinssonar, færi yfir innsendar tillögur, legði á þær mat út frá auglýstum reglum og áherslum og legði tillögu fyrir afmælisnefnd.

* Starfshætti afmælisnefndar er að finna í viðauka 10.5.

Haldnir voru tveir heilsdagsvinnufundir með viku millibili, auk lokafundar þar sem gengið var frá tillögu sem lögð var fyrir afmælisnefnd. Lagt var til að styrkja 97 verkefni um 74,3 milljónir króna. Tillaga framkvæmdastjórnar var tekin fyrir á fundi afmælisnefndar 17. nóvember 2017 og samþykkt.

Á meðfylgjandi lista má sjá þau 97 verkefni sem fengu úthlutað 74,3 milljónum króna.

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Úthlutað
Fullveldi á hlaðinu	Minjasafnið á Akureyri	100.000
Fullveldiskaffi á Árbæjarsafni	Borgarsögusafn Reykjavíkur	100.000
Fullveldi – frelsi – lýðræði – hvað er nú það?!	Varmahlíðarskóli	100.000
Menningardagskrá barna – fullveldisdaginn 2018	Bókasafnið í Hveragerði	200.000
Frá Kötlugosi að fullveldi 1918	Kirkjubæjarstofa – þekkingarsetur	200.000
„Á sunnudögum er töluð danska“	Borgarsögusafn Reykjavíkur	200.000
Draumalandið	Auður Gunnarsdóttir	200.000
Barnamenningarhátíð á Snæfellsnesi	Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	200.000
Hátíðarkantötur Páls Ísólfssonar og Emils Thoroddsen	Dómkórinn í Reykjavík	200.000
GL80 – sýning og dagskrá í Þjóðabókhöðunni	Málfríður Finnbogadóttir, f.h. undirbúningsnefndar GL80	200.000
Sjálftæði – Ísland, Danmörk, Litháen	Myndlistaskólinn í Reykjavík	200.000
Verksmiðjustúlkan Jana í Höfða (vinnuheiti)	Iðnaðarsafnið á Akureyri	300.000
Ættjörðin og unga fólkíð	Safnahús Borgarfjarðar	300.000
Opnun minningarreits um sagnaritarann Sturlu Þórðarson	Dalabyggð fyrir hönd áhugamannahóps um Sturlu Þórðarson	300.000
Ljósmyndasýning meðfram strandstígnum í Hafnarfirði	Byggðasafn Hafnarfjarðar	300.000
Vinlandssetur í Leifsbúð í Búðardal	Eiriksstaðanefnd	300.000
„Kellingarnar“ minnst fullveldis	Bókasafn Akraness og Leikfélagið Skagaleikflokkurinn	300.000
Fullveldið og hlíðin fagra	Björn Bjarnason	300.000
Kóngsvegurinn - leið til frelsis.	Jón Ingi Gíslason	300.000
Henderson mótorhjól á Íslandi í 100 ár	Mótorhjólafn Íslands	300.000
Tak í lige máde: samtímalist frá Danmörku	Listasafn Reykjavíkur	300.000
Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis	Amtsbókasafnið á Akureyri	300.000
Graduale Nobili minnst fullveldisafmælisins	Graduale Nobili	300.000
Ljúflingsmál	Kammerkór Norðurlands	300.000
1918 hér og þá	Tækniminjasafn Austurlands	300.000
Hvað á barnið að heita?	Kristín Þóra Guðbjartsdóttir	300.000
Blástur og söngur frá Eyjum til lýðveldisins	Karлакór og lúðrasveit Vestmannaeyja	300.000
Málstofa um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð	Skafti Ingimarsson	400.000
Þjóðlagaarfur Íslendinga í nýjum búningi	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði	400.000

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Úthlutað
ÚT ÚR SKÁPNUM – tókum þjóðbúningana í brúk	Heimilisiðnaðarfélag Íslands	400.000
Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur	Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk	400.000
Frá fræi til nytjaskógar á fullveldistíma	Skógræktin	400.000
Töfraheimur hvíta tjaldsins og saga þjóðar	Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík	400.000
Hver á sér fegra föðurland	Akrahreppur	400.000
Viðburðir og heimildarmynd um útleiki barna 1918 til 2018	Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	400.000
Íslenski hesturinn - þjóðarhesturinn - efling og uppgangur við fullveldi.	Sögusetur íslenska hestsins	500.000
Fullveldi til fullveldis	Jónína Erna Arnardóttir	500.000
Alþýðulist á Íslandi 1918–2018 : Staða og þróun	Safnasafnið	500,000
Hver á sér fegra föðurland	Helga Kvam	500.000
Ljóð um fullveldi	Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO	500.000
Konur í landbúnaði í 100 ár	Landbúnaðarsafn Íslands	500.000
Vaki þjóð: Ævi og störf Þorsteins Valdimarssonar skálds	Erlusjóður	500.000
Vegferð til velferðar	Norræna félagið	500.000
Þingvellir – gildi þeirra fyrir þjóðarvitund og myndlist Íslendinga	Listasafn Reykjanesbæjar	500.000
Reykholts hátíð 2018 – Fullveldi í 100 ár: íslensk kammertónlist frá 1918-2018	Reykholts hátíð	500.000
Sunnukórinn og fullveldið	Sunnukórinn	500.000
Sönghátíð í Hafnarborg - Fullveldi Íslands 1918	Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir	500.000
Rapp- og (h)ljóðlistarhátíð og málþingið Frá rimum til rapps	Dönskudeild við Háskóla Íslands/Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	500.000
Fullvalda konur og karlar	Kvenréttindafélag Íslands	500.000
Íslensk tónskáld á þýskri grund	Guðrún Ingimarsdóttir	500.000
Mannfræði fyrir krakka – skapandi vinnusmiðjur	Sara S. Óldudóttir	500.000
Tónlistarævintýri fyrir börn um fullveldissögu Íslands	Töfrahurð	500.000
Ljósmyndasýning í elsta húsi Reykjavíkur (Vinnuheiti: Tíðarandi á fullveldisári í myndum og máli)	Borgarsögusafn Reykjavíkur	500.000
Landmark	Jana María Guðmundsdóttir	500.000
Þingeyst líf á fullveldisárinu	Meningarmiðstöð Þingeyinga	500.000
Strandir 1918	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	500.000
Tónverk fyrir Hrafnseyri í tilefni aldarafmæli fullveldisins	Hrafnseyri	600.000
Áhrif skólahalds á Hólum í Hjaldtadal á samfélagsþróun: Frá fullveldi til framtíðar	Háskólinn á Hólum	600.000
Hvað viltu vita um 1918? Verkefni á vegum Vísindavefs Háskóla Íslands	Vísindavefur Háskóla Íslands	600.000
Tengsl Íslands og Grænlands	Safnahúsið Ísafirði	700.000
R1918	Listahátíð í Reykjavík	700.000
Á kafi í fullveldi! Fullveldisvorbátíð í Sundlaug Akureyrar	Akureyrarbær – Akureyrarstofa	800.000
Fjallkonuskaup	Leikhúslistakonur 50+ c/o Rósa Guðný Þórsdóttir	800.000
Fullveldið í dag	Listasafnið á Akureyri	800.000

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Úthlutað
Danirnir á Króknum – um þátttöku Dana í bæjarlífi Sauðárkróks í upphafi tuttugustu aldar	Guðmundur Ragnarsson f.h. áhugashóps um sögu Dana á Sauðárkróki í upphafi 20. aldarinnar	800.000
Listahátíðin Cycle 2018 – Heimur heima	Cycle Music and Art Festival	800.000
Myndlistarsýning á verkum Halldórs Einarssonar (1893–1977) og nokkrum verkum núlifandi myndlistarmanna	Listasafn Árnesinga	900.000
Í takt við tímann	Skagfirski kammerkórinn	900.000
Samtal	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	900.000
Verksmiðjan á Hjalteyri	Verksmiðjan á Hjalteyri	1.000.000
Þrymskviða eftir Jón Ásgeirsson í Eldborgarsal Hörpu.	Sinfóníuhljómsveit unga fólksins	1.000.000
Norræn strandmenningarhátíð á Siglufirði 2018	Vítafélagið. Íslensk strandmenning	1.000.000
Þrjónagleði -- 100 ára fullveldi Íslands	Textílsetur Íslands ses.	1.000.000
Siglt á mið sögunnar	Minjastofnun Íslands	1.000.000
Fullveldismaraþon ReykjavíkurAkademíunnar	ReykjavíkurAkademían ses	1.000.000
Nýlistasafnið 40 ára	Nýlistasafnið	1.000.000
Ráðstefna um gildi menntunar fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf í fortíð og framtíð	Háskóli Íslands	1.000.000
Fullvalda íslensk hönnun í Kaupmannhöfn	Hönnunarmiðstöð Íslands	1.000.000
Sögur – verðlaunahátíð barnanna	Íslandsdeild Ibby	1.000.000
Ísland og Tékkland sjálfstæð og fullvalda í 100 ár	Eydís Franzdóttir	1.000.000
Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?	Austurbrú ses.	1.500.000
Viðburðir á vegum Stykkishólmsbæjar í tilefni aldarafmæli fullveldis Íslands	Stykkishólmsbær	1.500.000
Fullveldisafmælið í Menningarhúsunum í Kópavogi	Menningarhúsin í Kópavogi	1.500.000
Framtíð í ljósi fortíðar	N4	1.500.000
Fullveldiskantata	Michael Jón Clarke	1.500.000
Fyrirlestraröðin Á mótum danskrar og íslenskrar menningar	Dönskudeild við Háskóla Íslands/Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	1.500.000
Frá fullveldi til framtíðar: Aðkoma vísindanna að samfélagslegum áskorunum	Vísindafélag Íslendinga	1.500.000
Menning, tunga og tímagöng til 1918 (Stytt: „Tímagöng 1918“)	Skotta ehf.	1.500.000
„EDDA II – Líf guðanna“ eftir Jón Leifs – frumflutningur	Sinfóníuhljómsveit Íslands	2.000.000
Þar ríkir fegurðin ein	Listasafn Reykjavíkur	2.000.000
Rímur og rapp; Lög unga fólksins í 100 ár	Barnamenningarhátíð í Reykjavík	2.000.000
Ís Heit Reykjavík	Ice Hot Reykjavík – norrænn danstvíæringur	2.000.000
Fullveldisöld í fjarska – og nánd 1918–2018. Snorri og sjálfstæðisbaráttan	Snorrastofa	2.000.000
EDDA eftir Robert Wilson á Listahátíð í Reykjavík	Listahátíð í Reykjavík	2.000.000
Fullveldisöldin – sjónvarpsþættir	Sagafilem ehf. / Margrét Jónasdóttir	3.000.000
Hátíðarsýningar í Þjóðminjasafni Íslands 2018	Þjóðminjasafn Íslands	3.000.000
Óperan Brothers eftir Daniel Bjarnason	Íslenska óperan	3.000.000

Allir umsækjendur fengu svarbréf frá afmælisnefnd þar sem þeim var þakkað fyrir innsendar tillögur. Fulltrúum verkefna sem valin voru á dagskrána var boðið til kynningar á verkefnunum og afhendingar verkefnastyrkja þann 7. desember í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Viðstaddir kynninguna voru rúmlega 100 gestir, fulltrúar verkefna af öllu landinu.

Í kjölfarið voru gerðir samningar um verkefnin og var framkvæmdastjóra veitt umboð til að samþykka minniháttar breytingar á verkefnum, t.d. vegna aðlögunar að því fjármagni sem var úthlutað en fæst verkefnin fengu þá upphæð sem óskað var eftir í umsóknum. Einnig var framkvæmdastjóra og formanni veitt umboð afmælisnefndar til að taka ákvörðun um endurúthlutun á fjármagni ef til þess kæmi.

Af þeim verkefnum sem hlutu styrk voru fjögur verkefni sem ekki var hægt að framkvæma og féll því styrkvilyrðið til þeirra niður. Tvö verkefni fengu skertan styrk í samræmi við úthlutunarreglur verkefnasjóðs. Endurúthlutað var til fimm verkefna:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Úthlutað
Ísland kemur til Winnipeg	Sinfóníuhljómsveit Winnipeg	200.000
Sjö listamenn	List án landamæra	200.000
Jakobínuvaka 2018	Sigríður Kristín Þórgrímsdóttir	100.000
100 ár – kórverk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur	Dómkórinn í Reykjavík	200.000
Tungumálatöfrar	Menningarmiðstöðin Edinborg	50.000

Tvö verkefni til viðbótar fengu styrkvilyrði í endurúthlutun en náðu ekki fram að ganga og því féllu styrkvilyrðin niður.

Heildarstyrkvilyrði afmælisnefndar voru 75.050 þús. kr. Niðurfelldir og lækkaðir styrkir voru 1.744 þús. kr. Námu styrkir afmælisnefndar til verkefna á dagskrá afmælisársins 73.306 þús. kr.

Listi yfir öll verkefni, styrkta viðburði og þátttökuviðburði, á dagskrá afmælisársins greind niður á landsvæði má finna í viðaukum 10.2.1-10.2.10.

Að baki mörgum verkefnum voru fleiri en einn viðburður. Heildarfjöldi styrktra viðburða á dagskrá afmælisársins er 268. Virkir þátttakendur í viðburðunum voru 10.194 og gestir 239.491.

5.1.1. Greining á umsóknum og úthlutun

Samtals bárust 169 umsóknir um styrki til verkefna á dagskrá fullveldis-afmælisins. Mörg hver gerðu verkefni ráð fyrir fleiri en einum viðburði á fleiri en einum stað á landinu, allnokkur verkefni fóru á fleiri en einn stað á landinu. Í töflu 3 má sjá umsóknir og úthlutun greinda niður á landsvæði eftir lögheimilum umsækjenda.

Umsóknir og úthlutun greind niður á landsvæði eftir lögheimilum umsækjenda

Landsvæði	Sótt um	%	Úthlutað	%
Höfuðborgarsvæðið	94	55,6	48	49,5
Suðurnes	3	1,8	2	2,1
Suðurland	10	5,9	6	6,2
Austurland	4	2,4	3	3,1
Norðurland eystra	23	13,6	15	15,5
Norðurland vestra	14	8,3	8	8,2
Vestfirðir	7	4,1	4	4,1
Vesturland	12	7,1	10	10,3
Erlendis	2	1,2	1	1,0
Samtals verkefni	169		97	

Flestar umsóknir bárust frá höfuðborgarsvæðinu (94), tæplega 56% umsókna, en fæstar af Suðurnesjum (3), 1,8%, og erlendis frá (2), 1%. Flestir styrkir fóru á höfuðborgarsvæðið (48), 49,5%, og á Norðurland eystra (15), 15,5%.

Kyn umsækjenda / styrkhafa

	Umsóknir		úthlutað	
Konur	101	59,8%	64	66%
Karlar	68	40,2%	33	34%
Samtals	169		97	

Í töflunni má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Í heildina er kynjahlutfallið nokkuð jafnt en heldur fleiri konur voru í forsvari verkefna sem sóttu um styrk til afmælisnefndar eða um 60% umsækjenda og heldur fleiri konur, eða 66%, voru í forsvari fyrir verkefni sem fengu úthlutað styrkvilyrði frá afmælisnefnd á móti 34% karla.

5.1.2. Samningar og lokaskýrslur

Gerður var samningur við alla styrkþega þar sem komu fram forsendur styrkveitingarinnar og ábyrgð styrkþega, kveðið á um greiðslur styrksins, bókhalds- og framtalsskyldu. Í samningnum er einnig kveðið á um skyldu styrkþega til að skrá verkefnið á dagskrá afmælisársins á vefsíðu afmælisársins og að við alla kynningu á verkefninu skuli stuðnings afmælisnefndar getið og merki afmælisársins haft sýnilegt.

Þegar verkefnum lauk skiluðu styrkþegar inn lokaskýrslu þar sem gerð var grein fyrir framkvæmd verkefnisins, kynningu og fjölda þátttakenda sem og gesta sem sóttu viðburðinn. Lokaskýrslu fylgdi einnig uppgjör verkefnisins. Styrkvilyrði voru greidd út í tvennu lagi, fyrri hluti við upphaf verkefnis og seinni hluti styrksins var greiddur út þegar lokaskýrslu og uppgjöri var skilað.

5.1.3. Þátttökuviðburðir

Markmið afmælisnefndar var að dagskrá afmælisársins byggðist upp af frumkvæði og virkri þátttöku landsmanna. Því hvatti afmælisnefnd stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga til þátttöku í afmælisárinu og að skrá viðburði á dagskrá afmælisársins sem þátttökuviðburði. Þátttökuviðburðir þurftu að lúta auglýstum áherslum afmælisnefndar. Opið var fyrir skráningar allt árið og voru viðburðir yfirfarnir og samþykktir áður en þeir birtust á vef afmælisársins.

Þátttökuviðburðir fengu ekki beinan fjárstuðning frá afmælisnefnd en fengu kynningu á viðburðum sambærilega þeirri sem önnur verkefni fengu, s.s. auglýsingar á samfélagsmiðlum, kynningu í dagskrárblöðum og komu þau í vikulegu fréttabréfi afmælisnefndar. Nánar er fjallað um kynningar á verkefnum á dagskrá afmælisársins í kafla 6.

Til að kanna viðhorf þeirra sem voru með þátttökuviðburði á dagskrá afmælisársins var send út rafræn könnun til 60 aðila þar sem m.a. var spurt um fjölda þátttakenda og fjölda gesta. Einnig var kannað hvort það hefði skipt máli fyrir viðburðinn að vera hluti af dagskrá afmælisársins og þá hvaða máli það hefði skipt. Var 35% svörun við könnuninni og 86% svarenda töldu það skipta máli að vera hluti af heildardagskrá afmælisársins. Almennit litu viðburðahaldarar á það sem viðurkenningu að vera á dagskrá afmælisársins og töldu það skipta máli að vera hluti af stærri heild, fá kynningu á viðburðum á landsvísu og töldu viðburðina hafa fengið meiri athygli fyrir vikið. Af þessu má ráða að jákvætt hafi verið fyrir þátttökuviðburði að vera hluti af dagskrá afmælisársins.



Sögulegar hagtölur. Mynd: Hagstofa Íslands.

Vísindavefurinn. Skjaskot.



Alls var 191 þátttökviðburður skráður á dagskrá afmælisársins. Áætlaður er fjöldi virkra þátttakenda og gesta út frá áðurnefndri könnun. Fjöldi gesta 47.750 og virkra þátttakenda 4.775.

Á slóðum fullveldis, söguganga. Mynd: EKG.

5.2. Fullveldisdagurinn 1. desember 2018

Fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur með fjölbreyttri dagskrá um land land í samstarfi við stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki, sveitarfélög og fólkið í landinu. Á dagskrá fullveldisdagsins voru 62 viðburðir.

Tafla 5 sýnir fjölda viðburði greinda niður á landsvæði. Flestir viðburðir fóru fram á höfuðborgarsvæðinu, 26 talsins. Á Vesturlandi voru átta viðburðir og Suðurlandi sjö. Færri viðburðir voru í öðrum landshlutum. Lista yfir viðburði sem fóru fram 1. desember er að finna í viðauka 10.3.

Á fullveldisdaginn bar hæst hátíðarhöld ríkisstjórnarinnar sem henni var falið að standa að samkvæmt þingsályktun. Fullveldishátíð ríkisstjórnarinnar fléttaðist inn í fjölbreytta dagskrá þátttökviðburða og viðburði styrkta af afmælisnefnd. Hápunktur þeirrar dagskrár voru setning Fullveldishátíðar sem fram fór við Stjórnarráðið og hátíðardagskrá í Hörpu, Íslendingasögur – *sinfónísk sagnaskemmtun*, voru báðir viðburðirnir í beinni útsendingu á RÚV. Nánar er fjallað um dagskrá ríkisstjórnarinnar í kafla 8.2.

Viðamikil dagskrá var í öllum landshlutum og kom fjöldi stofnana, félagsamtaka, fyrirtækja og einstaklinga að viðburðunum.

Fjöldi viðburða eftir landsvæðum

Landsvæði	Fjöldi
Höfuðborgarsvæðið	26
Vesturland	8
Vestfirðir	3
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	6
Austurland	4
Suðurland	7
Suðurnes	1
Allt landið	2
Erlendis	4
Samtals	62

Á höfuðborgarsvæðinu fóru fram 26 viðburðir, auk þeirra tveggja viðburða sem flokkast undir allt landið og sendir voru út í beinni útsendingu á RÚV, þ.e. setning fullveldishátíðar og hátíðardagskrá ríkisstjórnarinnar, Íslendingasögur – símfónísk sagnaskemmtun.

Nýjar útgáfur vefjanna bækur.is og hljóðsafn.is. Opnun nýrra útgáfa á tveimur vefjum safnsins til að efla stafrænt aðgengi og miðlun á menningararfinum til þjóðarinnar.	Þjóðarbókhlaðan
Hjólað um stytur bæjarins. Listasafn Reykjavíkur býður í samstarfi við Hjólafærni á Íslandi til hjólaferðar með leiðsögn um stytur bæjarins sem tengjast með ýmsu móti fullveldissögu landsins.	Mæting á Hlemmi
Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. FULLVELDISDAGURINN Í LISTASAFNI ÍSLANDS.	Listasafn Íslands
100 ára fullveldisafmæli með stúdentum. SHÍ hvetur nemendur til að hugsa um fullveldisshugtakið út frá mismunandi sjónarhólum.	Háskóli Íslands
Þjóðbúningana í brúk á aldarafmæli fullveldis Íslands. Aðalstræti 10 verður opið kl. 11–17 í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Þar verður gestum boðin aðstoð við að klæðast eigin þjóðbúningum fyrir fullveldishátíðina sem hefst við Stjórnarráðið.	Aðalstræti 10
Fullveldissöngvar 1918–2018. Íslensk sönglög sem hafa fylgt þjóðinni í 100 ár.	Harpa
100 íslenskir fánar. Myndlistasýning.	Íshúsið, Hafnarfirði
„Guðfræðisnámið“ – ávarp Haralds Nielssonar. Til að minnast þess að 1. desember er ein og hálf öld liðin frá fæðingu Haralds Nielssonar mun María Ellingsen, langafabarn hans, flytja fyrirlestur hans.	Háskóli Íslands
Með ungum augum. Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunn-sýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
Hátíð í Hafnarfjarðarkirkju af tilefni 100 ára fullveldi Íslands. Fjölbreytt hátíð í tilefni 100 ára fullveldis Íslands. Erindi, söngur og þjóðbúningasýning. Þjóðbúningamessa sunnudaginn 2. desember.	Hafnarfjarðarkirkja
Leitin að verki Ásmundar frá 1918. Ratleikur úti og inni. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna.	Ásmundarsafn
Söguhringur kvenna/listasmiðja. Helga Arnalds og Aude Busson skapa þægilegt umhverfi þar sem konum gefst tækifæri til að kynna hver annarri og sjálfum sér í gegnum listsköpun; skemmtilegar og skapandi æfingar í dansi, teikningu, ljósmyndun og leik sem geta nýst okkur áfram út í lífið.	Borgarbókasafnið/Menningarhús Gerðubergi
Farsæl, fróð og frjáls. Sýning sem minnst Huldu skáldkonu. Texti Huldu er útgangspunktur sýningarinnar.	Rýmd, listagallerí í Breiðholti
Fullveldiskaffi með Ara Eldjárn. Árbæjarsafn býður gestum safnsins upp á uppistand með Ara Eldjárn ásamt kaffi og kruðeríi undir dönskum áhrifum.	Árbæjarsafn
Vísindi og samfélag – 100 ára afmæli Vísindafélags Íslendinga. Málþing um vísindi og samfélagslegar áskoranir í fortíð, nútíð og framtíð.	Kjarvalsstaðir
Opið hús á Alþingi í tilefni fullveldisafmælis. Alþingishúsið verður opið almenningi kl. 13:30–18:00.	Alþingishúsið
Velkomin um borð – sögusýning Eimskíps. Fjölskylduvæn sýning þar sem stiklað er á stóru um sögu Eimskíps.	Vöruhótel Eimskíps
VATNIÐ í náttúru Íslands. Náttúruminjasafn Íslands opnar fyrstu stóru sýningu sína, Vatnið í náttúru Íslands. Ókeypis er inn á sýninguna 1. og 2. desember í tilefni fullveldisafmælisins.	Perlan
Fáni fyrir nýja þjóð. Sýningin speglar fortíð og framtíð með því að skoða gamlar og nýjar tillögur að íslenska fánanum.	Harpa

Ný ásýnd Þjóðminjasafns og ársaðgangur að gjöf til gesta á 100 ára afmæli fullveldis Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
Sigt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð – fjölskylduleiðsögn og Þingvallamósaik-smíðja. Sigt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna.	Kjarvalsstaðir
Nýr heimildavefur Þjóðskjalasafns Íslands opnaður. Í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar opnar Þjóðskjalasafn nýjan heimildavef. Með honum verður bylting í aðgengi að eftirsóttum heimildum. Þúsundir skjalabóka og korta verða birt þar.	Laugavegur 162
Með ungum augum. Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunn-sýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
Fullvalda konur og karlar. Ljósmyndasýningin „Fullvalda konur og karlar“ hampar þeim sem börðust fyrir fullveldi og stjórn málaréttindum Íslendinga, konum og körlum.	Borgarbókasafn/Menningarhús Grófinni
SAGATÍÐ – NUTID. Íslendingasögurnar komu út árið 2014 í nýrri danskri þýðingu, með myndskreytingum myndlistarkonunnar Karin Birgitte Lund. Sýning á verkum hennar fyrir útgáfuna er nú haldin í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands.	Veröld – hús Vigdísar
Fokkað í fullveldinu. Uppistand, spuni, tónlist og kabarett.	Þjóðleikhúsið

Á Vesturlandi voru átta viðburðir í sex bæjarfélögum.

100 ára fullveldishátíð í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Sýning á verkum nemenda Grunnskólans í Stykkishólmi. Heiti sýningarinnar er Ísland þá og nú þar sem árin 1918 og 2018 eru borin saman.	Grunnskólinn í Stykkishólmi
Fullveldishátíð. Fullveldishátíð með hátíðardagskrá.	Ólafsvík
Grunnskóli Grundarfjarðar – opið hús.	Grunnskóli Grundarfjarðar
Fullveldishátíð Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Fullveldishátíð Norska hússins 1. desember 2018.	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Skotthúfan í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands – þjóðbúningahátíð.	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Fullveldi til fullveldis. Dagskrá í tönnum og tali þar sem stiklað er á stóru í tónlistar- og menningarsögu Íslands frá landnámi til okkar daga.	Reykholtskirkja
100 ára fullveldishátíð Íslands – fjölskylduhátíð í Skallagrímssgarði.	Borgarnes
Þjóðlegir tónleikar í gömlu kirkjunni – Gadus morhua.	Gamla kirkjan í Stykkishólmi

Á Vestfjörðum fóru fram þrjár viðburðir í þrem bæjarfélögum.

Flaggað í hálfu stöng við fullveldi. Fyrirlestur um aðdraganda fullveldis Íslands og þá atburði sem áttu sér stað á Íslandi og um heiminn árið 1918.	Safnahúsið, Ísafirði
Hundrað ára fullveldisafmæli verður fagnað kl. 14 í Ráðhúsi Bolungarvíkur og endurbættum Ráðhússal.	Ráðhús Bolungarvíkur
Hver á sér meðal þjóða þjóð? Sunnakórinn leiðir gesti í ferðalag um sögu fullvalda þjóðar. Í gegnum tóna og myndir er komið við á jafnt hversdagslegum og sögulegum stundum þjóðar á hraðri vegferð til nútímans.	Félagsheimilið á Þingeyri

Á Norðurlandi vestra var einn viðburður sem fram fór í Varmahlíð.

„Hver á sér fegra föðurland.“ Skemmtidagskrá í tali og tónum.	Menningarhúsið Miðgarður, Varmahlíð, Skagafirði
---	---

Á Norðurlandi eystra voru fimm viðburðir í fjórum bæjarfélögum.

100 ára fullveldi Íslands. Uppskeruhátíð á afmæli fullveldis Íslands. Nemendur sýna verk sína, bjóða upp á viðburði og þjóðlega veitingar.	Borgarhólsskóli, Húsavík
Fullveldishátíð í Háskólanum á Akureyri. Bæjarbúar hringja Íslandsklukkunni 100 sinnum og skrá þannig nöfn sín í sögubækurnar	Háskólinn á Akureyri
Fullveldishátíð í Bergi. Dagskrá í tilefni dagsins á vegum Menningarfélagsins og safnanna í Dalvíkurbyggð.	Menningarhúsið Berg, Dalvík
100 ára fullveldisafmæli Íslands – 30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum. Hátíðar- og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.	Íþróttahúsið á Laugum/Dimmuborgir
Fullveldið endurskoðað, taka tvö: Rósaboðið. Gjörningur fluttur af listakonunum Heklu Björt Helgadóttur og Brák Jónsdóttur í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins.	Listasafnið á Akureyri
Fullveldiskantata. Nýtt verk í söngleikjastíl eftir Sigurð Ingólfsson og Michael Jón Clarke.	Hof

Á Austurlandi fóru fram fjórir viðburðir í fjórum bæjarfélögum.

Austfirskt, sjálfbært fullveldi – lokahóf. Hátíðardagskrá verkefnisins „Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?“	Menntaskólinn á Egilsstöðum
Fullveldishátíð Vopnafirðinga. 100 ára fullveldisafmæli í Vopnafjarðarskóla.	Vopnafjarðarskóli
Hátíðardagskrá í Löngubúð, Djúpvavgi. Sýningin „Gammur, griðungur, dreki og bergisi“ opnuð við hátíðlega stund í Löngubúð.	Langabúð
Hátíðartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands. Í tilefni af 100 ára fullveldi á Íslandi mun nýstofnuð Sinfóníuhljómsveit Austurlands stíga á stökk í fyrsta sinn. Sögustund fyrir börnin og kaffiveitingar í boði Fjarðabyggðar að tónleikum loknum.	Tónlistarmiðstöð Austurlands



1. desember 2018, Katrín Jakobsdóttir.
Mynd: Forsætisráðuneytið.



1. desember 2018, Sinfónísk sagnaskemmtun í Hörpu. Mynd: Forsætisráðuneytið.

Á Suðurlandi voru skráðir sex viðburðir í sex sveitarfélögum.

Fullveldi í kjölfar Kötlugoss. Samkoma í Skaftárhreppi. Ræður, myndlistarsýning, tónlistaratriði og sýndar stuttmyndir um Kötlugosið 1918 og fullveldi Íslands sem kom í kjölfar gossins og vakti mönnum von um betra líf á erfiðum tímum.	Kirkjuhvoll, Kirkjubæjarklaustri
Hátíðardagskrá í Nýheimum, Höfn. Hátíðardagskrá í Nýheimum.	Nýheimar, Höfn
Meningardagskrá barna – 1. des. 2018. Dagskrá þar sem nemendur Grunnskólans í Hveragerði kynna og flytja eigin ritverk og myndverk úr samkeppni tengdri 100 ára afmæli fullveldisins. Dómnefndir afhenda viðurkenningar. Tónlistaratriði flutt af nemendum Tónlistarskóla Árnesinga.	Listasafn Árnesinga/Bókasafnið í Hveragerði
Fjallkonurnar okkar. Nokkrar af þeim sem hafa verið fjallkonur í Þorlákshöfn á 17. júní í gegnum tíðina koma og flytja það ljóð sem þær fluttu þegar þær voru fjallkonur.	Versalir, Ráðhúsi Ölfuss
Hátíðartónleikar í Skálholtsdómkirkju 100 ára fullveldi. Hátíðartónleikar í Skálholtsdómkirkju tileinkaðir 100 ára afmæli fullveldis Íslendinga og upphafi aðventu 2018. Kórar af suðurlandi koma fram ásamt einsöngvara og hljófæraleikurum.	Skálholtsdómkirkja
Heimildamyndin Útvörðurinn. Mynd eftir Gunnar Sigurgeirsson um SIGURÐ PÁLSSON, bónda, safn- og vitavörð á Baugsstöðum.	Bíóhúsið á Selfossi

Á Suðurnesjum sameinuðust sveitarfélögin um einn viðburð sem haldinn var í Reykjanesbæ.

Fullveldisafmæli á Suðurnesjum. Sveitarfélögin á Suðurnesjum bjóða til fagnaðar vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands.	Bíósalur/Duus-safnahús
--	------------------------

Fjórir viðburðir sem fram fóru erlendis 1. desember voru skráðir á dagskrána.

Fullveldishátíð í Berlín.	Sendiráðsbústaðurinn í Berlín
Hátíðardagskrá 1. desember 2018. Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins fer fram vegleg hátíðardagskrá á Nordatlantens Brygge.	Nordatlantens Brygge
Meningardagskrá og fullveldismóttaka.	Helsinki
Hátíðarhald í Norðurlandahúsinu í Tórshavn. Móttaka og hljómsveitin Ylja frá Íslandi spilar.	Þórshöfn



1. desember 2018, heimsókn Danadrottningar á Lífsblómið.
Mynd: Forsætisráðuneytið.



1. desember 2018, heimsókn Danadrottningar í Veröld – hús Vigdísar. Mynd: Forsætisráðuneytið.

5.3. Viðburðir erlendis

Afmælisnefnd átti snemma árs 2017 fund með fulltrúum utanríkisráðuneytisins, Stefáni Hauki Jóhannessyni ráðuneytisstjóra og Gunnari Pálssyni prótókollstjóra. Leitað var eftir samstarfi um að virkja sendiráðin og tengja viðburði á þeirra vegum við afmælisárið. Þar var rætt um að setja upp sögusýningu í sendiráðunum sem þróaðist síðan út í stuttmyndina Fullveldi Íslands 1918–2018 sem var sýnd í sendiráðunum og viðburðum þeim tengdum. Fulltrúar ráðuneytisins upplýstu afmælisnefnd um að þegar væri byrjað að undirbúa viðburði tengda afmælisárinu í sendiráðinu í Kaupmannahöfn. Í framhaldi af fundinum var Skafta Jónssyni falið að vera tengiliður við afmælisnefnd og sendiráðin. Í nóvember 2017 fór Skafti til annarra starfa og í stað hans kom Auður Edda Jökulsdóttir. Aðstoðuðu þau afmælisnefnd við að koma upplýsingum til sendiráðanna og hvatningu um skráningu viðburða á vef afmælisársins. Afmælisnefnd var einnig í góðu samstarfi við Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, og starfsfólk hans í sendiráðinu.



Sendiráð Íslands í Danmörku.



Frá hátíðarhöldum 1. desember 2018 á Norðurbyggju í Kaupmannahöfn. Mynd: PM.

Gerð var ensk útgáfa af merki afmælisársins til notkunar fyrir sendiráðin sem og útlit á rúllustanda sem hægt var að nota á viðburðum.

Í upphafi árs 2018 ákvað ríkisstjórnin að styðja sérstaklega við viðburði sem færu fram í Kaupmannahöfn og Berlín í tilefni fullveldisafmælisins. Var undirbúningur og umsýsla þess fjármagns ekki á höndum afmælisnefndar og því er ekki gerð grein fyrir nýtingu þess fjármagns hér.

Alls voru 80 viðburðir sem fóru fram erlendis skráðir á vef afmælisársins. Þar af voru níu þeirra styrktir af afmælisnefnd og 71 þátttökuviðburður sem margir hverjir nutu sérstaks stuðnings ríkisstjórnarinnar eins og áður er getið. Einungis hluti viðburða sem fóru fram á erlendri grund var skráður á vefsíðu afmælisnefndar og samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu voru 244 viðburðir á vegum utanríkisþjónustunnar sem tengdust afmælisárinu á einhvern hátt.

Á töflunni hér til hliðar má sjá verkefni sem skráð voru á dagskrárvef afmælisársins eftir löndum. Flest verkefni fóru fram í Danmörku, 40 viðburðir, og Þýskalandi, 17 viðburðir, og var hluti þeirra styrktur af ríkisstjórn. Önnur lönd voru með 1-4 verkefni skráð á dagskrárvef afmælisársins.

5.4. Greining á verkefnum á dagskrárvef afmælisársins

Á dagskrá afmælisársins voru skráðir 459 viðburðir. Þar af voru 268 styrktir af afmælisnefnd og 191 þátttökuviðburður.

Viðburðir greindir eftir landsvæðum.

	Fjöldi viðburða	Styrktir viðburðir	Þátttökuviðburðir
Höfuðborgarsvæðið	200	124	76
Vesturland	31	28	3
Vestfirðir	19	12	7
Norðurland vestra	11	9	2
Norðurland eystra	34	25	9
Austurland	12	8	4
Suðurland	24	14	10
Suðurnes	3	1	2
Erlendis	80	9	71
Landsverkefni*	45	38	7
Samtals	459	268	191

* Landsverkefni eru verkefni sem allir landsmenn geta notið og/eða tekið þátt í, s.s. í útvarpi, sjónvarpi, samkeppnir.

Verkefni á dagskrá afmælisársins greind niður á lönd.

Land	Fjöldi
Bandaríkin	1
Belgía	1
Danmörk	40
Færeyjar	3
Finnland	2
Frakkland	3
Kanada	1
Noregur	4
Rússland	4
Svíss	1
Svíþjóð	3
Þýskaland	17
Samtals	80

Flestir viðburðirnir fóru fram á höfuðborgarsvæðinu (200) en fæstir á Suðurnesjum (3). Þar á eftir eru Norðurland eystra (34) og Vesturland (28). 80 viðburðir sem fóru fram erlendis voru skráðir á dagskrá afmælisársins.

Í greinargerðum frá styrkhöfum kemur fram fjöldi gesta á viðburðum og fjöldi beinna þátttakenda við viðburðinn.

Styrktir viðburðir – fjöldi gesta og virkra þátttakenda.

	Styrktir viðburðir	Gestafjöldi	Virkir þátttakendur	Íbúafjöldi
Höfuðborgarsvæðið	124	182.097	5.882	224.098
Vesturland	28	6.031	844	16.348
Vestfirðir	12	1.720	133	7.036
Norðurland vestra	9	3.059	2.273	7.203
Norðurland eystra	25	29.329	448	30.476
Austurland	8	3.400	33	12.849
Suðurland	14	6.731	527	26.705
Suðurnes	1	3.759	36	26.133
Erlendis	9	3.365	18	-
Landsverkefni*	38	*		-
Samtals	268	239.491	10.194	-

* Landsverkefni eru verkefni sem allir landsmenn geta notið og/eða tekið þátt í, s.s. í útvarpi, sjónvarpi, samkeppni. Ekki var hægt að halda utan um gestafjölda á þessum verkefnum.



„Kellingar“ minnst fullveldis. Mynd: Bókasafn Akraness og Skagaleikflokkurinn.

Taflan sýnir fjölda gesta styrktra verkefna og virkra þátttakenda. Alls sóttu 239.491 gestur þá 268 viðburði sem afmælisnefnd styrkti. Beinir þátttakendur í verkefnunum voru 10.194 einstaklingar. Flestir viðburðir voru á höfuðborgarsvæðinu og gestafjöldi þar var mestur. Ef gestafjöldi er skoðaður með hliðsjón af íbúafjölda sker Norðurland eystra sig úr. Þar búa 30.476 einstaklingar og gestir á þeim 25 viðburðum sem afmælisnefnd styrkti voru 29.329.

Fjöldi gesta sótti einnig þátttökuviðburði sem voru á dagskrá afmælisársins. Gestafjöldi þátttökuviðburða er áætlaður út frá könnun sem send var til viðburðahaldara þar sem m.a. var spurt um gestafjölda og fjölda virkra þátttakenda.

Sköðað var bæði meðaltal og miðgildi. Notað er miðgildi til að áætla fjölda gesta og þátttakenda í þeim 191 þátttökuviðburði á dagskrá afmælisársins.

Áætlaður fjöldi gesta á þátttökuviðburðum er 47.750 og áætlaður fjöldi virkra þátttakenda er 4.775.


Út frá þessum forsendum er heildargestafjöldi viðburða sem voru á dagskrá afmælisársins 287.241.

Heildargestafjöldi viðburða sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins.

	Fjöldi	Gestafjöldi	Virkir þátttakendur
Styrktir viðburðir	268	239.491	10.194
Þátttökuviðburðir	191	47.750	4.775
Samtals	459	287.241	14.969

Út frá þessum forsendum er áætlaður heildarfjöldi gesta á þeim 459 viðburðum sem skráðir voru á dagskrá afmælisársins **287.241** og beinir þátttakendur í verkefnum **14.969**. Rétt er að taka fram að í þessum tölum eru ekki þátttakendur eða gestir í því sem flokkað er undir landsverkefni.

Íslenski ríkisfáninn (tjúgufáninn) sem dreginn var að húni á Stjórnarráðshúsinu 1. desember 1918. Mynd: Þjóðminjasafn Íslands.





Bræður – Íslenska óperan

Íslenska óperan var aðili að samstarfi við den Jyske Opera með uppfærsluna á óperunni *Brothers* eftir Daníel Bjarnason sem var einn helsti viðburðurinn í Árósum þegar borgin var Menningarborg Evrópu árið 2017.

Það lá því beint við að sýna óperuna hér heima sama ár og landið fagnaði 100 ára fullveldisafmæli sínu og það var á sinn hátt mjög táknrænt að þessi viðburður sem var samstarfsverkefni Íslands og Danmerkur yrði eitt af verkefnum sem Fullveldissjóður valdi að styrkja og var það verkefninu til mikils framdráttar.

Samstarfið við sjóðinn sem starfaði mjög faglega var að öllu leyti mjög ánægjulegt og þau samlegðaráhrif sem samstarfið hafði í kynningu fyrir utan styrkinn sjálfan reyndist okkur afar mikilvægt.

Mér fannst afmælisárið takast á allan hátt mjög vel og þá sérstaklega hvað varðaði breidd þeirra verkefna sem sjóðurinn starfaði með og höfðu mikla þýðingu fyrir hvert þeirra, hvort sem þau voru stór eða smá.

Við erum mjög þakklát fyrir samstarfið og hvernig til tókst og sannfærð um að ekki hefði verið hægt að gera betur hvað varðar samstarf við listviðburðina sem sjóðurinn valdi til samstarfs.

Umsagnir samstarfsaðila

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, óperustjóri



Listahátíð í Reykjavík

Borgargjörningurinn R1918 var settur á svið á Listahátíð í Reykjavík sérstaklega til þess að minnst 100 ára fullveldisafmælisins. Stuðningur afmælisnefndar skipti sköpum fyrir þetta verkefni sem krafðist bæði mikils skipulags og undirbúnings. Afmælisnefnd studdi einnig veglega við leiksýninguna EDDU í leikstjórn Roberts Wilson sem sýnd var í Borgarleikhúsinu. Þessi sýning er bæði mannmörg og tæknilega krefjandi. Samstarf margra aðila gerði þetta flókna verkefni mögulegt og þar var stuðningur afmælisnefndar mikilvægur hlekkur í keðjunni.

Fullveldisafmælið þræddi sig fallega í gegnum dagskrána okkar og lyft upp mörgum af glæsilegustu viðburðum Listahátíðar 2018. Takk fyrir okkur!

Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík



Krókurinn í denn – rósir á mölinni

Saga Dana í uppbyggingu Sauðárkróks er mikil og merkileg. Það var því við hæfi, á 100 ára afmæli fullveldis Íslands, að minnast búsetu þeirra hér. Ákveðið var að setja upp tvær revúsýningar í byrjun desember 2018, þar sem fjallað var um þátttöku þeirra í ýmsum samfélagsumbótum héraðsins með frásögnum, ljósmyndum, tónlist og leiklist. Sýningin var tekin upp svo hægt er að upplifa hana aftur og aftur. Í aðdraganda sýninganna átti undirrituð mörg samtöl við verkefnisstjóra afmælisársins sem reyndist drjúgur liðsmaður og hvatti okkur óspart áfram með gagnlegum ábendingum, leiðbeiningum og aðstoð af ýmsu tagi. Hafi hún heila þökk fyrir. Heilmikil heimildavinna liggur að baki svona sýningu og margir lögðu drjúga hönd á plóg í því efni. Þeirri vinnu er skilað til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga til varðveislu og nota fyrir þá sem vilja. Öllum þeim sem miðluðu af þekkingu sinni eru færðar miklar þakkir. Það er ljóst að af þessu verkefni hefði ekki orðið ef afmælisnefndarinnar hefði ekki notið við. Það kostar mikla fjármuni að setja slíkt verkefni á fjalinar og því skipti sá fjárhagslegi styrkur sem verkefnið hlaut sköpum. Auk þess lögðu fyrirtæki og einstaklingar í héraðinu verkefninu til fjármuni. Öllum þessum aðilum eru færðar góðar þakkir. Þess ber að lokum að geta að sá hópur sem stóð að því að koma sýningunni upp var vel skipaður og áhugasamur um þessa einstöku og jákvæðu sögu Dana á Sauðárkróki. Vinnan við verkefnið var því einstaklega skemmtileg og verkefnið sjálft vel heppnað. Það er því full ástæða til að þakka af heilum hug öllum þeim sem komu að því á einn eða annan hátt. Sú umgjörð sem afmælisnefndin skapaði þessu verkefni og öðrum verkefnum var til fyrirmyndar og vel að því staðið á allan hátt.

Hvernig grannar erum við? Tengsl Íslands og Grænlands á 20. öld

Ég er afar ánægð að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í afmælisárinu. Bæði tryggði styrkurinn að við gátum haft viðburðina jafn veglega og raun varð og viðburðirnir fengu meiri athygli tengdir afmælisárinu en ella. Það var greinilegt að fólk og ekki síst fjölmiðlar fylgdust með dagskránni. Öll afgreiðsla erinda í kringum samstarfið var líka einstaklega góð og aðgengi t.d. að heimsíðu gott og innfærsla á efni einföld aðgerð. Reynslan mín af þátttöku í þessu verkefni er mjög góð og ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir að fá að vera með.

Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Safnahúss Ísafjarðar



Á kafi í fullveldi

Reynsla okkar á Akureyrarstofu af þátttöku í afmælisárinu var einstaklega ánægjuleg. Hugmyndin sem við komum í verk hefði aldrei orðið til nema vegna hvatningarinnar sem fólgin var í möguleikanum á styrk – aldrei áður hefur verið haldið málþing í sundlaug eftir því sem best verður vitað. Það var gaman að fá að leggja svo óvenjulegan viðburð til glæsilegrar dagskrár 100 ára afmælis fullveldisins. Takk fyrir okkur.

Þórgnýr Dýrfjörð, Akureyrarstofustjóri



Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi

„Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?“ er fullveldisverkefni á Austurlandi sem var samstarf stofnana, fyrirtækja og einstaklinga á Austurlandi árið 2018. Styrkur til verkefnisins frá afmælisnefnd 100 ára fullveldis Íslands var mjög mikilvægur fyrir verkefnið. Auk þess sem styrkurinn skipti fjárhagslega miklu fyrir verkefnið var það líka viðurkenning á því að verkefnið væri gott og gaf fordæmi fyrir aðra til að veita verkefninu fjárhagslegan stuðning. Framkvæmdastjóri Ragnheiður Jóna kom á Austurland strax 2017 og veitti góðar upplýsingar um heildarhugmyndafræði fullveldisafmælisins á landsvísu sem var grundvallaratriði til þess að þeir aðilar sem sóttu fundinn fengju áhuga og sæju tækifæri í því að taka þátt og búa til verkefni á Austurlandi.

Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi



Umsagnir samstarfsaðila



Einskismannsland: Ríkir þar fegurðin ein? og Tak i lige måde: Samtímalist frá Danmörku

Það var Listasafni Reykjavíkur bæði styrkur og hvating að njóta stuðnings fullveldisnefndar. Stærsta verkefni ársins var sýningin Einskismannsland og var sýningunni ætlað að bregða ljósi á afstöðu þjóðarinnar til viðerna landsins á fullveldistímanum. Tengingin við fullveldisafmælið vakti athygli á innihaldi og merkingu verkanna og þá um leið tengslum myndlistar við samfélagið. Safnið kinkaði síðan kalli til fyrrum herrapjóðar með því að bjóða leiðandi dönskum listamönnum að sýna í safninu. Verkin á sýningunni endurspegluðu öll á einn eða annan hátt tengsl nýlenduríkis við fortíð sína eða hugmyndir um mörk og mæri þar sem valdajafnvægi er ójafnt.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Borgfirskur ljóðabrunnur og ungt fólk

Safnahús Borgarfjarðar og Tónlistarskóli Borgarfjarðar standa saman að verkefni sem miðar að því að hvetja ungt fólk í héraðinu til listrænnar sköpunar. Er þetta gert undir heitinu „Að vera skáld og skapa“. Árið 2018 varð um þetta formlegt samstarf við afmælisnefnd um 100 ára fullveldi Íslands og til grundvallar lá ljóðahefti með ættjarðarljóðum borgfirska skálda. Nemendur skólans völdu sér ljóð og nýttu þau sem innblástur að tónsmíð. Verkin frumfluttu þeir á opnum tónleikum á sumardaginn fyrsta og voru tónleikarnir hluti af hátíðardagskrá afmælisársins. Í því var fólgin verðmæt viðurkenning fyrir tónskáldin ungu, verkefnið sjálft og gildi þess. Eru afmælisnefnd færðar bestu þakkir fyrir þann stuðning og hvatningu sem þetta samstarf fól í sér.

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar



Umsagnir samstarfsaðila



Kirkjur Íslands: Skrúði og áhöld og fleiri viðburðir

Það var ánægjulegt að taka þátt í veglegri dagskrá í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands. Fróðlegt var að horfa yfir farinn veg og sjá hve mikið hefur áunnist á einni öld með samhentum átaki. Breið samvinna og þátttaka fólks um allt land einkenndi einmitt litríka afmælisdagskrá ársins 2018 sem gefur tilefni til bjartsýni um spennandi mannlíf og auðugt samtal í þágu samfélagsins. Á þeim grunni má líta björtum augum fram á veginn þar sem horfst verður sameiginlega í augu við áskoranir samtímans.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður

Umsagnir samstarfsaðila

6. KYNNINGARMÁL

Gerður var samstarfssamningur við auglýsingastofuna Pipar/TBWA um ráðgjöf og þjónustu vegna kynningarmála fyrir afmælisárið. Í samningi við Pipar/TBWA kemur fram að stofan veiti afmælisnefnd „almenna ráðgjöf og þjónustu við ímyndaruppbyggingu, mótun auglýsingastefnu, útfærslu markaðsefnis, auglýsinga- og kynningarefni og önnur skyld verkefni. Einnig hefur stofan milligöngu vegna hvers kyns framleiðslu fyrir viðskiptavin, þ.m.t. prentun og framleiðslu útsends efnis, s.s. auglýsinga fyrir sjónvarp og útvarp. Sama gildir um gerð hvers kyns kynningarefnis nefndarinnar og annars sem framleiða þarf í tengslum við veitta ráðgjöf og þjónustu“.

Unnin var markaðs- og birtingaáætlun þar sem lagt var upp með að ímynd og tónn auglýsinga ársins yrðu fágud, bjóðandi og nútímaleg. Áætlunin varð grunnur að kynningu afmælisársins en þó var tekið nokkuð niður í samræmi við það fjármagn sem ætlað var til kynningarmála í fjárhagsáætlun og lögð var áhersla á að kynna verkefni á dagskrá afmælisársins.

Lögð var áhersla á að vitund um afmælisárið yrði almenn og hluti af því var að merki afmælisársins yrði sýnilegt hjá samstarfsaðilum sem og þurftu öll verkefni á dagskrá afmælisársins að birta merkið á auglýsingum og kynningarefni.

Leitað var eftir tilboðum í prentun á fánum með merki afmælisársins. Samið var við Merkismenn um framleiðslu og sölu fána með merki afmælisársins. Afmælisnefnd hvatti sveitarfélög, stofnanir og styrkþega til að flagga á viðburðum tengdum afmælisárinu og nýta fullveldisfána við sem flest tækifæri á afmælisárinu.

6.1. Kynningar á verkefnum

Afmælisnefnd kynnti alla viðburði sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins. Áhersla var á auglýsingar á vefmiðlum og samfélagsmiðlum og auk þess voru gefin út tvö dagskrárblöð. Í samningum við styrkþega kom fram að miðað er við að viðburðir eða verkefni styrkt af afmælisnefnd séu auglýst opinberlega og merki afmælisársins skyldi vera á auglýsingum, dagskrá og öðru kynningarefni. Merki afmælisársins og leiðbeiningar um notkun voru send öllum styrkþegum, auk þess sem það er finna á vefsíðu afmælisársins. Með þessu ákvæði var einnig sett sú ábyrgð á styrkþega að auglýsa verkefni og merkja þau afmælisárinu.



Afmælisnefnd, auglýsingar.

Keypt var kynning á facebook á alla viðburði sem skráðir voru dagskrá afmælisársins og var viðkomandi tengdur við kynninguna eftir því sem við varð komið. Í kynningarnar voru notaðir textar um verkefni sem styrkþegi hafði skráð á vef afmælisársins og mikið var lagt upp úr því að allar upplýsingar um viðburðina væru réttar á dagskrárvefnum og textagerð vönduð.

Boðið var upp á að setja inn á facebook-síðu afmælisársins myndir og stuttar fréttir frá undirbúningi viðburða og/eða að afloknum viðburðum. Hluti viðburðahaldara nýtti sér þennan möguleika og sendi afmælisnefnd myndir og texta. Keyptar voru dreifingar á þessar færslur.

Gefin voru út tvö dagskrárblöð þar sem viðburðir á dagskránni voru kynntir. Fyrri blaðið kom út í upphafi árs og seinna blaðið í júní. Í fyrri blaðinu voru kynntir viðburðir frá janúar til loka maí og var blaðið fylgiblað með Fréttablaðinu. Seinna blaðið kom út í byrjun júní þar sem kynntir voru viðburðir frá júní til ársloka. Því blaði var dreift inn á öll heimili í landinu. Bæði blöðin voru byggð upp á textum og myndum frá styrkþegum sem voru á vefsíðu afmælisársins. Keyptar voru lesnar auglýsingar á RÚV og Bylgjunni í tengslum við útgáfu blaðanna.

Leitað var eftir samstarfi við styrkþega og samstarfsaðila um að vekja athygli á vefsíðu og facebook-síðu afmælisársins og voru þessir aðilar hvattir til að merkja myndir frá viðburðum með myllumerkinu #fullveldi1918 og safna þannig skemmtilegum minningum frá afmælisárinu. Tvö önnur myllumerki voru notuð á vegum afmælisársins. Sendiráðin og verkefni sem fóru fram erlendis voru hvött til að nota, auk #fullveldi1918, myllumerkið #iceland100. Forsætisráðuneytið kynnti einnig myllumerkið #fullveldisdagurinn í tengslum við viðburði sem það stóð að á fullveldisdaginn, einnig hvatti afmælisnefnd til notkunar á myllumerkinu í tengslum við viðburði sem fóru fram 1. desember.

6.2. Auglýsingar

Afmælisnefnd lagði áherslu á að auglýsingar nefndarinnar næðu til alls landsins. Fyrstu auglýsingar afmælisnefndar birtust þegar kallað var eftir verkefnum á dagskrána í september 2017. Auglýsingarnar birtust í völdum landshlutamiðlum, vefmiðlum, stærstu dagblöðunum sem og voru lesnar auglýsingar á RÚV og Bylgjunni. Einnig var leitað til ýmissa aðila um aðstoð við að koma upplýsingum um afmælisárið og auglýsingum á framfæri, s.s. Sambands íslenskra sveitarfélaga, samtaka sveitarfélaga og fleiri aðila um land allt.



Afmælisnefnd, bréfspjald.



Afmælisnefnd, auglýsing.

Vefsíða og facebook-síða afmælisnefndar voru auglýstar á samfélagsmiðlum, vefmiðlum og RÚV þegar líða tók á árið 2017 og lögð var áhersla á að koma upplýsingum um síðurnar sem víðast, bæði með keyptum auglýsingum, kynningu í blöðum og í gegnum samstarfsaðila. Í tengslum við útgáfu fyrra dagskrárblaðs ársins var auglýst á samfélagsmiðlum og í lesnum auglýsingum og vefsíða afmælisársins kynnt. Var það endurtekið að vori þegar síðara dagskrárblað ársins kom út.

Í mars auglýsti afmælisnefnd samkeppni um kórlag í tilefni afmælisársins, auglýst var í blöðum, samfélagsmiðlum og vefmiðlum.

Áhersla var á auglýsingar og keyptar færslur á samfélagsmiðlum og fjallað er um notkun samfélagsmiðla í kafla 6.3. Sérstök áhersla var á kynningu í kringum 1. desember og var sú kynning unnin í samvinnu við forsætisráðuneytið, sjá nánar í kafla 6.4.

6.3. Samfélagsmiðlar

Í kynningu og umfjöllun um verkefni á dagskrá afmælisársins var lögð áhersla á samfélagsmiðla. Keyptar voru færslur á facebook og Instagram á viðburði sem voru skráðir á dagskrá afmælisársins. Keyptar voru færslur á fréttir og annað áhugavert efni sem tengdist afmælisárinu, s.s. svör um 1918 á Vísindavefnum og fréttir frá Hagstofunni um sögulegar hagtölur tengdar fullveldisöldinni. Alls voru keyptar auglýsingar á 602 færslur á facebook og Instagram.

Keyptar voru auglýsingar á samfélagsmiðla fyrir þau verkefni og viðburði sem afmælisnefnd stóð að. Í upphafi var auglýst eftir verkefnum á dagskrána, vefsíða afmælisársins var auglýst sem og dagskráin, skráning þátttökuverkefna, heildardagskrá afmælisársins, samkeppni um kórlag, dagskrá fullveldisdagsins o.fl.

Allir sem voru með viðburði á dagskrá afmælisársins voru hvattir til að nota myllumerki afmælisársins, #fullveldi1918. Verkefni sem voru á vegum sendiráðanna og erlendis voru hvött til að nota myllumerkið #Iceland100 og kynnti forsætisráðuneytið myllumerkið #fullveldisdagurinn fyrir viðburði sem fram fóru 1. desember. Önnur myllumerki sem voru með orðinu „fullveldi“ sem tengdust afmælisárinu voru 31. Alls birtust 785 póstar með myllumerkjum sem tengdust fullveldisafmælinu.

Alls voru 785 póstar með myllumerkjum sem tengdust fullveldisafmælinu. Flestir póstarnir, eða 527, voru merktir með myllumerki afmælisnefndar, 39 póstar notuðu erlenda útgáfu af myllumerki afmælisnefndar og 30 póstar voru merktir myllumerki fullveldisdagsins sem kynnt var af forsætisráðuneytinu og auglýst af afmælisnefnd og fjölda færslna sem merkt voru með viðkomandi myllumerki. 189 póstar voru merktir öðrum myllumerkjum sem voru með orðinu „fullveldi“.

Opnuð var youtube-rás undir heitinu Fullveldi Íslands þar sem er að finna Fullveldi Íslands 1918–2018 á þrem tungumálum.



Myllumerki tengd fullveldisafmælinu

Myllumerki	fjöldi færslna
#fullveldi1918	527
#Iceland100	39
#fullveldisdagurinn	30
#fullveldi	44
#fullveldið	13
#fullveldiíislands	22
#fullveldi100ára	15
#fullveldiðendurskoðað	8
#fullveldisdagur	4
#fullveldishátið	48
#fullveldiíislands1918	1
#fullveldi2018	3
#fullveldisbörnin	1
#fullveldiíislands100ára	5
#fullveldisfárviðri	4
#fullveldiíislands	3
# -önnur myllumerki	18
Samtals	785

Afmælisnefnd, auglýsing.

6.4. Kynningar 1. desember

Sérstök áhersla var lögð á kynningu á þeim fjölbreyttu viðburðum sem fóru fram á fullveldisdaginn, 1. desember. Afmælisnefnd var í samstarfi við forsætisráðuneytið um kynningu á deginum en samkvæmt þingsályktun var ríkisstjórninni falið að efna til hátíðarhalda 1. desember. Gerð var sameiginleg kynningaráætlun fyrir forsætisráðuneytið og afmælisnefnd.

Á dagskrá fullveldisdagsins voru 62 viðburðir sem fram fóru um land allt. Kynningaráætlunin tók mið af því. Markmiðið var að auðvelt yrði að nálgast dagskrá dagsins eftir landsvæðum.

Viku fyrir fullveldisdaginn birtust auglýsingar í vefmiðlum, MBL, Vísi og vefmiðlum landshlutablaða. Á samfélagsmiðlum, facebook og Instagram, voru keyptar auglýsingar fyrir hvert landsvæði þar sem var bein tenging inn á dagskrá á viðkomandi landsvæði.

Keyptar voru tvær heilsíðuauglýsingar í Fréttablaðinu 30. nóvember, önnur auglýsingin var með áherslu á höfuðborgarsvæðið og hin á landsbyggðirnar. 1. desember birtist opna í sérstöku fullveldisblaði sem fylgdi Morgunblaðinu þar sem dagskrá fullveldisdagsins var auglýst. Einnig birtust skjáauglýsingar í RÚV og lesnum auglýsingum á RÚV og Bylgjunni þar sem annars vegar voru auglýstir hátíðarviðburðir ríkisstjórnarinnar og hins vegar almenn auglýsing um hvar mætti finna dagskrá fullveldisdagsins.



Stjórnarráðið. Mynd: Forsætisráðuneytið.

7. FJÁRHAGUR AFMÆLISNEFNDAR

Fjárheimildir afmælisnefndar voru 260 milljónir króna sem skiptust niður á árin 2017 og 2018, 60 milljónir á árinu 2017 og 200 milljónir á árinu 2018, og tók fjárhagsáætlun afmælisnefndar mið af fjárheimildum.

Í fjárhagsáætlun nefndarinnar var gert ráð fyrir að gera samninga við fulltrúa þeirra verkefna sem afmælisnefnd var falið að framkvæma samkvæmt þingsályktun, auk þess sem gerðir voru samningar við fulltrúa verkefna sem valin voru á dagskrá afmælisársins. Afmælisnefnd gerði skuldbindingu samninga að upphæð 169,4 milljónir kr. við eftirtalda aðila:

- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, um sýninguna Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár, að upphæð 34,2 milljónir króna.
- Saga forlag, vegna hátíðarútgáfu af Íslendingasögnum, 30 milljónir króna.
- Sögufélag, vegna ritunar og útgáfu bókanna Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018 og Hinir útvöldu: Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918, 31,9 milljónir kr.
- Forsvarsmenn verkefna sem valin voru á dagskrá afmælisársins að upphæð 75 milljónir kr. Lækkaðir styrkir og niðurfelld styrkloforð voru 1,7 milljónir kr. Alls námu því samningar vegna verkefna 73,3 milljónum kr.



Frá skólaheimsókn á sýninguna Lífsblómið. Ritað á kálfskinn með sortulyngsbleki og fjaðurstaf. Mynd: Anton Brink.



Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk flutti tónleikhússýninguna *Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur – 1625 – tvær konur á Hóla-hátíð*. Mynd: ReykjavíkBarokk.

Tvö verkefni voru á forræði afmælisnefndar, samkeppni um kórlag og gerð fullveldismyndarinnar *Fullveldi Íslands 1918–2018*. Kostnaður við þessi tvö verkefni var 10,9 milljónir króna kr.

Rekstrarkostnaður var um 8,4 milljónir króna, kynningarmál 21,6 milljónir króna og laun og launatengd gjöld um 34,5 milljónir króna. Heildarkostnaður við afmælisárið var því 244,8* milljónir króna um 94% af heildarfjárveitingu til afmælisársins.

Ef fjárhagsáætlun afmælisnefndar er borin saman við útgjöld kemur í ljós að nánast allir liðir fjárhagsáætlunar standast eða eru undir áætlun. Lögð var áhersla á að vanda allan undirbúning og áætlanagerð. Unnin var nokkuð ítarleg áætlun um hvað ætti að gera og hvenær og byggði fjárhagsáætlunin á því. Leitað var eftir tilboðum í alla verkþætti sem afmælisnefnd kom að og skilaði það þessari niðurstöðu ásamt reglulegri endurskoðun og eftirfylgni áætlunarinnar sem m.a. varð til þess að ófyrirséður kostnaður var hverfandi.

* Kostnaður sem til fellur á árinu 2019 byggir á áætlun þar sem ársreikningur fyrir 2019 liggur ekki fyrir.



8. ÖNNUR VERKEFNI Í ÞINGSÁLYKTUN

Auk verkefna sem afmælisnefnd voru falin samkvæmt þingsályktun var kveðið á um sjö önnur verkefni, þar á meðal að halda hátíðarfund á Þingvöllum um 18. júlí 2018. Ríkisstjórninni var falið að efna til hátíðarhalda 1. desember 2018. Ríkisstjórninni var einnig falið að efna til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og samkeppni um skipulag á Stjórnarráðsreit. Ríkisstjórninni var falið að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð yrði fyrir Alþingi vorið 2017, yrði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns sem og var ríkisstjórninni falið að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni. Þingvallanefnd var falið að ljúka stefnumörkun fyrir framtíðaruppbyggingu Þjóðgarðsins á Þingvöllum og efna til sýningar um sögu Þingvalla og náttúruvar. Haldnir voru reglulegir samráðs- og upplýsingafundir þessara aðila ásamt fulltrúum afmælisnefndar. Fundina sátu fulltrúar viðkomandi ráðuneyta og stofnana sem báru ábyrgð á framkvæmd verkefnanna. Hér verður sagt í stuttu máli frá þessum verkefnum. Frekari upplýsingar um framkvæmd verkefnanna veita viðkomandi stofnanir og ráðuneyti.

1. desember 2018 var Alþingi með opið hús og fjöldi áhugasamra heimsótti Alþingi. Mynd: Skrifstofa Alþingis.



Frá Þingvöllum 18. júlí 2018. Mynd: Skrifstofa Alþingis.

Frá Þingvöllum 18. júlí 2018, Steingrímur J. Sigfússon og Helgi Bernóðusson. Mynd: Skrifstofa Alþingis.



8.1. Hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum

Í samræmi við ályktun Alþingis boðaði Alþingi til hátíðarfundar þann 18. júlí að Lögbergi á Þingvöllum. Á dagskrá þingfundarins var eitt mál, tillaga formanna stjórn málaflökkanna um verkefni í þágu barna og ungmenna, og um rannsóknir er stuðluðu að sjálfbærni auðlinda hafsins og nýtt hafrannsóknaskip. Tillagan var afgreidd með umræðu og atkvæðagreiðslu.

Bein sjónvarpsútsending var frá þingfundinum á Þingvöllum og öllum landsmönnum gafst þannig kostur á að fylgjast með honum. Áður en þingfundurinn hófst var rætt við fólk úr ýmsum áttum um fullveldið og hvaða merkingu það hefði í huga þjóðarinnar. Útsending RÚV hófst kl. 12.45 en einnig var hægt að fylgjast með fundinum á vef Alþingis og sjónvarpsrás Alþingis. Undirbúningur og framkvæmd þingfundarins var í höndum starfsmanna Alþingis.



8.2. Hátíðarhöld ríkisstjórnarinnar 1. desember

Í ályktun Alþingis er ríkisstjórninni falið að efna til hátíðarhalda 1. desember. Forsætisráðuneytið réð Kolbrúnu Halldórsdóttur verkefnisstjóra hátíðarhaldanna. Hún hóf störf í mars 2018.

Leitað var til ungs fólks við undirbúning hátíðarinnar. Haldnir voru hugarflugsfundir, m.a. í samstarfi við KrakkaRÚV, RÚV núll og stúdentafélög háskólanna. Leiðarstef dagskrárinnar var því sýn ungs fólks til næstu 100 ára. Auk þess lagði fjöldi stofnana og félagasamtaka til verkefni á dagskrána og voru fjölbreyttir viðburðir ætlaðir almenningi í helstu menningarstofnunum þjóðarinnar. Einnig var viðburðum víða um land, styrktum af afmælisnefnd, fléttað inn í dagskrána.

Stærstu viðburðir forsætisráðuneytisins á dagskránni voru setning fullveldishátíðarinnar og hátíðardagskrá í Hörpu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti fullveldishátíð við hátíðlega athöfn framan við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu. Flutt voru stutt ávörp í bland við tónlistarflutning. Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna tók virkan þátt í athöfn-

1. desember 2018, setning fullveldishátíðar við Stjórnarráðið. Mynd: Forsætisráðuneytið.

1. desember 2018, setning fullveldishátíðar við Stjórnarráðið. Mynd: Forsætisráðuneytið.



inni. Meðal gesta við setningarathöfnina voru Margrét Þórhildur Danadrottning, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Eliza Reid forsetafrú og Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Dana. Bein útsending var frá setningu fullveldishátíðarinnar á RÚV.

Að kvöldi fullveldisdags bauð forsætisráðuneytið til hátíðardagskrár í Eldborg, Hörpu undir yfirskriftinni **Íslendingasögur – sinfónísk sagnskemmtun**. Almennungi var gefinn kostur á boðsmiðum gegnum sérstaka gátt í miðasölu Hörpu, mikill áhugi var á hátíðinni og fylltist salurinn mjög fljótt. Í upphafi dagskrár ávörpuðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Margrét II. Danadrottning gesti. Sinfóníuhljómsveit Íslands spann ásamt einleikurum, söngvurum og leikurum sinfónískan sagnavef ásamt kórnum Schola cantorum og kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Í sýningunni var horft fram á veginn til næstu 100 ára með sögu síðustu aldar í farteskinu. Í sýningunni var frumflutt sigurlag í kórlagasamkeppni afmælisnefndar, *Landið mitt* eftir Jóhann G. Jóhannsson, auk frumflutnings á verki eftir Báru Gísladóttur sem samið var gagngert fyrir þetta tilefni. Þá var flutt ný útgáfa verksins *Ad Genua* eftir Önnu Þorvaldsdóttur við texta Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Listrænn stjórnandi sýningarinnar var Arnbjörg María Danielsen sem annaðist ásamt danska vídeólistamanninum Lene Juhl Nielsen og ljósahönnuðinum Kasper Wolf Stouenborg sjónræna útfærslu og umgjörð sýningarinnar. Hljómsveitarstjóri var Bjarni Frímann Bjarnason. Sýningin var unnin í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hörpu og RÚV og var sýningin í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV.

Afmælisnefnd var í góðu samstarfi við forsætisráðuneytið varðandi kynningu og auglýsingar fyrir 1. desember og samanstóð dagskráin af viðburðum forsætisráðuneytisins, viðburðum styrktum af afmælisnefnd og fjölda þátttökuviðburða. Heildardagskrá fullveldisdagsins má sjá í viðauka 10.3.

8.3. Samkeppni um hönnun og útlit

Stjórnarráðsbyggingar og skipulag á Stjórnarráðsreit

Forsætisráðuneytið efndi í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Framkvæmdasýslu ríkisins, Ríkiskaup og Reykjavíkurborg til tveggja opinna hugmyndasamkeppna, annars vegar um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og hins vegar um skipulag Stjórnarráðsreits sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

Markmiðið með samkeppninni um viðbygginguna við gamla Stjórnarráðshúsið var m.a. að fá fram bestu mögulegu lausn á viðbyggingu aftan við Stjórnarráðshúsið svo unnt væri að nýta hina sögulega byggingu áfram sem aðsetur forsætisráðuneytis og fundarstað ríkisstjórnar Íslands og ráðherranefnda. Markmiðið með samkeppninni um skipulag Stjórnarráðsins var m.a. að fá fram lausn þar sem áhersla væri lögð á raunhæfar og spennandi tillögur um heildarlausn á skipulagi á reitnum þannig að byggja mætti upp á heildstæðan hátt framtíðarhúsnæði ráðuneyta, stofnana ríkisins og dómstóla, m.a. með hagræðingu í huga.

Samkeppnirnar voru auglýstar í apríl 2018 og voru úrslit kynnt 3. desember 2018 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Sama dag var opnuð sýning á tillögnum sem stóð út mánuðinn. Alls bárust 30 tillögur um hönnun viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið og átta tillögur í samkeppnina um skipulag Stjórnarráðsreits. Báðar samkeppnirnar voru unnar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands en hugmyndasamkeppnin um skipulag Stjórnarráðsreits var einnig unnin í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta.

Fyrstu verðlaun í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið hlutu Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason hjá KURTOGPÍ og Garðar Snæbjörnsson, Jóhanna Høeg Sigurðardóttir og Ólafur Baldvin Jónsson.

Fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits hlutu T.ark Arkitektar og SP(R)INT Studio. Karl Kvaran, arkitekt (FAÍ) og skipulagsfræðingur, Ivon Stefán Cilia, arkitekt (FAÍ), Sahar Ghaderi, arkitekt Ph.D., og Sara Mortazavi arkitekt skipuðu hönnunarteymið.




Frá undirritun samnings við Almannaróm um Máltækni fyrir íslensku 2018–2022. Lilja D. Alfreðsdóttir og Stefanía Guðrún Halldórsdóttir. Mynd: Menntamálaráðuneytið.

8.4. Uppbygging innviða fyrir máltækni

Í þingsályktun ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni.

Samið var við sjálfseignarstofnunina Almannaróm um rekstur miðstöðvar máltækniáætlunar fyrir íslensku, að undangengnu útboði. Miðstöðin mun hafa yfirumsjón með framkvæmd og samhæfingu máltækniverkefnisins, verkáætluninni Máltækni fyrir íslensku 2018–2022 sem er fullfjármögnuð í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, stjórnarformaður Almannaróms, undirrituðu samninginn í Listasafni Íslands í ágúst 2018.

Meðal verkefna miðstöðvar máltækniáætlunar sem Almannarómur mun byggja upp verður að forgangsraða og skipuleggja innviði verkefnisins. Jafnframt mun miðstöðin annast val á framkvæmdaaðilum og sjá um samningsgerð fyrir einstaka verkliði. Einnig mun miðstöðin kynna möguleika máltækni fyrir fyrirtækjum og stofnunum, koma á samstarfi við erlend fyrirtæki sem þróa máltæknilausnir og fylgjast með möguleikum á fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi í máltækni.



8.5. Náttúruminjasafn Íslands – Vatnið í Náttúru Íslands

Fyrsti liður í uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands var opnun sýningarinnar Vatnið í náttúru Íslands sem opnuð var við hátíðlega athöfn í Perlunni í Öskjuhlíð 1. desember. Meðal gesta við opnunina voru forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Dana.

Markmið sýningarinnar var m.a. að benda okkur á að umgangast vatnið í öllum sínum myndum af aðdáun og virðingu og fræða gesti um undur náttúrunnar. Opnun hennar var merkur áfangi í sögu Náttúruminjasafnsins. Hún er fyrsta stóra sýningin sem höfuðsafn Þjóðarinnar í náttúrufræðum setti upp á eigin vegum síðan safnið var formlega sett á laggirnar árið 2007. Sýningin er fyrsta skrefið í átt að því að hér á landi verði til fullbúið safn í náttúrufræðum þar sem fyrir hendi verða sérfræðingar á sviði náttúru- og safnafræða og aðstaða til móttöku náttúruminja, skráningar þeirra og varðveislu. Safnið hefur til afnota 340 fm hæð í Perlunni í Öskjuhlíð þar sem fyrirtækið Perla norðursins setur upp fjölbreyttar sýningar tengdar íslenskri náttúru og hugviti, listfengi og nýjustu tækni er einnig beitt til þess að gera upplifun gesta sem áhrifaríkasta.

Börnum var gert sérstaklega hátt undir höfði í miðlun nýju sýningarinnar og var hún að verulegu leyti sniðin að því að vekja áhuga ungra gesta. Tveir safnkennarar sinntu sérstaklega móttöku skólahópa á sýninguna og sáu um kennslu, einkum fyrir leik- og grunnskóla.



Frá opnun sýningarinnar Vatnið í náttúru Íslands 1. desember 2018. Myndir: Náttúruminjasafn Íslands.

8.6. Stefnumörkun og framtíðaruppbygging Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Á árinu 2018 var lokið endurskoðun stefnumörkunar Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004–2024 en gildandi útgáfa var samþykkt árið 2005 í tengslum við skráningu Þjóðgarðsins á Heimsminjaskrá. Í júní lagði Þingvallanefnd fram tillögu að endurskoðaðri stefnumörkun til kynningar. Í tillögunni var haldið í efnistöð gildandi útgáfu en mörkuð skýrari og að nokkru leyti ný stefna um þá þætti sem lúta að viðbrögðum við auknum gestagangi og álagi. Eftir að kynningarferli og samráði lauk samþykkti Þingvallanefnd endurskoðaða stefnumörkun í desember og gildir hún frá 2018 til 2038.

8.7. Sýning um sögu Þingvalla og náttúrufar

Í júlí var opnuð ný gagnvirk sýning um sögu og náttúru Þingvalla í nýrri gestastofu á Hakinu 18. júlí. Sýningin er afrakstur samvinnu Þjóðgarðsins á Þingvöllum við Gagarín, Glámu Kím og Origo. Sýningarstjórn var í höndum Þórunn Sigríðar Þorgrímsdóttur. Texti var unninn af Álfheiði Inga-dóttur, Bryndísi Sverrisdóttur og Torfa Stefáni Jónssyni. Í sýningunni er m.a. fjallað um ferðalög til Þingvalla til forna á gagnvirkan hátt. Hægt er að bregða sér í hlutverk leiðsögumans í Lögréttu í sýndarveruleika, fræðast um lífríki Þingvallavatns og jarðsögu svæðisins. Gagnvirkni og hefðbundin framsetning haldast í hendur en skapa um leið einstaka upplifun. Með sýningunni opnast ótæmandi möguleikar í miðlun á sögu og náttúru Þingvalla. Við hönnun sýningarinnar var lögð áhersla á að skapa upplifun sem stæðist samanburð við fremstu sýningar hérlendis sem erlendis.

Í nýju gestastofunni eru einnig fjölnota fyrirlestrasalur, rúmgott anddyri fyrir upplýsingagiöf, verslun, veitingasala, skólastofa og skrifstofurými.



Frá sýningu um sögu og náttúrufar Þingvalla. Mynd: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

9. AÐ LOKUM

Samkvæmt þingsályktun um hvernig minnst skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands voru afmælisnefnd falin ákveðin verkefni. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd verkefnanna og er þeim öllum lokið. Auk þeirra verkefna sem afmælisnefnd voru falin hélt hún utan um heildardagskrá afmælisársins og kallaði eftir tillögum að verkefnum á dagskrána sem síðan var valið úr út frá auglýstum viðmiðum. Með þessu vildi nefndin ná fram breiðri þátttöku stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga um land allt. Óhætt er að segja að það hafi tekist vel til með þeim 100 verkefnum sem valin voru á dagskrá afmælisársins, að baki fjölmörgum verkefnum voru fleiri en einn viðburður og úr völdum verkefnum urðu 268 viðburðir sem fram fóru um land allt. Auk þess var hægt að skrá þátttökuvíðburði á dagskrána. Alls var skráður 191 þátttökuvíðburður á dagskrá afmælisársins sem taldi 459 víðburði.

Við val á víðburðum var m.a. lögð áhersla á vönduð verkefni, nýsköpun og ungt fólk. Þegar litið er yfir verkefni á dagskrá afmælisársins má sjá að umsækjendur hafa litið til auglýstra viðmiða. Fjölmargir metnaðarfullir víðburðir voru á dagskránni sem hafa verið verðlaunaðir eða tilnefndir til verðlauna. Nefna má margverðlaunaða óperu Daníels Bjarnasonar, Bræður, sem hlotið hefur ýmsar víðurkenningar og var nú síðast tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Tónlistarvíðburður ársins. Þar eru einnig tilnefnd tvö önnur verkefni sem styrkt voru á dagskrá afmælisársins: Edda II: Líf guðanna eftir Jón Leifs í flutningi Sinfónínuhljómsveitar Íslands og Schola Cantorum, og hátíðarvíðburður ríkisstjórnarinnar, Íslendingasögur – sífónísk sagnaskemmtun, hlaut einnig tilnefningu í þessum flokki. Reykholts-hátíð tileinkaði hátíðina í ár fullveldisafmælinu og var styrkt af afmælisnefnd og er hún tilnefnd í flokknum Tónlistarvíðburður ársins. Fullveldisöldin, 10 þátta röð, var eitt af þrem verkefnum sem fékk hæsta styrk afmælisnefndar, þáttaröðin hlaut Edduverðlaunin í flokknum Menningarþáttur ársins. Steinunn Gunnlaugsdóttir var tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna fyrir verk sitt Litla hafpulsan sem var hluti af tónlistar- og myndlistarhátíðinni Cycle – þjóð meðal þjóða sem hlaut stuðning afmælisnefndar. R1918 var á Listahátíð þar sem Reykvíkingar dagsins í dag léðu Reykvíkingum frá árinu 1918 rödd sína daglega í Ríkisútvarpinu síðasta sumar. Textarnir voru unnir upp úr gögnum frá Landsbókasafni og áttu að endurspegla sögulega víðburði og tíðaranda í Reykjavík fyrir einni öld. Verkefninu lauk 10.

júní með risastórum þátttökugjöfningi í miðborginni þar sem vel á annað hundrað sjálfboðaliðar klæddu sig upp eins og Reykvíkingar frá árinu 1918. Útvarpsþættirnir hlutu tilnefningu til Prix Europa ljósvakaverðlaunanna. Þetta eru dæmi um verkefni sem hafa hlotið viðurkenningar.

Markmið afmælisnefndar var að afloknu afmælisári sæti eftir aukin vitund um aðdraganda fullveldis, fullveldisárið og þróunina á fullveldisöldinni. Einnig var það von nefndarinnar að eftir stæðu verk sem myndu lifa til framtíðar. Óhætt er að segja að það markmið hafi náðst. Ber þar fyrst að geta þeirra bóka sem afmælisnefnd var falið að vinna að samkvæmt þingsályktun og komu út á afmælisárinu. Afrakstur samstarfs við Vísindavefinn gaf 50 ný svör sem tengdust 1918, Landið mitt, sigurlagið úr samkeppni afmælisnefndar um kórlag; Fullveldiskantata eftir Michael Jón Clarke var frumflutt 1. desember; Blakta, nýtt tónverk eftir Halldór Smáráson, var frumflutt á Hrafnseyri 16. júní og Dómkórinn frumflutti nýtt verk sem ber heitið Hundrað ár eftir Hildigunni Rúnarsdóttur tónskáld við texta sr. Hjálmars Jónssonar. Fræðsluefnið sem afmælisnefnd tók saman og lét gera mun lifa áfram auk fræðsluverkefnisins Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi, sem og munu Fullveldisöldin (10 þættir), sjónvarpsþættir, fjölmargir útvarpsþættir og margt fleira standa eftir, lifa áfram og minna á þessi merku tímamót í sögu þjóðarinnar.

Í skýrslunni hefur verið farið yfir viðburði og verkefni sem voru á dagskrá afmælisársins og þau verkefni sem komu fram í þingsályktun um hvernig minnst skyldi tímamótanna. Hafa þarf í huga að það eru ekki tæmandi tæmandi upplýsingar um viðburði eða verkefni sem tengdust afmælisárinu, fjölmargir aðilar, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar gerðu afmælinu skil án þess að tengja sig formlega afmælisárinu með samstarfi við afmælisnefnd eða skráningu á dagskrá afmælisársins. Af framangreindu má ætla að afmælisárið hafi á einhvern hátt snert flest heimili í landinu. Því má segja að markmiðum afmælisnefndar hafi verið náð.

Afmælisnefnd þakkar öllum þeim sem komu að hátíðarhöldunum á einhvern hátt og sérstakar þakkir fá forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fyrir þeirra þátttöku í fullveldisafmælinu, m.a. með þátttöku í fjölda viðburða um land allt.

10. VIÐAUKAR

Í meðfylgjandi viðaukum er að finna þingsályktun um hvernig minnst skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, viðburði sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins flokkaða eftir landshlutum, lista yfir viðburði sem fóru fram 1. desember. Einnig er að finna viðmið um mat á verkefnum og áherslur verkefnasjóðs, starfshætti afmælisnefndar við mat á verkefnum, samninga við styrkþega, lokaskýrslur og leiðbeiningar um notkun merkis afmælisársins. Að lokum er listi yfir gripi sem voru á sýningunni Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár.

10.1. Þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 1808 — 900. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Birgitta Jónsdóttir, Bjarni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Óttarr Proppé.

Alþingi ályktar, í tilefni þess að árið 2018 er öld liðin frá því er íslenskt ríki, sjálfstætt, frjálst og fullvalda, var á ný stofnað með sambandslögunum 1918, að:

- a. kjósa nefnd með fulltrúum allra þingflokka er undirbúi hátiðahöld árið 2018 í samræmi við ályktun þessa; nefndin ráði framkvæmdastjóra og annað starfslíð eftir þörfum og eins og fjárveitingar leyfa og starfi árin 2017 og 2018;
- b. halda hátiðarfund á Þingvöllum 18. júlí 2018 en þann dag fyrir einni öld var samningum um fullveldi Íslands lokið;
- c. fela ríkisstjórninni að efna til hátiðahalda 1. desember 2018 þegar öld verður liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi; jafnframt efni ríkisstjórnin af því tilefni til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit;
- d. fela undirbúningsnefnd að:
 1. láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;
 2. stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;
 3. stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi;
 4. hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd að ljúka stefnumörkun fyrir framtíðaruppbyggingu þjóðgarðsins á Þingvöllum og efna til sýningar um sögu Þingvalla og náttúrufar.

Greinargerð.

Árið 2018 verður ein öld liðin frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, sjálfstætt ríki í samfélagi þjóðanna. Atburðirnir, sem urðu í júlí 1918 er samningar um fullveldi Íslands stóðu yfir og varð lokið 18. júlí 1918, með gildistöku 1. desember 1918, verða að teljast þeir allra merkustu í sögu þjóðarinnar frá upphafi og því tvímælalaust mikið tilefni til að minnst þeirra með hátiðahöldum á árinu 2018.

Þótt raunverulegum afskiptum Dana af málefnum Íslands hafi í raun lokið með heima-
stjórn, íslenskum ráðherra, íslensku framkvæmdarvaldi og þingræði í nútímaskilningi, verður
það ekki fyrr en 1918 sem Ísland öðlast sess meðal þjóðanna sem frjálst og fullvalda ríki. Eitt
ákvæði í samningunum fól í sér að Danir tilkynntu öðrum þjóðum um hina nýju stöðu Ís-
lands. Ísland og Danmörk höfðu sameiginlegan þjóðhöfðingja, konunginn í Kaupmannahöfn,
en afskipti hans af íslenskum málum eftir 1918 voru engin, enda framkvæmdu íslenskir ráð-
herrar vald hans með ábyrgð gagnvart Alþingi. Svo var um samið 1918 að Danir færu að
formi til með samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir, þ.e. utanríkisþjónustuna, svo og gæslu
landhelginnar á næstu árum. Hins vegar var ljóst hvar æðsta vald á þeim sviðum lá, hjá
Íslendingum sjálfum. Að mörgu leyti var staða konungsríkisins Íslands eftir 1918 áþekk
þeirri stjórnskipulegu stöðu sem Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland og fleiri samveldisríki búa
nú við.

Vorið 1918 kusu báðar deildir Alþingis nefndir til þess að vinna athugun á framhaldi
vinnu við að skilgreina samband Danmerkur og Íslands eftir að hið svokallaða „uppkast“ fór
út um þúfur. Báru þær fram tillögu til þingsályktunar um kosningu fjögurra manna nefndar
til samninga við Dani. Sama vor skipaði danska stjórnin fjóra fulltrúa í dansk-íslenska samn-
inganefnd. Komst nefndin að sameiginlegri niðurstöðu og skilaði frumvarpi til dansk-ís-
lenskra sambandslaga. Féllust stjórnir beggja landanna á frumvarpið óbreytt og var það lagt
fram haustið eftir og samþykkt bæði á Alþingi og á danska þinginu. Í samræmi við breytingu
á stjórnarskránni frá 1915 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla hér á landi um frumvarpið 19. okt-
óber 1918. Var það samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta en kjörsókn var þó fremur dræm.
Dansk-íslensku sambandslögin voru síðan staðfest af konungi 30. nóvember 1918 og gengu
í gildi 1. desember sem lög nr. 39/1918.

Sambandslögin voru milliríkjasamningur sem gildi einnig sem lög í hvoru landi. Í 1. gr.
laganna var mælt fyrir um að Danmörk og Ísland væru frjáls og fullvalda ríki í sambandi um
einn og sama konung. Danska ríkisheildin hafði því rofnað og eftir stóðu tvö jafnstæð ríki.
Í fullveldinu fólst að Ísland varð sjálfstæður þjóðréttaradili í samskiptum við önnur ríki.
Færðist forræði í utanríkismálum þá yfir til íslenska ríkisins, en skv. 7. gr. sambandslaganna
fór Danmörk áfram með utanríkismál Íslands í umboði þess.

Fullveldinu fylgdi einnig að íslenska ríkið fékk fullt ákvörðunarvald um skipan dóms-
valdsins en Hæstiréttur Danmerkur hafði fram að því verið æðsti dómstóll landsins. Var
Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 og tók hann til starfa árið eftir.

Að öðru leyti fjölluðu sambandslögin einkum um tímabundna meðferð Danmerkur á
ýmsum íslenskum málum, um gagnkvæm réttindi borgaranna og að skipa skyldi ákveðnum
málum með samningum milli ríkjanna.

Í 18. gr. laganna sagði að fyrir árslok 1940 gætu þing Dana og Alþingi hvort um sig krafist
endurskoðunar laganna. Yrði ekki gerður nýr samningur innan þriggja ára frá því að krafan
kæmi fram gæti hvort þing fyrir sig fellt samninginn úr gildi. Jafnframt voru sett ströng
skilyrði fyrir því að ákvörðun um sambandsslit teldist gild en til þess þurfti samþykki a.m.k.
 $\frac{2}{3}$ hluta þingmanna í báðum deildum þings eða sameinuðu þingi og þjóðaratkvæðagreiðslu
þar sem a.m.k. $\frac{3}{4}$ hlutar kjósenda tækju þátt og a.m.k. $\frac{3}{4}$ hlutar greiddra atkvæða yrðu með
samningsslitum.

Vegna breytinga á stöðu Íslands sem fullvalda ríkis þurfti að gera nauðsynlegar breytingar
á skipulagi stofnana þess, m.a. varðandi skipan konungsvalds, ráðherra, ríkisstjórnar og ríkis-
ráðs, og mæla fyrir um samningsgerð við önnur ríki og réttarstöðu útlendinga. Var því sam-
þykkt árið 1920 ný stjórnarskrá sem bar heitið stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, sbr.

stjórnarskipunarlög nr. 9 frá 18. maí 1920. Fleiri breytingar voru gerðar, m.a. var kosningar-
réttur rýmkaður og kveðið á um að Alþingi skyldi koma saman ár hvert.

Þegar nær dró fyrirhugaðri endurskoðun sambandslaganna varð æ ljósara að stjórn-
málum hér á landi stefndu að sambands slitum, enda litu margir á sambandslögin sem bráða-
birgðaráðstöfun. Þróun heimsmála varð til að flýta þeirri atburðarás. Í byrjun árs 1940 skip-
aði forsætisráðherra fjögurra manna nefnd til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og
hafði hún lokið verkefninu um mitt sama ár, en ekki varð þó af því að frumvarpið yrði lagt
fram það ár. Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku 9. apríl 1940 brugðust íslensk stjórnvöld
skjött við. Aðfaranótt 10. apríl lagði ríkisstjórnin tvær þingsályktunartillögur fyrir Alþingi.
Önnur fjallaði um æðsta vald í málefnum ríkisins og að ráðuneyti Íslands færi að svo stöddu
með konungsvald. Með hinni ákvað Alþingi að þar sem Danmörk gæti ekki rækt umboð sitt
til meðferðar utanríkismála né til landhelgisgæslu tæki Ísland að svo stöddu meðferð málanna
í sínar hendur. Hinn 17. maí 1941 samþykkti Alþingi svo þrjár ályktanir þar sem kom fram
að Ísland teldi sig hafa öðlast rétt til fullra sambandslita, ríkisstjóri yrði kosinn til eins árs
og að lýðveldi yrði stofnað jafnskjött og sambandinu við Dani hefði verið slitid.

Lokapunkturinn á því ferli sem markaði upphaf lýðveldis voru svo ályktanir Alþingis 16.
júni 1944, önnur um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og hin
um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins. Báðar tillögurnar höfðu áður hlotið yfirgnæfandi
stuðning í Þjóðaratkvæðagreiðslu. Var því lýst yfir á hátiðarfundum Alþingis á Þingvöllum 17.
júni 1944 að nýja stjórnarskráin væri gengin í gildi. Á sama þingfundi fór fram kosning fyrsta
forseta Íslands.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að kosin verði nefnd, sem skipuð verði fulltrúum allra
þingflokka, er undirbúi hátiðahöld árið 2018 í samræmi við ályktunina. Gert er ráð fyrir því
að nefndin ráði framkvæmdastjóra og annað starfslid eftir þörfum og eins og fjárveitingar
leyfa og starfi árin 2017 og 2018. Alþingi mun útvega framkvæmdastjóra og nefndinni starfs-
aðstöðu og annast fjárreiður vegna afmælisársins. Fjármála- og efnahagsráðherra er falið að
afmarka sérstaka fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga, samtals 200 millj. kr., þ.e. 100 millj.
kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 og 100 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018,
til að mæta útgjöldum í tengslum við viðburði og verkefni í samræmi við álykun þessa og
kostnaði sem hlýst af starfi nefndarinnar. Nefndin skal leggja fram fjárhagsáætlun og fjárþörf
verði endurskoðuð samkvæmt henni eftir þörfum.

Með þingsályktunartillögunni er stefnt að því að Alþingi haldi, svo sem venja hefur skap-
ast um á hátiðarstundum í sögu þjóðarinnar, þingfund á Þingvöllum. Fundurinn verði haldinn
í júlí 2018 og þá miðað við þann tíma ársins þegar Alþingi féllst á samningsdrögin og hin
raunverulega efnisniðurstaða fékkst, en það var 18. júlí 1918. Er einnig í þessu efni höfð hlið-
sjón af því hvenær ársins hentugast er að halda slíkar minningarhátiðir utan dyra á Þing-
völlum. Er haft í huga að fundurinn gæti að efni og formi líkst hátiðarfundunum 1974, 1994
og árið 2000, þ.e. að hann færi fram undir berum himni, á þingfundinum afgreiddi þingið
mikilvægt málefni, t.d. með þingsályktun, auk almennra hátiðahalda þann dag á Þingvöllum.
Er þá ráð fyrir því gert að þingflokkar sameinist um það málefni sem Alþingi afgreiddi á
fundinum.

Í þingsályktunartillögunni er ríkisstjórninni jafnframt falið að undirbúa hátiðahöld, m.a.
við Stjórnarráðið í Reykjavík, til að minnast þeirra atburða er þar urðu að tilhlutan íslenskra
stjórnvalda til að fagna gildistöku sambandslaganna og fullveldis Íslands 1. desember 1918.
Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórnin efni af þessu tilefni til samkeppni um hönnun og útlit
Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit.

Flutningsmenn telja jafnframt eðlilegt að ríkisstjórnin hafi samráð við félög stúdenta um hátíðahöld 1. desember 2018, en stúdentar hafa í marga áratugi heiðrað minningu fullveldis 1. desember ár hvert með samkomum og hátíðahöldum, ekki síst í Háskóla Íslands.

Haft er í huga að hátíðahöldin við Stjórnarráðið 1. desember 2018 kallist á við athöfnina sem var við Stjórnarráðshúsið einni öld fyrr, 1. desember 1918.

Í tillögunni er ráðgert að Alþingi kjósi nefnd fulltrúa allra þingflokka er undirbúi hátíðahöldin. Leitast verði við að fá til nefndarstarfsins menn sem í senn hafi reynslu af undirbúningi athafna af þessu tagi og hafi nauðsynlega þekkingu á sögu Íslands og þeirri sögu sem verkefnið snýst um. Stefnt er að því að nefndin verði kosin fyrir lok þessa árs og geti tekið til starfa með nýju ári. Nefndinni er svo ætlað að standi fyrir þeim verkefnum sem nánar eru tilgreind í d-lið tillögunnar.

Í tillögunni er undirbúningsnefndinni falið að láta semja rit um aðdraganda sambandslaganna, samningaviðræðurnar og atburðina sumarið og haustið 1918, svo og inntak þeirra og framkvæmd. Er haft í huga að samningur verði gerður við Sögufélag, félag íslenskra sagnfræðinga, sem kveðji til fræðimenn er leggi efni til ritsins. Er við það miðað að atburðirnir verði raktir sagnfræðilega, en jafnframt gerð grein fyrir inntaki hins nýja stjórnarforms, svo og þjóðréttarlegri stöðu Íslands eftir 1918, auk annarra atriða sem undirbúningsnefndin og þeir sérfræðingar sem verða kvaddir til koma sér saman um.

Þá er í tillögunni lagt til að Árnastofnun gangist fyrir sýningu á afmælisárinu á handritum í eigu safnsins sem hæfa tilefninu. Má þar sérstaklega nefna lagahandrit þess, en mörg þeirra þykja með mestu dýrgripum safnsins. Fer vel á því á þessum tímamótum að minna á hina löngu og merku lagahefð á Íslandi sem nær allt frá stofnun Alþingis 930. Enn fremur á safnið talsvert af fornum bréfum sem eru merkir vitnisburðir um stjórnsýslu á Íslandi um margar aldir. Er miðað við að undirbúningsnefndin efni til samstarfs við stjórn og forstöðumann Árnastofnunar um fyrirkomulag sýningarinnar.

Án alls vafa er menningararfur og tunga þjóðarinnar sá grundvöllur sem frelsisbarátta hennar var reist á á 18. og 19. öld. Þar skipa Íslendingasögurnar höfuðmáli. Mikilvægt er að sá merki menningararfur sé öllum landsmönnum ávallt tiltækur, þ.e. að sögurnar séu til í aðgengilegu bókarformi bæði fyrir almenning og skólafólk. Á undanförunum árum hefur tekist að kynna Íslendingasögurnar í hinum enskumælandi heimi, svo og í glæsilegum útgáfum annars staðar á Norðurlöndum. Er því eðlilegt að næsta átak á þessu sviði snúi að Íslandi og að á grundvelli þessarar útgáfu komi sögurnar út í aðgengilegum útgáfum á íslensku. Er þá reiknað með að byggt sé á traustum fræðilegum útgáfum og nýjustu rannsóknum en síður að efnt sé til frekari handrita- og fræðirannsókna af þessu tilefni, enda skammur tími til stefnu. Jafnframt slíkri útgáfu sé tryggt að sögurnar séu líka aðgengilegar á stafrænu formi eins og tæknin býður hverju sinni.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að undirbúningsnefndin hvetji skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918 og minni jafnframt sérstaklega á þau tímamót sem verða árið 2018.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns. Mikilvægt er að koma á fót hér á landi slíkri byggingu er hýsi merkar náttúruminjar og tryggja Náttúruminjasafni með því aðstöðu til frambúðar.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni. Unnið hefur verið um nokkurt skeið að undirbúningi innviðauppbyggingar fyrir máltækni fyrir íslenska tungu með það að markmiði að koma henni til jafns við tungumál

þjóða sem við berum okkur einkum saman við. Mikilvægt að tryggja áframhaldandi grundvöll þess starfs svo að íslenska verði áfram gjaldgeng í hinum stafræna heimi.

Loks þykir fara vel á því að fela Þingvallanefnd, sem Alþingi kýs, að ljúka á næstu missirum stefnumörkun fyrir framtíðaruppbyggingu þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd hefur um tíma unnið að þessu verkefni og er komin langt áleiðis. Tekur það m.a. til uppbyggingar aðstöðu fyrir ferðamenn á Hakinu, varðveislu náttúruminja og gróðurs á svæðinu, framtíðarnotkunar Þingvallabæjarins og aðkomu Alþingis að hinum forna þingstað, svo og stjórnar þjóðgarðsins sjálfs. Fyrir liggur allmikið efni, svo og hugmyndir og tillögur, sem nefndin hefur verið að vinna úr. Er þess vænst að með tillögum nefndarinnar megi marka framtíðarskipulag Þingvalla. Jafnframt er ályktað um að Þingvallanefnd opni sýningu 2018, sem hefur verið í undirbúningi, um sögu Þingvalla og náttúrufar.

10.2. Viðburðir á dagskrá afmælisársins flokkaðir eftir landsvæðum

Á dagskrá afmælisársins voru 459 viðburðir, 268 voru styrktir af afmælisnefnd og 191 þátttökuvíðburður. Viðburðirnir skiptast á eftirfarandi hátt eftir landsvæðum:

	Fjöldi viðburða	Styrktir viðburðir	Þátttökuvíðburðir
Höfuðbor-garsvæðið	200	124	76
Vesturland	31	28	3
Vestfirðir	19	12	7
Norðurland vestra	11	9	2
Norðurland eystra	34	25	9
Austurland	12	8	4
Suðurland	24	14	10
Suðurnes	3	1	2
Erlendis	80	9	71
Landsverkefni*	45	38	7
Samtals	459	268	191

* Landsverkefni eru verkefni sem allir landsmenn geta notið og/eða tekið þátt í, s.s. í útvarpi, sjónvarpi, samkeppni.

Hér á eftir er að finna lista yfir alla viðburði á dagskrá afmælisársins flokkaða eftir landsvæðum.

10.2.1. Höfuðborgarsvæðið

Í floknum Höfuðborgarsvæðið eru verkefni sem fóru fram í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Alls voru 200 verkefni skráð á dagskrárvef afmælisársins sem falla undir flokkinn Höfuðborgarsvæðið.

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
6. janúar '18	100 ára samkennd. Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og bókmenntafræðingur, fjallar um íslenskar raunsæisbækur fyrir börn og hvernig þær endurspeglar samfélagið.	Bókasafn Kópavogs
10. janúar '18	Spegill fortíðar – silfur framtíðar. Merkasta ár Íslandssögunnar? Gunnar Þór Bjarnason fjallar um lífskjör, áföll, fullveldi og siglingar á árinu 1918.	Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur
13. janúar '18	Ljóðaupplestur og söngur. Dansk-íslenska félagið stendur fyrir viðburði þar sem dönsk ljóð og söngtextar eru kynnt í íslenskrri þýðingu.	Norræna húsið
28. janúar '18	Sigurður Guðmundsson málari og Þjóðbúningur. Guðmundur Hálfðánarson sagnfræðingur flytur erindi um hugmyndir Sigurðar Guðmundssonar málara um þjóðbúning.	Hannesarholt
2. febrúar – 21. nóvember '18	Kópavogsfundurinn og fullveldið. Sýning í Héraðsskjalasafni Kópavogs um Kópavogsfundinn 28. júlí 1662.	Héraðsskjalasafn Kópavogs
7. febrúar '18	Spegill fortíðar – silfur framtíðar. Fyrirlestur um skip, vita og hafnir á fullveldisárinu 1918.	Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur
8. febrúar–29. mars '18	Ævintýri á mynd – ljósmyndir sem myndlist og heimildir. Dagskrá fyrir 6. bekkinga í febrúar/mars.	Gerðarsafn og Héraðsskjalasafn Kópavogs
8. febrúar–28. mars '18	Áhrifavaldar æskunnar – barnabókin fyrr og nú. Hvaða barnabækur hafa haft áhrif á Íslendinga síðustu áratugin? Á sýningunni verður reynt að komast að því hvaða sögur hafa heillað börn í gegnum tíðina.	Bókasafn Kópavogs
10. febrúar '18	Ofurhetjusöngustund með Sigrúnu Eldjárn. Sigrún Eldjárn, rithöfundur, les um Ofurhetjuna Sigurfljóð.	Bókasafn Kópavogs
13. febrúar '18	Frumherjar í myndskreytingu barnabóka. Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands, fræðir okkur um brautryðjendur í myndskreytingu íslenskra barnabóka.	Bókasafn Kópavogs
14. febrúar '18	Viltu lesa fyrir mig? Gerður Kristný, rithöfundur, fjallar um barnabækur úr ýmsum áttum og rifjar upp bækur úr æsku sinni.	Bókasafn Kópavogs
17. febrúar '18	Barbara barnabókateiknari. Smíðja þar sem sjónum er beint að Barböru Árnason, barnabókateiknara, en sérstaklega verður reynt að ná til aðfluttra fjölskyldna enda var Barbara aðfluttur Íslendingur.	Gerðarsafn
18. febrúar '18	Galdrar, glæpir og glæfrakvendi. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, gengur með gestum um Þjóðminjasafnið með leiðsögn undir yfirskriftinni Galdrar, glæpir og glæfrakvendi.	Þjóðminjasafn Íslands
19.–20. febrúar '18	Myndasögusmiðja. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir með myndasögusmiðju.	Bókasafn Kópavogs
20. febrúar '18	Nonnabækurnar og nostalgían. Helga Birgisdóttir, íslenskufraeðingur, segir okkur frá aðdráttarafi Nonnabókanna, vinsældum þeirra og nostalgíunni sem þeim fylgir.	Bókasafn Kópavogs
23. febrúar–21. maí '18	Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku. Myndlistarmenn frá Danmörku sýna ný verk sem tengjast hugmyndum um frelsi, sjálfsmýnd, landamæri, fólksflutninga og nýlenduhyggju.	Hafnarhús
23. febrúar '18	Tak í lige máde: Samtal við Jesper Just, myndlistarmann. Á opnunarkvöldi sýningarinnar Tak í lige máde ræðir Markús Þór Andrésson, sýningarstjóri, við Jesper Just um sýninguna og verk Jespers á sýningunni.	Hafnarhús
27. febrúar '18	Má tala um heimsendi við börn? Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, spyr hvort barnabækur megi innihalda hræðilegt tal um náttúruvá og heimsendi. Hvað má nú sem mátti ekki áður?	Bókasafn Kópavogs

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
7. mars '18	Spegill fortíðar – silfur framtíðar. Konur og fullveldið. Dagskrá í tali og tónum í flutningi hjónanna Margrétar Guðmundsdóttur og Þórarins Hjartarsonar.	Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur
10. mars '18	Sjálfsmyndasmiðja. Listsmiðja þar sem unnið er með sjálfsmyndir og imyndir.	Gerðarsafn
11. mars '18	Leiðsögn: Magnús Gottfreðsson. Magnús Gottfreðsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, veitir gestum Þjóðminjasafnsins innsýn í smitsjúkdóma og meðhöndlun sjúklinga hér á landi frá svartadauða á miðöldum til dagsins í dag.	Þjóðminjasafn Íslands
11. mars '18	Þjóðbúningadagur í Safnahúsinu. Þjóðbúningasamkoma þar sem fólk kemur saman á þjóðbúningum af öllu tagi. Þórarinn Már Baldursson kveður rímur og Þjóðdansafélag Reykjavíkur sýnir dans.	Safnahúsið
14.–31. mars '18	1918, spænska veikin. Sýning í Bókasafni Seltjarnarness og spænska veikin í bókmenntum.	Bókasafn Seltjarnarness
21. mars '18	Edda II - tónleikakynning með Árna Heimi. Árni Heimir Ingólfsson verður með tónleikakynningu og fræðir gesti um óratóriuna Eddu eftir Jón Leifs og sýnir áður óbirtar skissur Jóns af verkinu.	Harpa
23. mars '18	Vegferð til velferðar - Norðurlöndin sem áfangastaður. Hvert hafa Íslendingar sótt á hverju tímabili fyrir sig? Ferðasaga Íslendinga síðustu 100 árin.	Norræna húsið
23. mars '18	Edda II: Líf guðanna, óratoría eftir Jón Leifs. Frumflutningur á stórvirki Jóns Leifs, óratoríunni Edda II: Líf guðanna.	Harpa
28. mars '18	Eldstöðin Katla, eðli hennar og virkni. Erindi um Kötlu.	Náttúrufræðistofa Kópavogs
4. apríl '18	Spegill fortíðar – silfur framtíðar. Fyrirlestur um sjávarsíðuna í Reykjavík á fullveldisári.	Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur
7. apríl '18	Veirur og vísindasaga. Málþing um vísindi og samfélag.	Safnahúsið
7. apríl '18	Tak í lige máde: Listakonurnar Jeannette Ehlers og Tinne Zenner segja frá verkum sínum á sýningunni Tak í lige máde.	Hafnarhús
8. apríl '18	ÚT ÚR SKÁPNUM – þjóðbúningana í brúk! Almennings boðið að koma með þjóðbúninga og búningahluta til skoðunar og mátunar. Sérfræðingar verða á staðnum til ráðgjafar og ráðlegginga.	Nethylur 2e
8. apríl '18	Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku. Þrjár heimildarmyndir verða sýndar í tengslum við sýninguna. Sumé – the Sound of a Revolution eftir Inuk Silis Høegh er heimildarmynd frá 2014 sem fjallar um grænlenku rokkhljómsveitina Sumé sem starfaði um og eftir 1970.	Hafnarhús
8. apríl '18	Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku. Þrjár heimildarmyndir verða sýndar í tengslum við sýninguna. Concerning Violence er heimildarmynd frá 2014 eftir Góran Olsson. Myndin fjallar um þjóðernis- og sjálfstæðishreyfingar í Afríku á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar sem ögruðu valdi hvíta minnihlutans og herrapjóðanna.	Hafnarhús
8. apríl '18	Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku. We Carry It Within Us – fragments of a shared colonial past er heimildarmynd eftir Helle Stenum frá 2017.	Hafnarhús
16.–19. apríl '18	Ljóðarappsmiðja. Ljóðarapp fyrir unglunga.	Salurinn og Bókasafn Kópavogs
16. apríl '18	Framfarir í hundrað ár, 1918–2018. Ársfundur atvinnulífsins 2018.	Harpa
17. apríl '18	Rímur og rapp. Lög unga fólksins í 100 ár. Börn í 4. bekkjum í Reykjavík fá fræðslu frá listamönnum um söngtexta í 100 ár. Þau semja lag í sameiningu og flytja á opunarviðburði Barnamenningarhátíðar.	RÚV2
19. apríl '18	Danskar og íslenskar bókmenntir. Gagnvegir í eina öld. Fyrsta málþingið af sjö undir yfirskriftinni Á mótum danskrar og íslenskrar menningar sem dönskudeildin og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands standa fyrir í tilefni af 100 ára afmælis fullveldis Íslands.	Veröld – hús Vigdísar
22. apríl '18	Sögur – verðlaunahátíð barnanna. Skemmtilegasta verðlaunahátíð ársins. Bein útsending á RÚV.	Harpa/RÚV

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
5. maí '18	Jakobína fra Snæfellsnes. En nordisk kvindesaga. Bogpræsentation af mag. art. Ena Hvidberg. Med lysbilleder. Foredraget holdes på dansk.	Norræna húsið
5. maí–30. september '18	Reykjavík 1918. Ljósmyndasýningin Reykjavík og Reykvíkingar 1918 er samvinnuverkefni Borgarsögusafns Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands og er í elsta húsi Reykjavíkur.	Aðalstræti 10
9. maí '18	Andrés Önd á Íslandi – Danmörk sem gluggi Íslands að umheiminum. Málþing um Andrés Önd á Íslandi.	Veröld – hús Vigdísar
9. maí–10. nóvember '18	EN TÍMINN SKUNDAÐI BURT... Sýning í tilefni af 80 ára ártíð Guðrúnar Lárusdóttur, alþingismanns og rithöfundar.	Þjóðarbókhlaðan
9.–29. maí '18	Sjö listamenn. Sjö listamenn sýna verk sem tengjast hugtakinu sjálfstæði, sjálfstæði einstaklingsins eða sjálfstæði þjóðar. Listamennirnir koma alls staðar að af landinu en eiga það allir sameiginlegt að hafa verið valdir listamenn hátíðarinnar List án landamæra.	Gallerí Gróttá
10. maí '18	Lærðu að teikna Andrés Önd og félagi. Teiknimyndaverkstæði fyrir börn og unglínga. Teiknimyndaverkstæði fyrir börn í Veröld – húsi Vigdísar. Dansk teiknarinn Flemming Andersen stendur fyrir teiknimyndaverkstæði fyrir börn og unglínga.	Veröld – hús Vigdísar
12. maí '18	Þjóðkvæði og sagnadansar. Hvernig ætli börn hafi skemmt sér allt frá landnámi?	Salurinn
13. maí '18	Leiðsögn: Trausti Jónsson veðurfræðingur. Vaðið um veðurfarssöguna.	Þjóðminjasafn Íslands
15. maí–31. ágúst '18	Frostaveturinn mikli – sögunnar minnst. Örsýning.	Bókasafn Seltjarnarness
16. maí '18	Vegferð til velferðar – jafnréttismál. Jafnréttismál liðandi stundar.	Norræna félagið
1. júní–15. september '18	Hafnarfjörður á fullveldisári. Ljósmyndasýning meðfram strandstígnum í Hafnarfirði. Sýndar eru um 50 ljósmyndir sem varpa ljósi á lífið í bænum á fullveldisárinu 1918.	Strandstígurinn í Hafnarfirði
2. júní–2. september '18	Annars konar fjölskyldumyndir. Í ljósmyndaröðinni Annars konar fjölskyldumyndir fjallar ljósmyndarinn Nanna Bisp Büchert um sendibréf frá dóttur í Danmörku heim til móður sinnar á Íslandi. Bréfin ritaði móðir ljósmyndarans á fyrri hluta 20. aldar.	Þjóðminjasafn Íslands
2. júní '18	Opnun smáforrits um sögu Reykjavíkurhafnar. Í tengslum við Hátíð hafsins í Reykjavík verður opnað nýtt smáforrit um sögu Reykjavíkurhafnar. Smáforritið inniheldur tvær nálganir og er önnur þeirra sérstaklega ætluð börnum.	Reykjavíkurhöfn
2. júní–2. september '18	Aughhljóð/Øjenlyd. Aughhljóð er afrakstur bréfaskipta í myndum og orðum á milli tveggja danskra myndlistarmanna og fjögurra íslenskra rithöfunda.	Þjóðminjasafn Íslands
2. júní–30. september '18	Einskismannaland: Ríkir þar fegurðin ein?/No Man 's Land: Where Beauty Alone Reigns? Viðamikil myndlistarsýning á verkum eftir listamenn sem mótað hafa íslenska listasögu allt frá upphafi 20. aldar fram á okkar dag.	Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús og Kjarvalsstaðir
7. júní–5. ágúst '18	Djúþþrýstingur/Pressure of the Deep. Í tilefni af 40 ára afmæli Nýlistasafnsins mun stjórn þess rýna í fortíð, samhlíða samtíð, með það að markmiði að rýna inn í framtíð íslenskrar samtímalistar.	Nýlistasafnið
8.–10. júní '18	NORDIA 2018. Fullveldissýning sem er hluti NORDIA 2018 frímerkjasýningarinnar í TM-höllinni í Garðabæ. Sýndir verða allir íslenskir peningaseðlar frá 1918–2018.	TM-höllin/Íþróttamiðstöðin Mýrin
9.–17. júní '18	Þjóðbúningasýning – BÚNINGANA Í BRÚK! Opnun þjóðbúningasýningarinnar.	Árbæjarsafn
9. júní '18	Gerður ferðalangur og nýir Íslendingar. Listsmiðja fyrir fjölskyldur þar sem vöngum verður velt yfir ferðalögum og hvernig það er að flytja á milli landa. Aðfluttar fjölskyldur eru sérstaklega boðnar velkomnar.	Gerðarsafn
9.–10. júní '18	Mótþrói. Bókmenntaborgin Reykjavík efnir til ljóða- og prósavkerfnisins MÓTÞRÓI þar sem ungum skáldum býst að skrifa saman yfir eina helgi, í samræðu hvert við annað.	Gröndalshús
9. júní '18	Bræður/Brothers. Frumflutningur á Íslandi á óperunni Bræður eftir Daníel Bjarnason.	Harpa
10. júní '18	R1918. Tíminn fellur saman á Listahátíð í Reykjavík 2018 í fjölmennasta viðburði hátíðarinnar í ár. Reykvíkingar ársins 1918 birtast ljóslifandi víðs vegar um borgina og horfa beint í augun á okkur 100 árum síðar.	Miðborg Reykjavíkur
11.–15. júní '18	Mannfræði fyrir krakka – skapandi vinnusmiðjur (f.h.). Í vinnusmiðjunni verður unnið á skapandi hátt með hugtakið „þjóð“. Börnin skapa eigin texta og myndmál út frá spurningum og umræðukeikjum. Að smiðjunni lokinni verður sett upp sýning á verkum barnanna.	Gerðuberg, menningarmiðstöð

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
11.–15. júní '18	Mannfræði fyrir krakka – skapandi vinnusmiðjur (e.h.). Í vinnusmiðjunni verður unnið á skapandi hátt með hugtakið „þjóð“. Börnin skapa eigin texta og myndmál út frá spurningum og umræðukeikjum. Að smiðjunni lokinni verður sett upp sýning á verkum barnanna.	Borgarbókasafnið, Menn-ingarhús Spönginni
13.–24. júní '18	Hádegisleiðsögn á Kjarvalsstöðum. Sérfræðingar Listasafns Reykjavíkur leiða gesti um sögulegan hluta sýningarinnar Einskismannsland – ríkir þar fegurðin ein?	Kjarvalsstaðir
16. júní '18	Rapp og hipp hopp í Veröld - húsi Vígdísar. Samræða um rapp og hipp hopp og dæmi um ólík birtingarform (h)ljóðlistar.	Veröld – hús Vígdísar
16. júní '18	Rapp- og (h)ljóðlistarhátíð á Vígdísartorgi. Danskir og íslenskir rapparar koma fram og sýna og tjá listir sínar.	Vígdísartorg
17. júní '18	Má þjóða þér til sætis? Hátíðarhöldin við Austurvöll 17. júní. Þeim sem klæðast íslenska þjóðbúningnum er boðið til sætis við hátíðarhöldin á Austurvelli að morgni 17. júní.	Iðnó
17. júní '18	EDDA. Norræna goðafræðin eins og hún hefur aldrei birst okkur áður! Einstakt tækifæri til að sjá stórvirki eins af meisturum nútímaleikhúss á íslensku leiksviði.	Borgarleikhúsið
18. júní '18	EDDA. Norræna goðafræðin eins og hún hefur aldrei birst okkur áður! Einstakt tækifæri til að sjá stórvirki eins af meisturum nútímaleikhúss á íslensku leiksviði.	Borgarleikhúsið
21. júní '18	Heimildarmynd um ferðir danska málara Jóhannesar Larsen um íslenskar sögu-slóðir. Erik Skibsted hefur í samvinnu við Vibeke Nørgaard Nielsen lokið gerð fallegrar heimildarmyndar um ferðir listmálara Jóhannesar Larsen um slóðir Íslendinga sagna. Höfundarnir sýna myndina og færa hana Íslendingum að gjöf á aldarafmæli fullveldisins.	Norræna húsið
23. júní '18	Fullveldisgróðursetning. Skógræktarfélag Íslands býður í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar almenningi að gróðursetja 7.500 trjáplöntur í Sandahlíðinni og mynda þar með Fullveldislund sem mun standa um aldir.	Sandahlíð við Vífilstaðavatn
28. júní '18	HULDA – Hver á sér fegra föðurland. Dagskrá í tali og tónum um líf skáldkonunnar Huldu. Helga Kvam píanóleikari og Þórhildur Örvarsdóttir söngkona flytja lög við texta Huldu.	Hannesarholt
1.–8. júlí '18	Íslenski hesturinn – þjóðarhesturinn – efling og uppgangur við fullveldi. Sýning um íslenska hestinn og hestamennsku, stöðu hestamennsku um fullveldið og framfarasókn á fullveldistímanum.	Við Félagsheimili Fáks á mótssvæði landsmótsins
5. júlí '18	Á slóðum Mánasteins. Ana Stanicevic, Norðurlandafræðingur og þýðandi, leiðir kvöldgöngu Borgarbókasafnsins um slóðir skáldsögunnar Mánasteins eftir Sjón. Sagan gerist í Reykjavík árið 1918, í skugga Kötlugoss, spænsku veikinnar, frostavetrarins mikla og annarra hörmunga.	Borgarbókasafnið Grófinni
7. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – söngnámskeið fyrir áhugafólk. Söngnámskeið fyrir byrjendur. Kennari er Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir.	Hafnarborg
9.–14. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – söngsmiðja fyrir börn. Íslensk þjóðlög. Söngsmiðja fyrir börn á aldrinum 6–12 ára. Undir lok námskeiðsins koma börnin fram á opinberum tónleikum á Sönghátíð í Hafnarborg.	Hafnarborg
10. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – Cantoque. Sönghátíð í Hafnarborg. Sönghópurinn Cantoque flytur íslensk þjóðlög, sum hver í nýjum útsetningum eftir íslensk tónskáld.	Hafnarborg
11. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – baðstofubarokk. Eyjólfur Eyjólfsson, Björk Níelsdóttir og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir flytja íslensk þjóðlög og sönglög í nýjum útsetningum.	Hafnarborg
12. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – masterclasstónleikar. Söngnemendur á masterclassnámskeiði Kristins Sigmundssonar á Sönghátíð í Hafnarborg halda uppskerutónleika með opinberum tónleikum í Hafnarborg. Matthildur Anna Gísladóttir leikur á píanó.	Hafnarborg
13. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – námskeið í íslenskum þjóðlagasöng. Bára Grímsdóttir og Christ Foster í Funa halda námskeið í íslenskum þjóðlagasöng.	Hafnarborg
13. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – Olga Vocal Ensemble. Olga Vocal Ensemble fagnar þekktum kvenkyns listamönnum síðustu 1000 ár með femínískum tónleikum.	Hafnarborg

Dagsetning	Víðburður	Staðsetning
14. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – fjölskyldutónleikar. Bára Grímsdóttir og Christ Foster í Funa koma fram með Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur söngkonu, Francisco Javier Jáuregui gítarleikara og börnum í söngsmíðju á fjölskyldutónleikum.	Hafnarborg
15. júlí '18	Sönghátíð í Hafnarborg – lokatónleikar. Lokatónleikar Sönghátíðar í Hafnarborg eru helgaðir íslenskrí tónlist til að halda upp á 100 ára fullveldisafmæli Íslands.	Hafnarborg
17.–18. júlí '18	Opið skip í Vædderen – ljósmyndasýning. Í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands býður Danska norðurheimskautasérsvéitin, 1. flotaheild og danska sendiráðið á Íslandi gestum að heimsækja danska varðskipið Vædderen sem liggur við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn.	Ægisgarður við Reykjavíkurhöfn
18. júlí–16. desember '18	Lífsblómíð – Fullveldi Íslands í 100 ár. Sýningin fjallar um fullveldi Íslands í 100 ár.	Listasafn Íslands
8. ágúst–9. september '18	Earth Homing: Reinventing Turf Houses. Íslenskir listamenn endurskoða íslenska torfbæinn og sækjast eftir því að endurmeta þessa ríku menningararfleifð. Á sýningunni verða nýleg verk sett í samhengi við mismunandi þætti torfbæjarinnar.	Gróttta
14. ágúst '18	Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur – 1625 – tvær konur. Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk flytur og stendur fyrir tónleikhússýningunni Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur – 1625 – tvær konur.	Hjallakirkja
18. ágúst '18	Fullveldismaraþon ReykjavíkurAkademíunnar. Inntak Fullveldismaraþonsins er að fræðimenn á margvíslegum sviðum fjalli á stuttan og alþýðlegan hátt um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð í tíu klukkutíma samfleytt, hver í sjö mínútur. Hlustendur koma og fara eins og þá lystir.	Klambratún
18. ágúst '18	Menning, tunga og tímagöng til 1918 er sýning þar sem skyggst er inn í íslenskan veruleika ársins 1918 með hjálp sýndarveruleikatækni.	Aðalstræti 10
18. ágúst '18	Árið er 1918 – Í fréttum er þetta helzt! Í hinu sögufræga húsi Aðalstræti 10 verður gestum boðið að hlusta á leikrænan lestur upp úr dagblöðum ársins 1918 í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.	Aðalstræti 10
18. ágúst '18	Þetta er lífið – og om lidt er kaffen klar. Charlotte fjallar um hið margslungna lífshlaup af hjartans einlægni. Hún segir frá á íslensku á milli þess sem hún syngur á dönsku. Höfundur: Charlotte Bøving, undirleikur: Pálmi Sigurhjártarson.	Þjóðminjasafn Íslands
23. ágúst '18	Á slóðum fullveldis. Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur leiðir kvöldgöngu um slóðir sögunnar.	Hist við Hörpu en gengið um miðbæinn
25. ágúst '18	Jakóbínuvaka. Menningarviðburður með tónlist, upplestri og erindum í tilefni 100 ára afmælis Jakobínu Sigurðardóttur skáldkonu (1918–1994).	Iðnó
27. ágúst '18	Minningarganga í tengslum við sýningu um Guðrúnu Lárusdóttur. Minningarganga á útfarardegi Guðrúnar Lárusdóttur og dætra hennar tveggja, Guðrúnar Valgerðar og Sigrúnar Kristínar.	Ás, Sólvallagötu 23, miðbærinn, Þjóðarbókhlaða
31. ágúst '18	Klassíkin okkar – uppáhalds íslenskt. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og RÚV í tilefni 100 ára fullveldisafmælis.	Harpa/RÚV
1. september '18	Leikir barna í 100 ár. Fjölskyldustund þar sem leikir barna verða rifjaðir upp.	Bókasafn Kópavogs og úti-vistarsvæði Menningarhúsin í Kópavogi
5. september – 16. nóvember '18	Köttlugosið – sögunnar minnst. Örsýning.	Bókasafn Seltjarnarness
7.–8. september '18	Fullveldið, háskólinn og framtíðin – gildi háskóla fyrir íslenskt samfélag. Háskóli Íslands stendur fyrir tveggja daga ráðstefnu í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands. Markmið hennar er að varpa ljósi á það hvernig menntun og rannsóknir hafa áhrif á þróun samfélaga og þá ekki síst hvernig unnt er að beita menntakerfi og vísindastarfi til að búa í haginn fyrir áframhaldandi efnahagslega velsæld og farsælt samfélag og styrkja þar með fullvalda lýðræðisríki á Íslandi á 21. öld.	Háskóli Íslands
9. september '18	Eitt og annað um efnisheiminn. Sprengju-Kata veitir fjölskylduleiðsögn um Þjóðminjasafn Íslands í tilefni af fullveldisárinu.	Þjóðminjasafn Íslands

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
14. september '18	Freedom Rokk. Tvær íslenskar og tvær danskar hljómsveitir koma saman á tvennum tónleikum, fyrst í Reykjavík og síðan í Kaupmannahöfn.	Húrra
15. september '18	Leiðsögn um sýninguna Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar, leiðir gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á handritin á sýningunni.	Listasafn Íslands
16. september '18	Leiðsögn um sýninguna Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Dagný Heiðdal, deildarstjóri listaverkadeildar í Listasafni Íslands, og Unnar Ingvarsson, sérfræðingur hjá Þjóðskjalasafni Íslands, leiða gesti um sýninguna þar sem þau leggja sérstaka áherslu á myndlistina og skjölin á sýningunni.	Listasafn Íslands
22. september '18	„Getur allt verið skúlptúr?“ Listsmiðja fyrir alla fjölskylduna óháð tungumáli.	Gerðarsafn
23. september '18	Leiðsögn um sýninguna Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Þórunn Sigurðardóttir, rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar, leiðir gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á handritin á sýningunni.	Listasafn Íslands
30. september '18	Leiðsögn um Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður, leiðir gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á þau skjöl sem þar eru sýnd.	Listasafn Íslands
1.–31. október '18	Mótþrói í Vonarstræti – ný ljóð um fullveldi. Ljóðum verður varpað á Ráðhús Reykjavíkur, Vonarstrætismegin, í hauströkkrunu í októbermánuði. Þau eru afrakstur smíðja sem Bókmenntaborgin Reykjavík stóð fyrir í Reykjavík og á Fljótaldshéraði vorið 2018.	Ráðhús Reykjavíkur
1.–31. október '18	Lesum heiminn – textar um frelsi frá Bókmenntaborgum UNESCO. Í tilefni af 100 ára fullveldi Íslands bregður Bókmenntaborgin Reykjavík á leik með tilvitnunum frá Bókmenntaborgum UNESCO. Textarnir fjalla allir um frelsi og/eða sjálfstæði í sem víðustum skilningi þessara hugtaka og er ætlað að vekja okkur til umhugsunar um hugtakið frelsi og þýðingu þess fyrir okkur sem einstaklinga eða þjóðir.	Ráðhús Reykjavíkur
1. október '18	Mening, tunga og tímagöng til 1918. 360° sýndarveruleikasýning þar sem gestum gefst kostur á að ferðast 100 ár aftur í tímann og skyggjast inn í íslenskan veruleika ársins 1918.	Bíó Paradís - RIFF
1. október '18	Mótþrói – ljóðahátíð og útgáfuhólf. Í tilefni af fullveldisafmæli Íslands hefur Bókmenntaborgin Reykjavík októbermánuð með ljóðaviðburðinum Mótþrói á Iðnó og gefur í leiðinni út tvær ljóðaarkir með ljóðum sem ort voru í tilefni fullveldisafmælisins.	Iðnó
3. október '18	Höfundakvöld með Erik Skyum-Nielsen. Viðburðurinn fer fram á skandinavísku.	Norræna húsið
4. október '18	Höfundakvöld með Hanne-Vibeke Holst og Kristínu Steinsdóttur. Höfundakvöld með Hanne-Vibeke Holst og Kristínu Steinsdóttur. Viðburðurinn fer fram á dönsku.	Norræna húsið
13. október '18	Ættjarðarbræðingur – söngstofa með tónskáldi. Tónskáldið Helgi Rafn Ingvarsson leiðir söngsmíðju fyrir 10 ára og eldri þar sem fjögur ættjarðarlög mynda bræðing.	Salurinn
14. október '18	Tæknin tekin með truckki. Stefán Pálsson, sagnfræðingur, talar um tæknivæðingu á 20. öld og dregur fram ýmsar skondnar hliðar og það sem séríslenskt má teljast í þeim efnum.	Þjóðminjasafn Íslands
14. október '18	Lífsblómið – leiðsögn með listamönnum. Listamennirnir Ólóf Nordal og Pétur Thomsen verða sérstakir gestir þar sem þau munu segja frá verkum sínum á sýningunni.	Listasafn Íslands
17. október '18	Fátækt á fullveldisöld. Morgunverðarfundur EAPN á Íslandi í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt. Fjallað verður um fátækt á Íslandi á fullveldisöld og horft á stöðu þeirra sem eru fátækir og þróun hennar undanfarin 100 ár.	Grand hótél
18.–19. október '18	Hugrekki og sjálfstæði – ritsmíðja fyrir krakka. Ritsmíðja fyrir krakka með Þorgrími Þráinssyni.	Bókasafn Kópavogs
19. október '18	Fullveldi á föstudegi – málþing um kosningar og lýðræði. Þrjú fræðimenn halda stutt erindi sem eru tengd 100 ára afmæli fullveldisins.	Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg
20. október '18	Köttlugosið – vísindasmíðja fyrir krakka. Vöngum velt yfir virkni Kötlu í gegnum tíðina með tilraunum fyrir börn.	Náttúrufræðistofa Kópavogs

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
24. október '18	Málþing um hafnir – forsenda fullveldis þjóðar. Málþing þar sem fjallað er um mikilvægi hafna þegar kemur að fullveldi Íslands.	Grand hótél
26. október '18	Danska nýbylgjan – málþing. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Norræna húsið efna til málþings um nýsköpun í danska kvikmyndageiranum.	Norræna húsið
26. október '18	Þrymskviða eftir Jón Ásgeirsson. Fyrsta íslenska óperan flutt af Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.	Harpa
27. október '18	Þrymskviða eftir Jón Ásgeirsson. Fyrsta íslenska óperan flutt af Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.	Harpa
28. október '18	Fullvalda í 100 ár/Íslensk-tékknesk tónlistarhátíð. Ísland og Tékkland sjálfstæð og fullvalda í 100 ár er samstarfsverkefni íslenskra og tékkneskra tónlistarhópa til að fagna 100 ára sjálfstæði beggja ríkjanna, Íslands og Tékklands, á árinu 2018.	Harpa
28. október '18	Leiðsögn um sýninguna Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, leiðir gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á handritin á sýningunni.	Listasafn Íslands
28. október '18	Í takt við tímenn. Skagfirski kammerkórinn flytur ásamt samstarfskórum verkið Magnificat eftir John Rutter með Sinfóníettu Vesturlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Helga Rós Indriðadóttir sópran og Kolbeinn Ketilsson tenór flytja íslensk einsöngslög.	Langholtskirkja
1. nóvember '18	Skandinavismi og fullveldi. Málþing um sameiningu Norðurlanda og fullveldi Íslands í fortíð og framtíð.	Norræna húsið
2. nóvember '18	Fullveldi á föstudegi – fánamálið. Áhugaverð erindi tveggja fræðimanna og umræður.	Listasafn Íslands
3. nóvember '18	Frá jaðri til miðju – þróun íslenskrar alþýðulistar og staða hennar í dag. Erindi flytja Níels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir, Harpa Björnsdóttir og Margrét M. Norðdahl. Listafólk kynnir verk sín og góðir gestir sitja í pallborði og rýna í stöðu íslenskrar alþýðulistar.	Þjóðminjasafn Íslands
3. nóvember '18	Vísindi og samfélag: Máltækni. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, fer yfir helstu áfanga í íslenskrí máltækni síðastliðin tuttugu ár og reynir að leggja mat á hvernig til hefur tekist.	Háskólinn í Reykjavík
3. nóvember '18	Vaki þjóð: Ævi og störf Þorsteins Valdimarssonar skálds. Á þessum menningarviðburði verða flutt erindi um ævi og verk skáldsins og ljóð og lög hans flutt af tónlistarfólki.	Salurinn, Kópavogi
3. nóvember '18	FJALLKONAN FRÍÐ – EÐA HEFUR HÚN HÁTT? Leikin dagskrá um fjallkonuna, tilurð hennar og tilgang. Brugðið verður upp leiknum atriðum í háalvarlegum léttum dúr til að skyggast inn í heim fjallkonunnar.	Þjóðleikhúskjallarinn
4. nóvember '18	FJALLKONAN FRÍÐ – EÐA HEFUR HÚN HÁTT? Leikin dagskrá um fjallkonuna, tilurð hennar og tilgang. Brugðið verður upp leiknum atriðum í háalvarlegum léttum dúr til að skyggast inn í heim fjallkonunnar.	Þjóðleikhúskjallarinn
10. nóvember '18	FJALLKONAN FRÍÐ – EÐA HEFUR HÚN HÁTT? Leikin dagskrá um fjallkonuna, tilurð hennar og tilgang. Brugðið verður upp leiknum atriðum í háalvarlegum léttum dúr til að skyggast inn í heim fjallkonunnar.	Þjóðleikhúskjallarinn
11. nóvember '18	Á sunnudögum er töluð danska. Leikræn leiðsögn um Árbæjarsafn. Gestir hitta persónur frá árinu 1918 sem segja þeim helstu fréttir úr bæjarlífinu. Leikið verður með dönsk áhrif á íslenskt samfélag og tungumál.	Árbæjarsafn
11. nóvember '18	Fullveldisleiðsögn: Fjölmennning á Fróni. Frú Eliza Reid, forsetafrú, veitir leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands; Þjóð verður til, menning og samfélag í 1200 ár, undir yfirskriftinni Fjölmennning á Fróni.	Þjóðminjasafn Íslands
11. nóvember '18	Lífsblómið – leiðsögn safnstjóra. Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands leiðir gesti um sýninguna Lífsblómið – fullveldi Íslands í 100 ár.	Listasafn Íslands
11. nóvember '18	FJALLKONAN FRÍÐ – EÐA HEFUR HÚN HÁTT? Leikin dagskrá um fjallkonuna, tilurð hennar og tilgang. Brugðið verður upp leiknum atriðum í háalvarlegum léttum dúr til að skyggast inn í heim fjallkonunnar.	Þjóðleikhúskjallarinn
14. nóvember '18	Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd. Fundaröð í tilefni af aldarafmæli fullveldis.	Norræna húsið

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
15. nóvember '18	Norrænt samstarf, staða og tungumál. Norræna félagið í Reykjavík boðar til opins fundar um Norðurlandasamstarf og stöðu skandinavískra tungumála á 100 ára fullveldi Íslands.	Norræna félagið
16. nóvember '18	Umhverfismál á nýrri öld: Viðhorf Íslendinga til loftslags- og orkumála í evrópsku samhengi.	Þjóðminjasafn Íslands
18. nóvember '18	Lífsblómið – leiðsögn um myndlistina á sýningunni. Dagný Heiðdal, deildarstjóri listaverkadeildar Listasafns Íslands, leiðir gesti um sýninguna Lífsblómið – fullveldi Íslands í 100 ár, þar sem hún mun leggja sérstaka áherslu á myndlistina á sýningunni.	Listasafn Íslands
18. nóvember '18	Draumalandið. Tónleikar með íslenskum sönglögum frá 100 ára tíma fullveldisins. Flytjendur Auður Gunnarsdóttir sópran og Eva Pýri Hilmarsdóttir.	Hannesarholt
21. nóvember '18	Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd. Fundaröð í tilefni af aldarafmæli fullveldis.	Norræna húsið
23. nóvember '18	Samtal um fullveldi og þjóðaröryggi. Þjóðaröryggisráð og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands standa í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og Listaháskóla Íslands að málþingi um fullveldi og þjóðaröryggi.	Harpa
24. nóvember '18	Opnun hátíðarsýninga um kirkjur Íslands. Þjóðminjasafn Íslands býður til sýningaropunar. Sýningarnar eru hluti af hátíðardagskrá í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis.	Þjóðminjasafn Íslands
25. nóvember '18	Í fótspor hinna útvöldu. Söguganga með Gunnari Þór Bjarnasyni um slóðir fullveldis í miðbæ Reykjavíkur.	Harpa
26. nóvember '18	Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd. Fundaröð í tilefni af aldarafmæli fullveldis.	Norræna húsið
27. nóvember '18	Vegferð til velferðar – frá konungi til forseta fólksins. Frá konungi til Guðna Th. Jóhannessonar, forseta sem rappar og notar samfélagsmiðla til að vera í sem bestri tengingu við þjóðina.	Norræna félagið
28. nóvember '18	100 íslenskir fánar. Málverkasýning.	Kex hostel
29. nóvember '18	Dönsk-íslensk hönnun – málþing og sýning. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir málþingi um dansk-íslenska hönnun í samvinnu við Epal og sendiráð Dana á Íslandi.	Veröld - hús Vigdísar
29. nóvember '18	Vegferð til velferðar – aðventuboð. Kynning á norrænu jólahaldi liðinna ára.	Norræna félagið
30. nóvember '18	Ísland 1918. Afrakstur þemavinnu nemenda í 1.–6. bekk um fullveldisárið 1918.	Laugarnesskóli
30. nóvember '18	Afmælishátíð Samtaka íslenska Ólympíufara í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Íþróttir og þátttaka Íslendinga í Ólympíuleikum frá 1908 hefur verið mikilvægur þáttur í sjálfstæðisbaráttu og sjálfstæði Íslendinga.	Íþróttamiðstöðin í Laugardal
1. desember '18	Nýjar útgáfur vefjanna bækur.is og hljóðsafn.is. Opnun nýrra útgáfa á tveimur vefjum safnsins til að efla stafrænt aðgengi og miðlun á menningararfinum til þjóðarinnar.	Þjóðarboðkhláðan
1. desember '18	Hjólað um styttnar bæjarins. Listasafn Reykjavíkur býður í samstarfi við Hjólaferni á Íslandi til hjólaferðar með leiðsögn um styttnar bæjarins sem tengjast með ýmsu móti fullveldissögu landsins.	Mæting á Hlemmi
1. desember '18	Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár. Fullveldissýningin.	Listasafn Íslands
1. desember '18	100 ára fullveldisafmæli með stúdentum. SHÍ hvetur nemendur til að hugsa um fullveldisshugtakið út frá mismunandi sjónarhólum.	Háskóli Íslands
1. desember '18	Þjóðbúningana í brúk á aldarafmæli fullveldis Íslands. Aðalstræti 10 verður opið kl. 11–17. Þar verður gestum boðin aðstoð við að klæðast eigin þjóðbúningum fyrir setningu hátíðarhaldanna við Stjórarráðið.	Aðalstræti 10
1. desember '18	Fullveldissöngvar 1918–2018. Íslensk sönglög sem hafa fylgt þjóðinni í 100 ár.	Harpa
1.–2. desember '18	100 íslenskir fánar. Málverkasýningin 100 íslenskir fánar.	Íshúsið, Hafnarfirði
1. desember '18	„Guðfræðisnámið“ – ávarp Haralds Nielssonar. Til að minnast þess að 1. desember er ein og hálf öld liðin frá fæðingu Haralds Nielssonar mun María Ellingsen, langafabarn hans, flytja fyrirlestur hans.	Háskóli Íslands

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
1. desember '18	Með ungum augum (kl. 13). Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
1.–2. desember '18	Hátíð í Hafnarfjarðarkirkju af tilefni 100 ára fullveldi Íslands. Fjölbreytt hátíð með erindum, söng og þjóðbúningasýningu. Þjóðbúningamessa 2. desember.	Hafnarfjarðarkirkja
1. desember '18	Leitin að verki Ásmundar frá 1918 – ratleikur úti og inni. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna.	Ásmundarsafn
1. desember '18	Söguhringur kvenna Listasmiðja. Helga Arnalds og Aude Busson skapa þægilegt umhverfi þar sem konum gefst tækifæri til að kynna hver annarri og sjálfum sér í gegnum listsköpun; skemmtilegar og skapandi æfingar í dansi, teikningu, ljósmyndun og leik sem geta nýst okkur áfram út í lífið.	Borgarbókasafnið Menningarhús Gerðubergi
1. desember '18	Farsæl, fróð og frjáls. Sýningin Farsæl, fróð og frjáls fagnar 100 ára fullveldisafmæli Íslands með feminískum hætti og minnst Huldu skáldkonu. Texti Huldu er útgangspunktur sýningarinnar og mun fara fram m.a. upplestrarmaraþon á ljóðum Huldu skáldkonu.	Rýmd, listagalleri í Breiðholti
1. desember '18	Fullveldiskaffi með Ara Eldjárn. Árbæjarsafn býður gestum safnsins upp á uppistand með Ara Eldjárn ásamt kaffi og kruðeríi undir dönskum áhrifum.	Árbæjarsafn
1. desember '18	Vísindi og samfélag – 100 ára afmæli Vísindafélags Íslendinga. Málþing um vísindi og samfélagslegar áskoranir í fortíð, nútíð og framtíð.	Kjarvalsstaðir
1. desember '18	Opið hús á Alþingi 1. desember í tilefni fullveldisafmælis. Alþingishúsið opið almenn- ingi kl. 13:30–18:00.	Alþingishúsið
1. desember '18	Velkomin um borð – sögusýning Eimskips. Fjölskylduvæn sýning þar sem stiklað er á stóru um sögu Eimskips.	Vöruhótel Eimskips, Sundabakka 2
1. desember '18	VATNIÐ í náttúru Íslands. Náttúruminjasafn Íslands opnar fyrstu stóru sýningu sína, Vatnið í náttúru Íslands. Ókeypis inn á sýninguna 1. og 2. desember í tilefni fullveldisafmælisins.	Perlan
1.–31. desember '18	Fáni fyrir nýja þjóð. Sýningin speglar fortíð og framtíð með því að skoða gamlar og nýjar tillögur að íslenska fánanum.	Harpa
1. desember '18	Ný ásýnd Þjóðminjasafns og ársaðgangur að gjöf til gesta á 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Það tekur tíma að fara í ferðalag sem nær yfir 1200 ár. Nú er miðinn þinn í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið líka árskort. Hann gildir í heilt ár svo þú hefur nægan tíma og ert velkomin/n eins oft og þú vilt.	Þjóðminjasafn Íslands
1. desember '18	Sigt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð – fjölskylduleiðsögn og Þingvallamósa- íksmiðja. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna.	Kjarvalsstaðir
1. desember '18	Nýr heimildavefur Þjóðskjalasafns Íslands opnaður. Í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar opnar Þjóðskjalasafn nýjan heimildavef. Með honum verður bylting í aðgengi að eftirsóttum heimildum. Þúsundir skjalabóka og korta verða birt þar.	Laugavegur 162
1. desember '18	Með ungum augum (kl. 15). Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
1.–16. desember '18	Fullvalda konur og karlar. Ljósmyndasýningin „Fullvalda konur og karlar“ hampar þeim sem börðust fyrir fullveldi og stjórnmálaréttindum Íslendinga, kvenna og karla.	Borgarbókasafn/Menningarhús Grófinni
1. desember '18	SAGATÍÐ – NUTÍÐ. Íslendingasögurnar komu út árið 2014 í nýrri danskri þýðingu, með myndskreytingum myndlistarkonunnar Karín Birgitte Lund. Sýning á verkum hennar fyrir útgáfuna er nú haldin í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands.	Veröld – hús Vigdísar
1. desember '18	Setning fullveldishátíðar. Þjóðinni er boðið að safnast saman framan við Stjórnarráðshúsið þar sem Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, setur fullveldishátíðina formlega. Viðburðurinn er í beinni útsendingu á RÚV.	Við Stjórnarráðshúsið, Lækjartorgi/RÚV
1. desember '18	ÍSLENDINGASÖGUR. Íslendingasögur – símfónísk sagnskemmtun.	Harpa/RÚV
1. desember '18	Fokkað í fullveldinu. Uppistand, spuni, tónlist og kabarett.	Þjóðleikhúsið
2. desember '18	Hátíðarmessa í Dómkirkjunni. Frumflutt verður nýtt verk í tilefni fullveldisafmælisins.	Dómkirkjan í Reykjavík
2. desember '18	Með ungum augum (kl. 13). Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
2. desember '18	Hátíðarmessa tileinkuð minningu Haralds Niélssonar.	Fríkirkjan í Reykjavík
2. desember '18	Með ungum augum (kl. 15). Leikin leiðsögn Leynileikhússins um nýjar hátíðarsýningar og grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
4.–31. desember '18	Sýning á samkeppnisniðurstöðum. Samkeppni um hönnun viðbyggingar við Stjórnarráðshús og skipulag Stjórnarráðsreits.	Safnahúsið við Hverfisgötu
4. desember '18	FULLVELDI ÍSLANDS og atburðir ársins 1918 með Gunnari Þór Bjarnasyni.	Bókasafn Seltjarnarness
4. desember '18	Max Milligan Photo Book Launch. Illustrated lecture and book signing.	Gamla bíó, Reykjavík
5. desember '18	Íslenskir jólasíðir. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Hf, fjallar um íslenska jólasíði í gegnum tíðina.	Bókasafn Kópavogs
9. desember '18	Nú get ég – tónleikhús Töfrahurðar fyrir börn og fullorðna. Hvað er fullveldi og hverju skiptir að vera fullvalda þjóð? „Nú get ég“ er tónleikhús fyrir alla fjölskylduna þar sem sagan frá því að Ísland varð fullvalda er skoðuð á gamansaman hátt, auk þess sem reynt er að svara spurningunni hvað það þýðir að vera fullvalda þjóð.	Harpa - Kaldalóni
9. desember '18	Lífsblómið – leiðsögn sýningarstjóra. Leiðsögn í umsjá Sigrúnar Ölbu Sigurðardóttur um sýninguna Lífsblómið – fullveldi Íslands í 100 ár.	Listasafn Íslands
12. desember '18	Íslensk jólalög – gömul og ný. Hildigunnur Einarsdóttir, mezzosópransöngkona, og Guðrún Dalía Salómons dóttir, píanóleikari, flytja jólatónlist.	Salurinn
12. desember '18	Ísheit Reykjavík opunarhátíð. Ísheit Reykjavík – opunarhátíð með stórverkinu Fórni í framleiðslu Íslenska dansflokksins.	Borgarleikhúsið
16. desember '18	Leiðsögn: Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra gengur með gestum Þjóðminjasafns Íslands.	Þjóðminjasafn Íslands
16. desember '18	Lífsblómið – leiðsögn og síðasta sýningarhelgi. Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, leiðir gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á handritin á sýningunni.	Listasafn Íslands
30. desember '18	Ólafur Jóhann Sigurðsson 100 ára. Í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og við minnumst þess með útgáfu ljóðasafns Ólafs Jóhanns og samkomu í lðnó.	lðnó
26. maí '18–26. maí '19	Kirkjur Íslands: Leitin að klaustrum. Hátíðarsýning vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands og Evrópska menningararfsársins 2018.	Þjóðminjasafn Íslands
24. nóvember '18–28. apríl '19	Kirkjur Íslands: NÆRandi. Myndir af trúarlífi í samtíma.	Þjóðminjasafn Íslands
24. nóvember '18–24. október '19	Kirkjur Íslands: Skrúði og áhöld. Straumar og stefnur. Skrúði og áhöld. Straumar og stefnur. Ný og einstæð yfirsýn hefur fengist yfir kirkjugrípi í friðuðum kirkjum landsins í tengslum við útgáfuna.	Þjóðminjasafn Íslands
24. nóvember '18–28. apríl '19	Kirkjur Íslands: Með augum biskups og safnmanna. Eftir nærri tveggja áratuga vinnu við rannsóknir og útgáfu bókaflöksins Kirkjur Íslands, efnir Þjóðminjasafn Íslands til sýningarinnar Skrúði og áhöld. Straumar og stefnur.	Þjóðminjasafn Íslands

10.2.2. Vesturland

Á Vesturlandi voru 31 verkefni skráð á dagskrárvef afmælisársins.

Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
Dagsetning	Viðburður	Staðsetning
19. apríl '18	Barnamenningarhátíð á Snæfellsnesi, 1. hluti. Opinn safna- og sýningadagur á Snæfellsnesi.	Snæfellsnes
19. apríl '18	Að vera skáld og skapa. Tónleikar þar sem ungir tónlistarnemar flytja eigin verk við ljóð borg-firskra skálda.	Safnahúsið í Borgarnesi
6. maí '18	Ljúflingsmál – útgáfutónleikar. Ljúflingsmál – tónleikar Kammerkórs Norðurlands.	Safnaðarheimilið Vinaminni á Akranesi
6. júní '18	ÚT ÚR SKÁPNUM – ÞJÓÐBÚNINGANA Í BRÚK! Út úr skápnum – þjóðbúningana í brúk! er yfirskrift verkefnis sem Heimilisiðnaðarfélagið stendur fyrir í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins.	Byggaðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
30. júní '18	Skotthúfan 2018. Þjóðbúningahátíðin Skotthúfan í Byggaðsafni Snæfellinga og Hnappdæla.	Byggaðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
